# FRÉTTABLAÐIÐ

270. TÖLUBLAÐ 15. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 18. NÓVEMBER 2015





**Landsliðin saman** Mínútuþögn var við upphaf landsleiks Breta og Frakka á Wembley-leikvanginum í Lundúnum í gær til að minnast fórnarlamba hryðjuverkaárásanna í París á föstudag. Á áhorfendabekkjunum má sjá slagorð Frakklands, Frelsi, jafnrétti, bræðralag. Um var að ræða æfingaleik fyrir Evrópumeistarakeppnina í knattspyrnu í Frakklandi næsta sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA






# Meira en helmingur vill fá nýjan gjaldmiðil

**Yfir 50 prósent vilja nýjan gjaldmiðil. Dósent í hagfræði segir vinsældir krónunnar fylgja hagsveiflu. Krónan ekki verið sterkari gagnvart evru frá hruni.**

**EFNAHAGSMÁL** Helmingur Íslendinga vill taka upp annan gjaldmiðil en íslensku krónuna, án tillits til inngöngu í Evrópusambandið. Þetta sýna niðurstöður skoðanakönnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Þegar einungis eru skoðuð svör þeirra sem afstöðu taka sést að 53 prósent vilja aðra mynt en 47 prósent vilja ekki aðra mynt.

Ásgeir Jónsson, dósent við hagfræðideild Háskóla Íslands, segir niðurstöðurnar ekki koma sér sérstaklega á óvart. „Landsmenn hafa skipst nokkuð í tvo hópa í viðhorfi sínu til krónunnar. Vinsældir íslensku krónunnar fylgja dálítið hagsveiflunni og dala við vaxtahækkanir Seðlabankans eða gengisfall. Ég man eftir mjög ákveðinni evruumræðu upp úr 2000, 2006 og síðan eftir 2008. Fólk væntanlega horfir nú til vaxtamunarins við Evrópu þannig að þetta kemur ekki á óvart.“

Ásgeir segir að upptaka nýrrar myntar fæli í sér mikla kerfisbreytingu og meiri aga í efnahagsmálum þjóðarinnar. „Það felur í sér að það þurfi að taka upp annað vinnulag í ansi mörgu, eins og til dæmis í kjarasamningum þar sem það er ekki hægt að „leiðrétta“ of dýra kjarasamninga með því að lækka gengið,“ segir Ásgeir.

**Vilt þú taka upp annan gjaldmiðil en íslensku krónuna?**




Stjórnvöld hafa áform um lausn á vanda slitabúanna og aflandskróna en minna er rætt um það hvað tekur við því ferli. „Nýtt haftalosunarplan hefur ekki enn komið fram og ekki heldur vegakort yfir það hvernig íslenska myntkerfið verður rekið til framtíðar. Það liggur fyrir að við munum notast við krónuna um eitthvert árabil, sama hvað mönnum finnst um evruna. Og það vantar miklu meiri og jákvæðari umræðu um það hvernig við getum rekið íslenska myntkerfið betur,“ segir Ásgeir

Gengi evrunnar hefur lækkað nokkuð að undanförnu. Gengi krónu gagnvart evru var 140,5 í lok dags í gær og hefur krónan aldrei verið sterkari gagnvart evrunni. Dollarinn hefur hins vegar hækkað töluvert að undanförnu og var 132 krónur við lok dags.

– jhh / sjá Markaðinn

# Mick Jagger hóar í hljómsveitina Kaleo

**LÍFIÐ** Mosfellska sveitin Kaleo á lag í nýjum þáttum sem framleiddir eru af rokkgoðinu Mick Jagger og stjórnuleikstjóranum Martin Scorsese, og er þegar farið að birtast í auglýsingum fyrir þættina. „Þetta kom verulega á óvart, við vorum ekki einu sinni búnir með lagið,“ segir Jökull Júlíusson, söngvari hljómsveitarinnar, sem hafði einungis þrjá daga til að klára lagið og senda það frá sér á miðju tónleikaferðalagi um Bandaríkin.

„Ég varð bara að hoppa inn í næsta hljóðver í Pittsburgh og taka upp sönginn, svo það var óhjákvæmilegt að beila á þrennum tónleikum, því miður, en ég vona að við getum heimsótt þessa staði sem fyrst aftur og bætt þetta upp,“ útskýrir hann, en á meðan flugu félagar hans til New York þar sem drengirnir dvelja nú. – ga / sjá 30

## Fréttablaðið í dag


**MARKÐURINN** Þrír nýir sprotasjóðir hafa verið stofnaðir í ár og er samanlögð fjárfestingageta þeirra 11 milljarðar króna.



**SKOÐUN** Víkingur Heiðar Ólafsson vill að RÚV fái starfsfrið. 14-15

**SPORT** Knattspyrnulandsliðið endaði árið á tapi. 16

**LÍFIÐ** Una Torfadóttir skrifaði ljóðaslammið í atriðinu Elsku stelpur sem sigraði á Skrekk sem fram fór á mánudag. 28-30

**PLÚS SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015




## Veður




**Áfram er spáð** norðaustanátt á landinu víða í dag, 8-13 m/s. Léttskýjað á Suður- og Suðvesturlandi, en él norðan til á landinu og samfelld snjókoma þar um tíma síðdegis. Frost yfirleitt 0 til 8 stig. SJÁ SÍÐU 20

# Fatlaðar konur mótmæla




Hópur fatlaðra kvenna og konur úr kvennahreyfingu Öryrkjabandalagsins lögðu leið sína að ráðuneytum og Alþingi í gær til að krefjast þess að sumardvalarheimilinu Nýja-bæ yrði lokað og að úttekt yrði gerð á sumardvalarstöðum fatlaðra. Grunur leikur á að ofbeldi gagnvart fötluðum konum hafi átt sér stað á Nýja-bæ auk þess sem rannsóknir benda til þess að tíðni ofbeldis gagnvart fötluðum konum sé afar há. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Árásir á búðir flóttafólks orðnar 715

**ÞÝSKALAND** Það sem af er árinu hafa 715 árásir verið gerðar á flóttamannabúðir í Þýskalandi. Bandaríska fréttastofan AP skýrir frá þessu.

Árásum þessum hefur fjölgað jafnt og þétt eftir því sem liðið hefur á árið. Í janúar voru þær ein á dag að meðaltali en eru nú komnar upp í þrjár á dag að meðaltali. Alls fólust 56 þessara árása í íkveikjum og í átta tilvikum voru gerðar tilraunir til íkveikju.

AP vitnar í tölur frá þýsku lögreglunni, en til samanburðar voru gerðar 199 slíkar árástir sama tímabil á síðasta ári, það er frá ársbyrjun til 16. nóvember.

> Við megum ekki líða ofbeldi og hatur
>
> Thomas de Maiziere innanríkisráðherra Þýskalands

Í síðasta mánuði sagði Thomas de Maiziere, innanríkisráðherra Þýskalands, að allar þessar árásir á flóttafólk væru Þýskalandi til skammar.

„Við verðum að berjast fyrir því að fólk einfaldlega segi ekki og geri ekki ákveðna hluti. Við megum ekki líða ofbeldi og hatur,“ sagði de Maiziere.

Að sögn þýsku lögreglunnar standa hægri öfgamenn á bak við 640 af þessum 715 árásum, en ekki er vitað um ástæður 75 árásanna.

Þá segist þýska lögreglan ekki hafa haft fyrirfram neina vitneskju um tvo af hverjum þremur þeirra einstaklinga, sem sakaðir eru um aðild að þessum árásum. **– gb**

**64**

árásanna fólust í íkveikjum eða tilraunum til íkveikju

# Sterkur grunur um sprengju í Hannover

**ÞÝSKALAND** Grunur lék á að sjúkrabíl fullum af sprengiefni hefði verið komið fyrir við knattspyrnuleikvang í Hannover í gærkvöldi. Sá grunur hafði ekki verið staðfestur þegar Fréttablaðið fór í prentun í gær.

Lögregla í Hannover hafði sterkan grun um að árás yrði hugsanlega gerð inni á leikvanginum.

Vináttulandsleikur Þýskalands og Hollands átti að fara fram í gær en honum var aflýst og leikvangurinn rýmdur. Angela Merkel Þýskalandskanslari átti að vera viðstödd leikinn. Enginn hefur verið handtekinn og ekkert sprengiefni hefur fundist.

Tónleikastaður í borginni var einnig rýmdur. Þá fannst grunsamlegur hlutur inni á aðallestarstöðinni og var henni lokað að hluta. **– srs**

# Vífguma, unnust, bur og vin meðal hýryrða

**Eitt markmið Hýryrða var að vekja fólk til umhugsunar um tvíhyggjuna í íslensku. Kynjuð fornöfn og lýsingarorð úthýsa fólki sem skilgreinir sig án kyns.**

**SAMFÉLAG** Niðurstöður úr Hýryrðum 2015, nýyrðasamkeppni Samtakanna 78 voru kynntar á mánudag á degi íslenskrar tungu.

Hátt í 400 orð bárust dómnefndinni sem var skipuð bæði einstaklingum úr fræðasamfélaginu og fólki úr hinsegin samfélaginu.

„Frá upphafi reyndum við að detta ekki í þann farveg að það yrði að vera eitthvert orð sem stæði upp úr,“ sagði Unnsteinn Jóhannsson, einn skipuleggjenda Hýryrða, þegar tillögurnar voru kynntar á mánudaginn.

„Ástæðan er sú að það hefði myndað óþarfa pressu og væntingar sem hefði getað valdið því að í dag værum við að skila orðum sem engin væru í raun sátt við,“ sagði hann.

Unnsteinn segir að með Hýryrðum sé ekki verið að þvinga neinn til að nýta sér nýyrðin heldur væru þau tillögur að orðum í íslenska tungu. Hver og einn á rétt á að skilgreina sjálfan sig og beita skilgreiningum eftir eigin höfði,“ segir Unnsteinn.

Dómnefndin leitaði eftir tillögum að íslenskum orðum yfir ýmis konar kynhneigð, kynvitund, kyntjáning og ókyngreind frændsemisorð.

„Við teljum að Hýryrði hafi vakið góða athygli og einmitt opnað umræðuna,“ segir hann.

Alda Villiljós er eitt þeirra sem átti hugmyndina að Hýryrðum. Hán er ánægt með tillögur dómnefndar sem snúa að kynhlutlausum fornöfnum og öðrum orðaflokkum.

„Þetta er náttúrulega ótrúlega mikilvægt fyrir okkur sem skilgreinum okkur ekki sem karlkyn eða kvenkyn því að annars passa þessi hefðbundnu orð ekki við. Ef það eru ekki til orð sem passa í orðaforðann þá er í raun verið að úthýsa okkur úr samfélaginu,“ segir hán.

### Meðal tillagna frá dómnefnd

**ÍSLENSK HÝRYRÐI**

**Androgynous** Dulkynja eða vífguma

**Ókyngreind frændsemisorð** Kærast – yfir kærasti eða kærasta og unnust yfir unnustu eða unnusta

**Bur** Sonur/dóttir

**Asexual** Eikynhneigður eða ókynhneigður

**Bigender og genderfluid** Tvígerva og flæðigerva

**Pangender** Algerva

**Non-binary** Frjálsgerva

**Agender** Eigerva eða ógerva

> Ef það eru ekki til orð sem að passa í orðaforðann þá er í raun verið að úthýsa okkur úr samfélaginu
>
> Alda Villiljós eitt þeirra sem átti hugmyndina að Hýryrðum



> Við teljum að Hýryrði hafi vakið góða athygli og einmitt opnað umræðuna.
>
> Unnsteinn Jóhannsson einn skipuleggjenda Hýryrða 2015



Alda segir íslenskan orðaforða gera ráð fyrir of miklum kynjuðum orðum, tvíhyggjan ræður ríkjum.

„Ég bjó erlendis í nokkur ár og stór hluti af því að ég vildi ekki flytja til baka var að það voru ekki til orð fyrir mig í orðaforðanum.“

Hán bjó í Svíþjóð og þá voru öll kynlausu fornöfnin að koma inn og allir þekktu til þeirra. Alda segir að þetta hafi gerst hægt í Svíþjóð en fornöfn á borð við hán eða hen á sænsku hafi verið innleitt inn í orðabók fyrir nokkrum árum. Hán segir að einstaklingar innan málvísindasamfélagsins hafi tekið afar vel í að innleiða þessa nýjung í orðaforðann.

„Mín reynsla er að flestir eru jákvæðir en skiljanlega finnst sumum það erfitt að taka upp nýjan orðaforða. Það erfiðasta við þetta ókyngreinda tungumál eru lýsingarorðin út af því að fólki finnst svo erfitt að tala um einhvern í hvorugkyni. Það er náttúrulega bara vani og það tók mig til dæmis langan tíma að venjast því.“

**stefanrafn@frettabladid.is**






VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR Á NÝJUM BMW X1

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Grímsey komin í var eftir ákvörðun um stuðningsaðgerðir

**BYGGÐAMÁL** Ríkisstjórn Íslands samþykkti á fundi sínum í gær margþættar aðgerðir til að bjarga byggð í Grímsey. Byggðarlaginu verði gefinn aukinn kvóti frá ríkinu, samgöngur bættar til og frá eynni og endurmetinn verði kostnaður við húshitun í eynni.

Hinn 20. ágúst sl. samþykkti ríkisstjórn Íslands, að tillögu forsætisráðherra, að setja á laggirnar vinnuhóp til að skoða stöðu Grímseyjar. Hún komst að þeirri niðurstöðu að mikilvægt væri að Íslandsbanki, Akureyrarkaupstaður, Byggðastofnun og ríkissjóður kæmu að sameiginlegri lausn. Lagði vinnuhópurinn til aðgerðir sem myndu kosta um 500 milljónir króna árlega.

„Ég hef trú á að með þessum aðgerðum sem nú liggja fyrir og byggja að talsverðu leyti á tillögum heimamanna verði unnt að styðja við áframhaldandi búsetu í þessari nyrstu byggð landsins. Sérstaða eyjunnar er óumdeild," sagði Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra í tilkynningu.

Bæjarstjórn Akureyrar fagnar þeirri niðurstöðu ríkisstjórnarinnar að grípa til aðgerða í því skyni að treysta áframhaldandi byggð í Grímsey. Í bókun sem bæjarstjórn samþykkti í gær kemur fram að mikilvægt sé að allir hjálpist að til að viðhalda byggðinni. „Akureyringar hafa lagt áherslu á að ríkið komi að málum ásamt sveitarfélaginu til að styrkja forsendur búsetu í Grímsey og hefur jákvæð niðurstaða nú fengist í málið. Sérstaða byggðar í Grímsey er óumdeild og því brýnt að allir leggist á árarnar til að skjóta styrkum stoðum undir búsetu þar til frambúðar eins og ríkisstjórn Íslands hefur nú ákveðið að gera," segir í ályktun bæjarstjórnar Akureyrar.

> Þetta er gleðidagur fyrir okkur Akureyringa að ríkisstjórn hafi ákveðið að ganga til verka við að viðhalda byggð í Grímsey.



Guðmundur Baldvin Guðmundsson, formaður bæjarráðs Akureyrar

Guðmundur Baldvin Guðmundsson, formaður bæjarráðs Akureyrarkaupstaðar, segir gleðiefni að ríkisstjórnin hafi tekið þessa ákvörðun. „Þetta er gleðidagur fyrir okkur Akureyringa að ríkisstjórnin hafi ákveðið að ganga til verka við að viðhalda byggð í Grímsey. Við höfum alltaf sagt að það þurfi samstillt átak til að ná lendingu í málinu," segir Guðmundur Baldvin.**– sa**

## Grunaður nauðgari kærir nauðgun

**LÖGREGLUMÁL** Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson lögmaður hefur lagt fram kæru um kynferðisbrot fyrir hönd umbjóðanda síns. Umbjóðandinn hefur verið kærður fyrir að nauðga konunni sem nú er kærð.

Fréttablaðið greindi frá því á dögunum að tvær konur hefðu kært manninn fyrir nauðgun. Önnur nauðgunin á að hafa átt sér stað eftir bekkjarskemmtun nemenda í Háskólanum í Reykjavík og sú seinni eftir sama tilefni nokkrum dögum síðar. Tveir menn eru kærðir fyrir seinni nauðgunina en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru tæki og tól sögð hafa verið notuð við meintan ofbeldisverknað.

Þá kærði Vilhjálmur, fyrir hönd umbjóðanda síns, konuna fyrir rangar sakargiftir. Verjandi og réttargæslumaður konunnar, Jóhanna Sigurjónsdóttir, hefur sömuleiðis kært Vilhjálm fyrir að leka gögnum málsins til fjölmiðla. Kæra Vilhjálms nú er því í raun fjórða kæran í nauðgunarmálinu sem hefur fengið mikla umfjöllun í fjölmiðlum. **– snæ**

## Stolið úr kirkjum

**LÖGREGLUMÁL** Þjófnaður úr Keflavíkurkirkju var nýverið tilkynntur til lögreglunnar á Suðurnesjum.

Þaðan var saknað fartölvu og skjávarpa sem höfðu verið geymd á skrifstofu í kirkjubyggingunni. Þarna höfðu óprúttnir aðilar verið á ferð og látið greipar sópa. Lögreglan á Suðurnesjum rannsakar málið.

Þetta er í annað sinn í mánuðinum sem þjófar láta greipar sópa í kirkju en kirkjugestir í Áskirkju urðu fyrir barðinu á þjófi í miðri útför nýverið. **– kbg**

# Notaðir eru drónar til að leita úr lofti meðfram ströndum

Harðar Björnssonar er enn leitað af lögreglu. Drónar eru notaðir til að leita meðfram ströndum. Hann hefur verið týndur í rúman mánuð. Lögregla segir ekki útilokað að hann haldi til á höfuðborgarsvæðinu.

**LÖGREGLUMÁL** Leitin að Herði Björnssyni hefur enn engan árangur borið. Ágúst Svansson, aðalvarðstjóri hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, heldur utan um leitina og segir auðvelt að fela sig á höfuðborgarsvæðinu. Enn sé aðeins rúmur mánuður síðan hann hvarf og því ekki útilokað að hann haldi einhvers staðar til. „Það kom mér í raun á óvart eftir því sem leið á leitina hversu margir staðir eru á höfuðborgarsvæðinu sem hægt er að halda til á. Við erum alltaf að benda á að það er hér fjöldi útihúsa, sumarbústaða, skipa og báta þar sem fólk getur haldið til."

Ágúst segir nánast útilokað að hann hafi komist úr landi. „Hann var allslaus þegar hann hvarf, ekki með debetkort eða vegabréf eða nokkuð slíkt."

**Leitað með drónum við strendur**

Þótt björgunarsveitir haldi ekki úti skipulegri leit þá vakta þær leit að Herði í útköllum sínum. Þá er leitað meðfram ströndum með drónum. „Leitin er búin að vera mjög víðtæk. Við erum hættir formlega að leita með björgunarsveit en erum með vöktun, þegar björgunarsveitir fara í útköll þá hafa meðlimir augun opin. Við erum einnig að fara meðfram ströndum með drónum. Hún er verst fyrir aðstandendur, þessi bið. Ég er svo þver, maður reynir til þrautar að hafa uppi á honum, það er ekki hægt að setja sig í spor aðstandenda sem upplifa það að barnið þeirra er horfið. Það vakna svo margar spurningar sem er ósvarað, er hann virkilega sjálfur að fela sig? Er einhver að hjálpa honum? Hvert einasta púsl inn í heildarmyndina færir okkur nær einhverjum svörum."

> Það kom mér í raun á óvart eftir því sem leið á leitina hversu margir staðir eru á höfuðborgarsvæðinu sem hægt er að halda til á.

Ágúst Svansson, aðalvarðstjóri hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu

Lögregla hefur unnið að leitinni í góðu samstarfi við aðstandendur og leitað upplýsinga hjá vinum og kunningjum en án árangurs. „Vinir og aðstandendur eru samvinnufúsir og reyna að aðstoða við leitina eins og þeir geta. Ég held að enginn sé svo illa innrættur að fela hann á meðan hans er svo ákaft leitað."

**Engar vísbendingar**

Harðar hefur verið leitað síðan 14. október og engar vísbendingar hafa borist um ferðir hans. Vísbendingar sem hafa borist hafa leitt til manna líkra honum í útliti. Um tvö hundruð manns hafa komið að leitinni og Ágúst biðlar enn til fólks að hafa augun opin. Hörður er 188 cm á hæð, grannur, ljóshærður með rautt skegg. Síðast sást til hans á Laugarásvegi í Reykjavík um kl. 04.00 þann fjórtánda október.

**kristjanabjorg@frettabladid.is**



Hörður Björnsson hefur verið týndur í rúman mánuð en lögreglan gefst ekki upp á leitinni.









# Vilja gæða fúkyrðaflóruna lífi

**SAMFÉLAG** „Það er fallegt að kunna að blóta á okkar ástkæra, ylhýra móðurmáli. Það er bragur yfir slíku blóti," segir Hafþór Sævarsson, nýkjörinn formaður Hins íslenska fúkyrðafélags.

Félagið var stofnað á degi íslenskrar tungu og markmið þess er að vernda, efla og dýpka flóru íslenskra fúkyrða og treysta hlutverk íslenskrar tungu við tjáningu dólgsháttar og dónaskapar.

Hafþór segist uggandi yfir stöðu fúkyrða. „Við viljum viðhalda þeim góðu fúkyrðum sem þjóðin hefur varðveitt. Ásamt því leggjum við til að allir leggi hönd á plóg við nýyrðasmíð. Ávallt er sárt að sjá fallega hugsun í lörfum. Þá þarf að vanda til verka og skiptir góð umgjörð því miklu. Þar af leiðandi var stofnun félagsins lykilatriði."

Spurður út í ágæt íslensk fúkyrði nefnir Hafþór meðal annars orðin flautakollur og fúlmenni, roluskaft og rolumenni. „Annars er orðið á götunni að ballarseðir og syndaselur séu í hávegum bakkabræðra höfð um þessar mundir." En er félagið að hvetja til þess að almenningur brúki ljótan munnsöfnuð í meira mæli?

„Lengi skal manninn reyna að þurfa að hlusta á ljót fúkyrði," segir Hafþór „Það munum við ekki lengur láta sem vind um eyrun þjóta. Dónaskapinn má þó í það minnsta klæða þannig að hægt er að una við að þurfa að hlusta á slíkan ósið." **– srs**



Fólk er mislagið við að tvinna saman kjarnyrt fúkyrði, auk þess sem smekkur fólks fyrir slíku er misjafn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Við viljum viðhalda þeim góðu fúkyrðum sem þjóðin hefur varðveitt



Hafþór Sævarsson, formaður Hins íslenska fúkyrðafélags

BEIN LEIÐ Í 40 ÁR

1975 | Bílabúð Benna | 2015

CHEVROLET






*SPARK LT*

# *1.990.000 KR.*

*AÐEINS 10% ÚTBORGUN: 199.000 KR.*

## SAMANBURÐURINN SEGIR ALLT!

# VINSÆLASTUR Á ÍSLANDI!

2015 IIHS TOP SAFETY PICK

Spark hefur verið mest seldi bíll síðustu ára í sínum stærðarflokki á Íslandi. Spark er með flottan staðalbúnað og jafnframt á ótrúlega hagstæðu verði. Þess vegna hvetjum við þig til að gera samanburð á verði og búnaði bíla í sama flokki og fá meira fyrir peninginn.

Bílaöryggisstofnun Bandaríkjanna kynnti nýlega niðurstöður sínar úr árekstraprófun smábíla fyrir árið 2015. Spark stóðst hámarks öryggiskröfur stofnunarinnar „Top Safety Pick“ annað árið í röð.

**Staðalbúnaður í Spark LT**

- 1,2 l bensín vél - 82 hö
- 14” álfelgur
- Bluetooth símabúnaður
- Akstурstölva
- Aðgerðastýri
- Skynvædd gírskiptingabeiðni
- Hiti í sætum
- Hiti í speglum
- Rafstýrðir hliðarspeglar
- Loftkæling (A/C)
- Útvarp, CD, iPod og USB tengi
- 4 hátalarar
- ESC stöðugleikakerfi
- ABS hemlar
- 6 loftpúðar (gardínur)
- Styrktarbiti í hurðum
- Diskabremsur að framan
- Bremsuljós við afturglugga
- Barnalæsing í afturhurðum
- Öryggisvari á bílbeltum í aftursætum
- ISOFIX öryggisfestingar
- 3 punkta öryggisbelti fyrir 5
- Langbogar á þaki
- Hæðastilling á framljósum
- Útihitamælir
- Frjókornasía
- Klukka
- Margspegla póluð aðalljós
- Glasa- og flöskuhaldari milli framsæta
- Flöskuhaldari í framhurð
- Bílstjórasæti hæðastillanlegt
- Aftursæti fellanleg 60/40
- Samlitur á speglum/hurðahúnum
- Veltistýri
- Krómgrill
- Ljóskastarar
- Vindskeið að aftan
- Fjarstýrðar samlæsingar
- Rafmagn í afturrúðu

Bílabúð Benna áskilur sér rétt til breytinga á verði og búnaði án fyrirvara. Bíll á mynd Chevrolet Spark LT.

**Nánari upplýsingar á benni.is. Verið velkomin í reynsluakstur.**

Opið alla virka daga frá 9 til 18
Laugardaga frá 12 til 16 í Reykjavík
Laugardaga frá 10 til 14 í Reykjanesbæ

**Reykjavík**
Tangarhöfða 8
Sími: 590 2000

**Reykjanesbær**
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

**Akureyri**
Glerárgötu 36
Sími: 461 3636

Bílabúð Benna
Bein leið í 40 ár



Aftur skelfur jörð við Bárðarbungu. FRÉTTBLAÐIÐ/EGILL

## Funda vegna skjálfta í Bárðarbungu

**NÁTTÚRA** Aukin jarðskjálftavirkni í og við Bárðarbungu á síðastliðnum tveimur vikum verður rædd á fundi vísindamannaráðs Almannavarna í dag. Þar bera vísindamenn saman bækur sínar þar sem hugsanlegar ástæður hennar verða ræddar.

Samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofu Íslands hefur smáskjálftum á svæðinu fjölgað nokkuð – en mikil smáskjálftavirkni var á svæðinu dagana og vikurnar eftir að eldgosinu í Holuhrauni lauk. Úr henni dró jafnt og þétt en hún hefur aukist aftur með tveimur jarðskjálftum sem mældust yfir þrjú stig – 3,1 í síðustu viku og 3,2 um miðjan dag á mánudag.

Eldgosið í Holuhrauni stóð í hálft ár – hófst þann 31. ágúst 2014 og goslok voru tilkynnt 28. febrúar síðastliðinn. Fjöldi mælitækja er við eldstöðina vegna verkefnisins FutureVolc, en umbrotin voru skráð af nákvæmni af vísindamönnum verkefnisins. – shá

## Með fórnargjöfina



Hindúar fögnuðu sólarupprás og sólsetri á trúarhátíðinni Chhath Pooja í Nýju-Delí á Indlandi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Segir HSU ekki standa við samninga

**Heilsugæslunni á Hvolsvelli var lokað vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Nú sést að ekkert var gert. Sveitarstjórinn er ósáttur.**

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Íbúar á Hvolsvelli og nærsveitum eru ósáttir við opnunartíma heilsugæslunnar í bænum. Heilsugæslan var lokuð frá því í júní og þar til nýverið vegna fyrirhugaðra framkvæmda sem síðan urðu aldrei að veruleika. Ísólfur Gylfi Pálmason, sveitarstjóri Rangárþings eystra, telur einnig heilbrigðisstofnun Suðurlands ekki standa við samninga sem gerðir hafa verið.

Á hverju sumri er annaðhvort heilsugæslunni á Hvolsvelli eða á Hellu lokað til að nýta betur mannskap og minnka sumarafleysingar. Í sumar var heilsugæslunni á Hvolsvelli lokað en í stað þess að opnað væri aftur 1. september eins og verið hefur síðustu ár var ekki opnað fyrr en í byrjun vikunnar. Einnig var opnunartíminn styttur og aðeins opið þrjá daga í viku.

Ástæður þess að ekki var opnað fyrr en núna í vikunni voru þær að fyrirhugaðar voru framkvæmdir við húsnæði heilsugæslunnar. Í ljós kom að engar framkvæmdir við húsnæðið hafa verið unnar á þessum tíma.

Hjörtur Kristjánsson, framkvæmdastjóri lækninga á HSU, segir það ekki hafa komið til af góðu að ekki hafi verið framkvæmt við heilsugæsluna. „Það stóð til að breyta húsnæðinu en við fengum ekki verktaka í þetta. Síðan verður tíminn að leiða í ljós hvenær við getum farið í þessi verk.“

Ísólfur Gylfi segir tvo verktaka á Hvolsvelli með samninga við Ríkiskaup en Heilbrigðisstofnunin hafi rætt við hvorugan. „Sveitarfélagið er einnig með samning við heilsugæsluna um að starfsmenn geti mætt milli átta og níu á morgnana og sveitarfélagið greiðir fyrir þá þjónustu. Það er ekki verið að standa við þá samninga með því að stytta opnunartímann,“ segir Ísólfur Gylfi.

Ísólfur Gylfi minnir á að sveitarfélagið hafi sent frá sér harðorða ályktun um stöðu heilsugæslunnar og þrýstir á Heilbrigðisstofnunina að lengja opnunartímann á ný. Íbúar séu margir hverjir ósáttir við þessa skertu þjónustu sem komi sér verst fyrir þá íbúa sem búa á svæðinu.

sveinn@frettabladid.is

> Sveitarfélagið er einnig með samning við heilsugæsluna um að starfsmenn geti mætt milli átta og níu á morgnana og sveitarfélagið greiðir fyrir þá þjónustu.
>
> Ísólfur Gylfi Pálmason, sveitarstjóri Rangárþings eystra



SIMPLY CLEVER

ŠKODA




Íslendingar elska Skoda enda eru vandfundnari bílar sem henta íslenskum fjölskyldum betur. Þeir eru einstaklega rúmgóðir, sparneytnir, endingargóðir og frábærir í endursölu. **Komdu við hjá okkur í Heklu og prófaðu skemmtilega Skoda.**

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

www.skoda.is


Fylgstu með á Facebook
– Lindex Iceland
Náttföt,
2995,–
Christmas Moments
LINDEX

# Sagði Stím-kaupin vera óverjandi

**DÓMSMÁL** Magnús Pálmi Örnólfsson, fyrrverandi starfsmaður Glitnis, segist hafa haft frumkvæði að því að hann nýtur friðhelgi í Stím-málinu hvað varðar saksókn. Þetta kom fram í vitnaleiðslum yfir honum í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Magnús var ósáttur við kaup eins fagfjárfestasjóðs Glitnis á skuldabréfi sem útgefið var af Stím og tilkomið vegna eins milljarðs króna láns Sögu Capital til félagsins. Hann hefði þrátt fyrir þetta keypt bréfið samkvæmt fyrirmælum frá Jóhannesi Baldurssyni, yfirmanni sínum, sem ákærður er fyrir umboðssvik vegna skuldabréfsins, og bar Magnús í raun vitni gegn honum.



Frá þinghaldi í héraðsdómi í svokölluðu Stím-máli. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Magnús kvaðst upphaflega hafa ætlað að verjast því ef skuldabréfakaupin kæmu til rannsóknar hjá sérstökum saksóknara. Hann gerði það í fyrstu tveimur yfirheyrslunum hjá embættinu síðla árs árið 2010 en eftir yfirheyrslu 2011 breyttist staðan: „Ég var kominn út í horn. Það var ekki hægt að verja kaupin á þessu skuldabréfi, það var ekki séns.“

Hann ákvað svo að „hætta þessu rugli“, eins og hann orðaði það.

„Svo ég óska eftir fundi með sérstökum og tilkynni þeim að ég ætli að leggja spilin á borðið. Ég óskaði eftir friðhelgi ef það væri mögulegt en það var ekki skilyrði.“ – skh


[90 MÍNÚTUR]

HVERT FARA PENINGARNIR ÞÍNIR?





Katrín Júlíusdóttir, varaformaður Samfylkingarinnar
Ásta Guðrún Helgadóttir, þingmaður Pírata
Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins
Brynhildur S. Björnsdóttir, stjórnarformaður Bjartrar framtíðar
Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og varaformaður Framsóknarflokksins
Bjarkey Ólsen Gunnarsdóttir, þingmaður Vinstri grænna

OPINN UMRÆÐUFUNDUR UM FJÁRMÁL RÍKISINS, MIÐVIKUDAGINN 18. NÓVEMBER KL. 15-16.30 Í NORÐURLJÓSUM Í HÖRPU.

**Á Alþingi er nú rætt um hvernig nærri 700 milljörðum verður varið á næsta ári.**

Hvað færðu fyrir skattana þína og hver er forgangsröð stjórnmálamanna?
Hvernig er hægt að byggja upp innviði samfélagsins?
Hvað greiða fyrirtækin í ríkiskassann og hversu mikið ættu þau að greiða?
Hvað bíður okkar í framtíðinni?

**Þátt taka fulltrúar stjórnmálaflokkanna á Alþingi:**

Samfylkingin · Píratar · SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN · BJÖRT FRAMTÍÐ · FRAMSÓKNARFLOKKURINN · VINSTRI GRÆN

**Björgólfur Jóhannsson**, formaður SA, setur fundinn.
**Þorsteinn Víglundsson**, framkvæmdastjóri SA, stýrir umræðunum.

Fundargestir fá eintak af greiningu efnahagssviðs SA á fjármálum ríkisins.

Kaffi og með því frá kl. 14.30.

FUNDURINN VERÐUR SÝNDUR BEINT Í SJÓNVARPI ATVINNULÍFSINS Á VEF SA.

SA

Vinsamlegast skráið þátttöku á www.sa.is




Í fyrra voru nemendur yfir 25 ára 17,4 prósent í framhaldsskólum. Í ár eru þeir 15,4 prósent nemenda. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Breytingin í bóknámi 40%

**Heildarfjöldi skráðra nemenda í framhaldsskólum er talsvert minni milli ára. Á einu ári hefur nemendum fækkað um þúsund í starfs- og listnámi. Nemendum eldri en 25 ára hefur fækkað um 17 prósent.**

**MENNTAMÁL** Framhaldsskólanemum hefur fækkað um ríflega 1.600 á milli ára. Nemendum sem eru eldri en 25 ára í framhaldsskólum hefur fækkað um 742 og skýrir því brotthvarf þeirra tæplega helming fækkunar. Mesta fækkun eldri nemenda er á bóknámsbraut eða um fjörutíu prósent á einu ári.

Oddný Harðardóttir, þingmaður Samfylkingar, segir fækkun eldri nemenda í framhaldsskólum alvarlegt mál. Hún segir hana afleiðingu takmarkana í fjárlagafrumvarpinu fyrir 2015. Í frumvarpinu var ekki gert ráð fyrir nemendum sem eru eldri en 25 ára á bóknámsbrautum í framhaldsskólum. Skólum var aftur á móti ekki bannað að taka inn eldri nemendur ef þeir höfðu pláss fyrir þá.

> Við sem þjóð eigum að hvetja fólk til að ná sér í menntun. Þetta er ekki menntastefna sem mér líkar.
>
> Oddný Harðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar



„Skilaboðin til eldri nemenda voru skýr. Ef þið viljið fara á bóknámsbraut þá farið þið á Bifröst, Keili eða HR þar sem þarf að borga hundruð þúsunda fyrir önnina,“ segir Oddný. Á heimasíðum skólanna kemur fram að ein önn kosti 85 til 225 þúsund. Þar fyrir utan þarf fólk að hafa lokið talsverðu námi á framhaldsskólastigi til að fá inngöngu í námið í þessum skólum.

Oddný segir það staðreynd að kostnaður og flutningar fæli einhverja frá námi. „Tökum sem dæmi einstæða móður í Fjallabyggð sem hefði getað fyrir breytingu gengið yfir götuna og farið á bóknámsbraut í Menntaskólanum á Tröllaskaga. Fyrir utan mun hærri skólagjöld þarf viðkomandi að rífa sig upp og flytja með tilheyrandi kostnaði til að ná sér í viðbótarmenntun.“

Oddný segir að verið sé að gera fólki erfitt fyrir. „Við sem þjóð eigum að hvetja fólk til að ná sér í menntun. Þetta er ekki menntastefna sem mér líkar.“

Athygli vekur að mesta heildarfækkun framhaldsskólanemenda er á starfs- og listbrautum. Nemendum hefur fækkað um þúsund milli ára eða um tæplega tólf prósent, þrátt fyrir mikla umræðu síðustu ár um skort á iðn- og tæknimenntuðu starfsfólki. Nemendur sem eru eldri en 25 ára skýra eingöngu tæplega þriðjung fækkunar nemenda.

Í talnaefni Hagstofu Íslands koma ekki fram sveiflur í árgöngum sem gætu skýrt fækkun framhaldsskólanema milli ára. erlabjorg@frettabladid.is

## Framhaldsskólanemendum fækkar milli ára






brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

ford.is

Ný kynslóð Ford Focus státar af fjölmörgum tækninýjungum. Þar má nefna Torque Vectoring Control sem tryggir akstursánægju þína. Eins má nefna endurbætta Bílastæðaaðstoð (aukabúnaður) sem nú leggur bæði í stæði sem eru samhliða og þvert á aksturssteftnu. Að auki er nú fáanlegt GPS leiðsögukerfi með Íslandskorti. Ford Focus er jafnframt eini bíllinn sem hefur hlotið fjögur öryggisverðlaun frá Euro NCAP. Nýi Ford Focus hlaut einnig titilinn „Besti bíllinn" í flokki meðalstórra fjölskyldubíla eftir að hafa fengið fullt hús stiga í öryggis- og árekstraprófunum Euro NCAP.

Ford Focus, EcoBoost bensín 125 hö. 6 gíra beinskiptur/sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,7/5,5 l/100 km. $CO_2$ losun 108/125 g/km.
Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

# Styrkur afgreiddur með stuðningi minnihlutans

**SVEITARSTJÓRNIR** Skógarmenn KFUM fá tvö hundruð þúsund króna styrk til að ljúka byggingu Birkiskála II, æskulýðsmiðstöðvar fyrir börn og ungmenni í Vatnaskógi. Styrkurinn var samþykktur með aðeins tveimur atkvæðum; Theódóru Þorsteinsdóttur, forseta bæjarstjórnar úr Bjartri framtíð, og Birkis Jóns Jónssonar úr Framsóknarflokki, sem tilheyrir minnihlutanum í bæjarstjórn Kópavogs. Hinir þrír bæjarráðsmennirnir sátu hjá við afgreiðsluna.

Í umsögn Páls Magnússonar bæjarritara sem lögð var fyrir bæjarráð var mælt með að styrkurinn yrði samþykktur. „Í Vatnaskógi hefur verið unnið gott og uppbyggjandi starf sem ungmenni úr Kópavogi hafa fengið að njóta ásamt öðrum börnum af höfuðborgarsvæðinu,“ segir bæjarritarinn. **– gar**



**Mikið starf er á vegum KFUM í Vatnaskógi.** FRÉTTABLAÐIÐ/HAG


Falleg jólatré

Gæðajólatré - sem endist ár eftir ár!

Þessi jólatré eru í hæsta gæðaflokki auk þess að vera mjög falleg og líkjast þannig raunverulegum trjám. Einföld samsetning.

- Ekkert barr að ryksuga
- Ekki ofnæmisvaldandi
- 12 stærðir (60-500 cm)
- Íslenskar leiðbeiningar
- Eldtraust
- Engin vökvun
- 10 ára ábyrgð
- Stálfótur fylgir

Opnunartímar:
Virkir dagar kl. 09-18
Laugardagar kl. 11-18
Sunnudagar kl. 12-18

Skátarnir

Hraunbær 123 | s. 550 9800 | skatar.is



STÖÐ 3 +ENDALAUST TAL +1 GB Í GSM 1.990 kr. til 31. desember*

3

FÁÐU STÖÐ 3 Á BETRA VERÐI Í VETUR

Fáðu þér áskrift í síma 1817 eða á 365.is

365

*Gildir fyrir eina áskrift. Viðskiptavinir sem taka þessu tilboði fyrir 31. desember halda þessum kjörum í eitt ár.



GILDI lífeyrissjóður

Aukaársfundur

19. nóvember 2015

Aukaársfundur verður haldinn fyrir sjóðfélaga Gildis-lífeyrissjóðs fimmtudaginn 19. nóvember nk. kl. 17.00 á Grand Hótel, Reykjavík.

Dagskrá fundarins:

1. Tillaga til breytinga á samþykktum Gildis-lífeyrissjóðs.
2. Breyttar lífslíkur og áhrif þeirra á lífeyrissjóði.
   - Benedikt Jóhannesson framkvæmdastjóri Talnakönnunar
3. Starfsemi og staða Gildis.
   - Árni Guðmundsson framkvæmdastjóri Gildis

Tillögu til breytinga á samþykktum má nálgast á skrifstofu sjóðsins og á heimasíðunni www.gildi.is

Allir sjóðfélagar eiga rétt til setu á fundinum með málfrelsi og tillögurétti. Sérstakt fulltrúaráð, að jöfnu skipað fulltrúm stéttarfélaga og samtaka atvinnurekenda sem að sjóðnum standa, fer með atkvæði á fundinum.

Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta.

*Stjórn Gildis-lífeyrissjóðs.*

GILDI




**Öryggisráðstafanir hafa verið hertar víða í Evrópu. Þarna hefur vopnaður lögreglumaður komið sér fyrir á götu í Róm.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Hollande kallar eftir hernaðaraðstoð frá ESB

Vísar í áður ónotaða grein í stofnsáttmála ESB. Frakkar halda áfram loftárásum á Rakka. John Kerry segir stutt í að samið verði um vopnahlé í Sýrlandi.

**FRAKKLAND** François Hollande, forseti Frakklands, hefur ákveðið að óska eftir aðstoð aðildarríkja Evrópusambandsins við hervarnir í kjölfar árásanna í París.

Hollande vísar þar í grein númer 42,7 í stofnsáttmála Evrópusambandsins, þar sem kveðið er á um að varnarsamstarf aðildarríkjanna hefjist sjálfkrafa verði eitt þeirra fyrir árás.

Þessa ósk byggir Hollande á því að árásin í París hafi ekki einungis verið hryðjuverk heldur í raun stríðsyfirlýsing frá Daish-samtökunum í Sýrlandi.

Þessi tiltekna grein í stofnsáttmálanum hefur aldrei verið notuð, en í henni eru fyrirvarar um að stjórnskipan einstakra aðildarríkja geti komið í veg fyrir að þau taki þátt í aðgerðum á grundvelli hennar.

Frakkar myndu þurfa að semja sérstaklega við hvert ESB-ríki um hernaðaraðstoð, enda er enginn sameiginlegur her ESB-ríkjanna til.

Eftir sjálfsvígsárásirnar í París á föstudagskvöld voru Frakkar fljótir til að hefja loftárásir á höfuðvígi Daish í borginni Rakka í Sýrlandi. Þeim árásum hefur verið haldið áfram og Bandaríkin hafa einnig haldið loftárásum sínum áfram á Daish.

Franska varnarmálaráðuneytið skýrði frá því í gær að tíu franskar herþotur hefðu gert nýjar loftárásir á Rakka í fyrrinótt. Alls hafi sextán sprengjum verið varpað á byggingu, sem notuð hefur verið undir höfuðstöðvar Daish-samtakanna. Einnig hafi verið varpað sprengjum á þjálfunarbúðir samtakanna.

Arabíska fréttastöðin Al Jazeera hefur eftir vitni á staðnum að byggingarnar hafi verið í útjaðri borgarinnar. Þær hafi verið mannlausar þegar árásirnar voru gerðar.

Vladimír Pútín Rússlandsforseti hefur ákveðið að rússneskt herskip komi franska hernum til aðstoðar við árásirnar á bækistöðvar Daish-samtakanna í Sýrlandi.

John Kerry, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, sagðist í gær hafa mikla trú á því að innan fárra vikna verði búið að semja um vopnhlé í Sýrlandi milli stjórnar Bashars al Assad og uppreisnarmanna, sem enn krefjast afsagnar hans.

„Ég býst ekki við að nógu margir átti sig endilega á þessu. En þetta er raunveruleikinn,“ sagði Kerry við fréttamenn í París í gær.

Verði vopnahlé að veruleika geti

> **Ég býst ekki við að nógu margir átti sig endilega á þessu. En þetta er raunveruleikinn.**
>
> John Kerry
> utanríkisráðherra Bandaríkjanna

alþjóðlegt hernaðarsamstarf gegn Daish-samtökunum, sem kalla sig Íslamskt ríki, frekar náð árangri.

Þessi von um vopnahlé er þó allt eins líkleg til þess að stranda, rétt eins og fyrri tilraunir, á kröfu uppreisnarmanna, Bandaríkjanna og fleiri ríkja á Vesturlöndum um afsögn Assads Sýrlandsforseta. Sjálfur hefur hann ekki tekið slíkt í mál.

Árásirnar á París síðastliðið föstudagskvöld kostuðu að minnsta kosti 129 manns lífið. Hundruð manna til viðbótar særðust.

Daginn áður gerðu liðsmenn Daish-samtakanna svipaðar sjálfsvígsárásir í Beirút, höfuðborg Líbanons. Þær árásir kostuðu að minnsta kosti 43 lífið. Þar særðust einnig hundruð manna.

Fjölmiðlar á Vesturlöndum hafa verið harðlega gagnrýndir fyrir að hafa litið sem ekkert sagt frá árásinni á Beirút, heldur beint athyglinni nánast eingöngu að árásinni á París.

**gudsteinn@frettabladid.is**

## Árásarmanns leitað í Brussel

Lögregluyfirvöld í Belgíu telja að Salah Abdeslam, einn árásarmannanna frá París, hafi verið í Brussel og var ákaft leitað að honum þar í borg í gær.

Abdeslam komst undan eftir árásirnar á föstudagskvöld og hélt beina leið til Belgíu. Hann var stöðvaður stuttlega á landamærunum en látinn laus.

„Við vitum að hann hefur verið í Brussel. Fyrir sólarhring var hann í Molenbeek,“ höfðu fjölmiðlar eftir belgískum embættismanni í gær.

Abdesalem er úr Molenbeek-hverfinu í Brussel, rétt eins og Abdelhamid Abaoud, sem talinn er hafa skipulagt árásirnar í París. Abaoud er hins vegar talinn vera í Sýrlandi.

Fleiri herskáir íslamistar haft tengsl við þetta hverfi í Brussel, þar á meðal Amady Coulibaly, sem tók gísla í matvöruverslun í París í janúar síðastliðnum um leið og tveir aðrir hryðjuverkamenn réðust á skrifstofur skoptímaritsins Charlie Hebdo.



**Salah Abdeslam, sá árásarmannanna átta sem komst undan á föstudagskvöld.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Franska lögreglan hefur kallað út meira en hundrað þúsund manna lið lögreglu til þess að rannsaka árásirnar í París og leita uppi einstaklinga sem gætu tengst þeim.

Vitað er um átta menn, sem gerðu árásirnar sjálfar. Sex þeirra hafa verið nafngreindir en frönsk yfirvöld hafa enn ekki nafngreint tvo.


HONDA
The Power of Dreams
HONDA CR-V DÍSIL
MEÐ NÝRRI 9 GÍRA SJÁLFSKIPTINGU
- MEÐALEYÐSLA AÐEINS 5,1L/100KM
BETRI AFKÖST, SPARNEYTNI OG TÆKNI
CR-V - ENDALAUST BETRI
www.honda.is
BERNHARD
Vatnagörðum 24-26 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.bernhard.is
Umboðsaðilar: Reykjanesbæ, Bernhard, sími 421 7800 • Akranesi, Bílver, sími 431 1985 • Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjum, Bragginn, sími 481 1535

# KOMDU Í HÖLLINA Í KVÖLD!



**100 FYRSTU SEM VERSLA FÁ VEG-LEGAN GLAÐNING FRÁ OKKUR**





Bakaratvíeykið Danni frá Mosfellsbakarí og Helgi frá Kaffitár leyfa okkur að smakka hollar og ljúffengar paleo jólasmákökur.



KokKarnir

Rúnar hjá kokkarnir.is fram-reiðir jólahráskinku fyrir gesti af sinni alkunnu snilld.

TEATOX

Teatox kynnir hágæða te með fjöl-beytt úrval af 100% náttúrulegu og lífrænt ræktuðu tei í lausum laufum. NÝTT Á ÍSLANDI.



Sigga Kling spáir í framtíðina fyrir gesti eins og henni einni er lagið.

Naglafræðingur kynnir hátíðarlitina í nagla-tískunni.

Förðunarfræðingur frá L'Oréal verður á staðnum og kynnir spennandi nýjungar í förðun.




## UPPLIFÐU YNDISLEGA JÓLASTEMNINGU MEÐ OKKUR

### Léttar veitingar og ljúfir tónar í bland við skemmtilegar uppákomur





Hárstjörnurnar Baldur Rafn frá label.m og Theódóra Mjöll frá HH Simonsen verða með pop-up hárgreiðslustofu og sýna trixin í jólahárgreiðslum. Fyrstu viðskiptavinirnir fá tækifæri á að kaupa HH Simonsen járn á sérstöku jólaverði.

**Allar smávörur á 25% afslætti!***

*gildir ekki af áður auglýstum tilboðum eða jólaverði

**Reykjavík** Bíldshöfði 20 — **10 – 18** virka daga, **11 – 17** laugardaga, **13 – 17** sunnudaga

**Akureyri Dalsbraut 1** — **10 – 18** virka daga, **11 – 16** laugardaga

**Ísafjörður Skeiði 1**

**www.husgagnahollin.is** 558 1100

HÚSGAGNA HÖLLIN

# Elsku feðraveldi



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Elsku feðraveldi, / veistu, þegar þú segir mér að róa mig / og halda bara kjafti, / hveturu mig áfram / til að öskra af öllu afli / þú getur ekki stoppað það sem þú veist að er að koma / þú skilur ekki erfiðið, þú ert ekki kona.

Það var kraftur í stelpunum úr Hagaskóla sem unnu Skrekk á mánudagskvöldið og hér fyrir ofan er eitt af erindunum sem þær fluttu á sviði Borgarleikhússins. Og það er rétt hjá þeim að við, þessir miðaldra karlar, skiljum hvorki hvernig það er að vera kona né það afl sem er að koma. En við getum hlustað og við getum reynt.

Í gegnum aldirnar hafa konur þurft að þola ofbeldi, kúgun og mismunun af hálfu ráðandi afla, s.s. karla. Og þó svo breytingar hafi orðið til batnaðar á íslensku samfélagi, fyrir tilstilli kröftugra og baráttuglaðra kvenna, vantar enn mikið upp á að konur búi við jafnrétti. Um það ber ótalmargt vitni svo sem staða kvenna í íslenskri pólitík, testósterónmagnið í Hæstarétti, launamunur kynjanna og svo mætti áfram telja. Því miður.

Vald feðraveldisins í gegnum aldirnar byggist ekki síst á líkamlegum styrk, líkamlegri valdbeitingu og viðhorfi valdsins til líkama kvenna, hlutverks hans og hlutgervingar. Frumvarp Kristjáns Þórs Júlíussonar heilbrigðisráðherra um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni er óneitanlega umhugsunarefni í þessu samhengi. Með frumvarpinu gefst þess kostur að konur láni viljugar líkama sinn til meðgöngu og fæðingar barns með öllu sem því fylgir, líkamlega og andlega. En slíkt ku vera umtalsvert erfiði sem aðeins sú sem reynt hefur getur skilið til fulls.

Barnleysi er efalítið ákaflega erfitt og ekki ætla ég mér að skilja það til fulls frekar en meðgönguna. En það kemur þó ekki á óvart að Rannsóknarstofnun í jafnréttisfræðum skuli gagnrýna frumvarpið harðlega eins og kom fram í frétt RÚV síðastliðinn mánudag. Rannsóknarstofnunin vísar til hinnar lífseigu hugmyndar um hina góðu og fórnfúsu konu sem er reiðubúin til þess að láta eigin hamingju og hag víkja fyrir lífshamingju annarra og gagnrýnir einnig ýmsa fleti frumvarpsins.

En tími slíkra hugmynda er liðinn. Tími nýrrar kynslóðar kvenna er runninn upp og okkur sem eldri erum ber að hlusta og læra. Staðgöngumæðrun er einfalt dæmi um flókið og erfitt mál þar sem hugmyndir okkar um líkama kvenna, stöðu þeirra í samfélaginu, réttindi og möguleika eru að veði. Valdið yfir líkama sínum þarf að vera kvenna og aðeins kvenna, ekki samfélagslegs þrýstings eða úreltra hugmynda. Eða eins og stelpurnar í Hagaskóla sögðu sjálfar:

Stelpur, krefjumst jafnréttis, látum ekkert stoppa okkur!

> **Tími nýrrar kynslóðar kvenna er runninn upp og okkur sem eldri erum ber að hlusta og læra.**

Lærðu um leið og þú ferðast!

Mundo verður með kynningarfund um gönguferð fyrir konur 45 ára og eldri á Hallveigarstöðum klukkan 17:30 þann 19. nóvember næstkomandi. Allir velkomnir!

MUNDO
www.mundo.is

Nánari upplýsingar hjá margret@mundo.is

## Halldór




## Frá degi til dags

**Barnalegt umburðarlyndi**

**Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, brýndi fyrir þjóðinni á Bylgjunni í gærmorgun að vakna til vitundar um öfgafulla íslamstrú. Vandinn verði ekki leystur með barnalegri einfeldni og aðgerðum á sviði umburðarlyndis. Ólafur er að reyna að ala á hræðslu og segist hafa heimildir fyrir því að öfgakenndir íslamistar vilji skipta sér af trúarbrögðum á Íslandi. Ólafur talar með þessu beint inn í helsta aðdáendahóp sinn, nefnilega hlustendur Útvarps Sögu og Reykjavíkur síðdegis. Hann veit hvaða orðræða virkaði í atkvæðaveiðum fyrir Framsókn í borginni og fyrir þjóðernissinna um alla Evrópu. Kristnir öfgahægrimenn eru þeir sem líklegir eru til að skaða Evrópu mest, enda er álfan full af þeim. Daesh (ISIS) liðar eru mun færri.**

**Árétting**

**Á þessum vettvangi í gær var greint frá því að forsætisráðuneytið hefði verið klukkustund of seint með mínútuþögn vegna hryðjuverkaárásanna í París vegna tímamismunar. Því skal haldið til haga að í tilkynningu frá Evrópuþinginu voru Evrópubúar hvattir til að halda minningarstund klukkan 12:00 CET eða klukkan ellefu að íslenskum tíma. Franska sendiráðið hér á landi ákvað hins vegar að halda minningarstundina í hádeginu, og fylgdi forsætisráðuneytið þeirri leiðsögn.** snaeros@frettabladid.is

# Verkin tala, eða hvað?



Steingrímur J. Sigfússon
þingmaður VG

Nokkra athygli hefur vakið að undanförnu hversu lítið gengur undan ráðherrum ríkisstjórnarinnar. Af einum 120 stjórnarþingmálum samkvæmt málalista ríkisstjórnarinnar fyrir jól hafa aðeins milli 20 og 30 sést enn þá. Frægt varð þegar ríkisstjórnin tók sér lengsta sumarfrí sem sögur fara af á lýðveldistímanum og felldi með öllu niður fundi í vel á annan mánuð. Formenn stjórnarflokkanna virðast vera á góðri leið með að ganga af stjórnarskrármálinu dauðu með seinagangi og undanbrögðum. Þeir leggja sjálfir til að formenn allra stjórnmálaflokka hittist áður en stjórnarskrárnefnd ljúki störfum, en boða svo ekki slíkan fund og voru reyndar báðir erlendis út þá viku sem þeir fóru að bera nauðsyn slíks fundar fyrir sig.

Nú getur margt verra hent en það að menn komi litlu í verk, einkum ef mönnum eru mislagðar hendur. Eða, eins og einn orðhagur frændi minn fyrir norðan sagði: „Það er vont ef hroðvirkir menn eru duglegir því þá gera þeir svo mikið illa.“ Vandinn er hins vegar sá að verkefnin blasa alls staðar við, bæði þau sem tengjast úrvinnslumálum eftir Hrun, viðfangsefni líðandi stundar og margvíslegur undirbúningur undir framtíðina. Landflóttinn, húsnæðismálin, fæðingarorlofið, styrking velferðarkerfisins og fjárfesting í innviðum samfélagsins í þágu betri framtíðar sem hvetji ungt fólk til framtíðarbúsetu hér. Af nógu er að taka.

Þá er athyglisverður listi þar sem ríkisstjórnin eða einstakir ráðherrar hafa einfaldlega gefist upp, jafnvel um eða fyrir mitt kjörtímabil. Örfá dæmi:

- Sjávarútvegsráðherra gafst upp við breytingar á kvótakerfinu.
- Iðnaðarráðherra gafst upp með náttúrupassann (sem betur fer vissulega), en upplausn ríkir í staðinn.
- Utanríkisráðherra gafst upp með formlega afturköllun ESB-umsóknar.
- Innanríkisráðherra virðist hafa gefist upp með samgönguáætlun (engin áætlun allt kjörtímabilið).
- Félags- og húsnæðismálaráðherra virðist vera að gefast upp með húsnæðisfrumvörpin og Framsókn með afnám verðtryggingar (loforðið mikla). Fjármálaráðherra kennt um.

Verkin tala, eða hvað?

> **Formenn stjórnarflokkanna virðast vera á góðri leið með að ganga af stjórnarskrármálinu dauðu með seinagangi og undanbrögðum.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Fanney Birna Jónsdóttir fanney@frettabladid.is, Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson tinni@365.is HELGARBLAÐ: Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is og Viktoría Hermannsdóttir viktoria@frettabladid.is
MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson pjetur@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is ÚTLITSHÖNNUN: Silja Ástþórsdóttir siljaa@frettabladid.is

# Að stofna RÚV í dag



Víkingur Heiðar Ólafsson
píanóleikari og situr í stjórn Hollvina RÚV

Myndum við stofna Ríkisútvarpið í dag? Nei, að sjálfsögðu ekki. Við gætum það ekki. Menningarstofnun á borð við RÚV er ekki þess eðlis að manni detti hún í hug, bara sísona, í öllum sínum margbreytileika, stofni um hana fyrirtæki, skrái á markað og hlakki til arðgreiðslna. Saga RÚV er samofin sögu lýðveldisins. Tími er stundum peningar, en ekki alltaf. Enginn verðmiði nær utan um þau 85 ár af þekkingu og verðmætum sem RÚV byggir á og nýtir til nýsköpunar í dag.

**Pólarísering**

Dagurinn er að verða ískyggilega stuttur. Þá er maður minntur enn meir en vanalega á þá hefð sem er rótgrónari á Íslandi en annars staðar, þó ekki sé til almennilegt íslenskt orð yfir hana. Pólarísering: listin að etja fólki saman í gagnstæðar fylkingar, þrýsta því út á sitthvorn jaðarinn og minnka líkur á því að sameiginleg niðurstaða náist. Hún er sterkasta vopn sérhagsmunaaðila og bandamaður pólitískra áróðursmanna. Með því að ýkja og setja hlutina vísvitandi í villandi samhengi, og endurtaka það nógu oft, öðlast ósannindi falskan trúverðugleika.

RÚV hefur á síðustu árum ítrekað verið sakað um hlutdrægni, án þess að fyrir því séu færð haldbær rök. T.d. hefur fréttastofan reglulega verið sökuð um að reka ESB áróður. Hlutlaus skoðun leiddi hins vegar í ljós að RÚV flutti fleiri neikvæðar fréttir af ESB en jákvæðar. RÚV hefur verið sagt illa rekið í dag. Þó hefur verið sýnt fram á algjöran viðsnúning í rekstri hjá nýjum stjórnendum. RÚV hefur verið sagt hafa blásið út á undanförnum árum. Allir sem þekkja til hafa hins vegar horft upp á fjöldauppsagnir og gegndarlausan niðurskurð. RÚV hefur verið sagt njóta hæstra framlaga per capita miðað við nágrannalöndin. Hið rétta er að RÚV fær minnst allra Norðurlandanna í nefskatt per capita, þrátt fyrir smæð þjóðarinnar. Það er hins vegar látið klöngrast á litlum auglýsingamarkaði í miklu ríkari mæli en ríkisfjölmiðlar Norðurlandanna, með tilheyrandi úlfúð samkeppnismiðla, að einhverju leyti skiljanlegri.

**Afdrifaríkir tímar**

Á Vesturlöndum er mikið rætt um hlutverk ríkisfjölmiðla, gæði, rekstur og framþróun. En ólíkt því sem gerist hér á landi, endar umræðan ekki í spurningum um hvort tilvist BBC, DR eð NRK sé réttlætanleg yfir höfuð. Þeir sem tala fyrir því að leggja niður ríkisfjölmiðlana í Evrópu eru staðsettir yst á jaðri stjórnmálanna. Á Íslandi er áróðurinn gegn RÚV hins vegar farinn að skila árangri. Hann hefur enda staðið yfir í áratug, og með vaxandi styrk. Hugmyndin um að leggja niður RÚV eða selja telst ekki lengur öfgahugmynd í umræðunni, þó um eina mikilvægustu menningarstofnun þjóðarinnar sé að ræða. Fram undan eru afdrifaríkir tímar.

> **Ég skora á þingmenn alla að lúta vilja mikils meirihluta þjóðarinnar, standa vörð um útvarp allra landsmanna og styðja það til góðra verka.**

**Að vona**

Maður vonar að tillaga um að falla frá frekari lækkun útvarpsgjalds nái fram að ganga við afgreiðslu fjárlaga 2016, svo ekki komi til enn eins blóðugs niðurskurðarins, sjöunda árið í röð. Maður vonar að RÚV verði í framhaldinu tryggður nauðsynlegur starfsfriður með samningum við ríkið um framlög til lengri tíma, svo stjórnendur þurfi ekki árlega að grátbiðja stjórnmálamenn um opinber framlög. Maður vonar að RÚV þurfi í minnkandi mæli að treysta á auglýsingatekjur en fái í staðinn hærri framlög frá ríkinu. Þannig gætu stjórnendur einbeitt sér að því sem þeir vinna þegar að: styrkingu sértækrar, frjórrar og forvitnilegrar dagskrárgerðar útvarps og sjónvarps og því að aðlaga sig breyttu fjölmiðlaneyslumynstri þjóðarinnar. Þannig myndu allir vinna.

Ég skora á þingmenn alla að lúta vilja mikils meirihluta þjóðarinnar, standa vörð um útvarp allra landsmanna og styðja það til góðra verka.

# Fjölbreyttari hlutabréfamarkaður með First North



Sigurður Óli Hákonarson
verkefnastjóri í fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka

Skráning á hlutabréfamarkað hefur margs konar ávinning í för með sér. Félög öðlast beint aðgengi að fjárfestum sem auðveldar fjármögnun og ytri vöxt. Verðmyndun verður skilvirkari og seljanleiki hlutabréfa eykst sem getur liðkað fyrir eigendabreytingum. Félög verða sýnilegri og skráningu fylgir gæðastimpill gagnvart þeim aðilum sem þau eiga í samskiptum við. Skráð félög eiga auðveldara með að gera starfsmenn að hluthöfum sem styrkir stöðu þeirra í samkeppni um hæft starfsfólk. Að öðru óbreyttu ætti skráning einnig að draga úr áhættu félaga í augum fjárfesta og getur þannig stuðlað að hærra markaðsvirði þeirra. First North markaður hentar vel fyrir minni og meðalstór fyrirtæki sem telja skráningu á Aðalmarkað of íþyngjandi og kostnaðarsama. Mengi þeirra félaga sem First North skráning gæti hentað er mun stærra en í tilviki Aðalmarkaðar. Kröfur um upplýsingagjöf og dreifingu eignarhalds eru vægari en á Aðalmarkaði, ekki eru gerðar sömu kröfur varðandi skráningarlýsingu og yfirtökureglur eiga ekki við svo nokkrir þættir séu nefndir. Markaðurinn getur þannig gegnt mikilvægu hlutverki í áframhaldandi uppbyggingu hlutabréfamarkaðar á Íslandi og aukið flóru skráðra fyrirtækja.

> **Í sumar var samþykkt lagabreyting sem veitti lífeyrissjóðum aukna heimild til fjárfestinga í fyrirtækjum skráðum á First North markaði.**

**Virkur markaður**

Uppbygging First North markaðar í Svíþjóð hefur gengið vel og markaðurinn verið mjög virkur. Á fundi Íslandsbanka og Kauphallarinnar um First North á mánudaginn kom meðal annars fram að nýskráningar félaga á markaðinn það sem af er ári í Svíþjóð séu 50. Minni fyrirtæki hafa nýtt sér kosti skráningar, en yfir helmingur félaga er með markaðsvirði undir þremur milljörðum króna.

Í sumar var samþykkt lagabreyting sem veitti lífeyrissjóðum aukna heimild til fjárfestinga í fyrirtækjum skráðum á First North markaði. Heimildin nam 5% af hreinni eign lífeyrissjóðanna sem samsvarar um 157 milljörðum króna miðað við stöðu þeirra í dag. Sú fjárhæð jafngildir um áttföldu markaðsvirði skráðra hlutabréfa á First North markaði á Íslandi. Það er því ljóst að lífeyrissjóðir hafa burði til að styðja við uppbyggingu markaðarins og fjölgun félaga á íslenskum hlutabréfamarkaði.

Það er óskandi að First North markaðurinn hér á landi stækki á næstu misserum og geti gefið minni og meðalstórum fyrirtækjum tækifæri til að njóta kosta skráningar eins og hann gerir í Svíþjóð.





**Volkswagen Crafter Extreme Edition**

Volkswagen Crafter er hannaður til að takast á við krefjandi verkefni þar sem styrkur og notagildi eru í forgangi. Crafter er einstaklega hagkvæmur og er með mjög öflugum en jafnframt sparneytnum díeselvélum. Volkswagen Crafter er með 3 ára ábyrgð og allt að 250.000 km akstur.

Líttu við og í sýningarsal VW Atvinnubíla og kynntu þér einstaklega vel útbúinn Volkswagen Crafter Extreme Edition.

**Staðalbúnaður**

- Rennihurðir á báðum hliðum
- 16" stálfelgur
- Lokað skilrúm með glugga
- ABS / EBV
- ESP stöðugleikastýring og spólvörn
- Bekkur fyrir 2 farþega með geymslukassa
- Loftpúðar fyrir ökumann og farþega
- Útvarp með SD kortarauf
- Klukka
- Fullkomin aksturstölva
- Glasahaldari
- Fjarðstýrðar samlæsingar
- Rafstýrðir upphitaðir hliðarspeglar
- Hæðarstillanlegt öryggisbelti
- 270° opnun á afturhurðum

**Mögulegur valbúnaður**

- Dráttarbeisli 180.000. kr m/vsk

**Aukalega í Volkswagen Crafter Extreme Edition**

- Hraðastillir (Cruise control)
- Bluetooth símkerfi
- Hiti í bílstjórasæti
- Fjaðrandi hæðastillanlegt ökumannssæti með armpúða
- Vélarhitari með fjarstýringu og tímastilli
- Rafmagns-miðstöðvarhitari
- Aðgerðastýri
- Fjarlægðaskynjarar með bakmyndavél
- Díóðulýsing í flutningsrými
- Klæðning og rennur í flutningsrými

**Crafter Extreme Edition kostar aðeins frá**
**4.596.774 kr. án vsk**

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík

Atvinnubílar

## Zlatan skaut Svíum á EM í Frakklandi



Dramatík Tvö mörk frá Zlatan Ibrahimovic á Parken dugðu til þess að senda Svía á EM. Hann fagnar hér fyrra markinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY




## Enduðu árið góða á tapi

FÓTBOLTI Íslenska karlalandsliðið lauk eftirminnilegasta ári í sögu landsliðsins á neikvæðan hátt í gær er það mætti Slóvakíu ytra.

Eftir frábæra byrjun þá gaf íslenska liðið aftur eftir í síðari hálfleik og tapaði leiknum, 3-1. Sex breytingar voru gerðar á liðinu frá því í tapinu gegn Pólverjum á föstudag og nýir menn fengu tækifæri. Ekki tókst öllum að nýta það tækifæri vel.

Alfreð Finnbogason kom íslenska liðinu yfir með stórglæsilegu marki á 8. mínútu. Tók frábæran snúning í teignum og smurði boltann svo upp í vinkilinn.

Í síðari hálfleik féll íslenska liðinu allur ketill í eld rétt eins og gegn Pólverjum á dögunum. Strákarnir fengu á sig klaufaleg mörk og voru sjálfum sér verstir.

Robert Mak skoraði tvö mörk með þriggja mínútna millibili þegar hálftími var eftir af leiknum. Það var svo Michal Duris sem skoraði síðasta mark leiksins einum sex mínútum fyrir leikslok.

Þetta er fimmti leikurinn í röð sem landsliðinu mistekst að sigra og frábært fótboltaár fær frekar leiðinlegan endi.

Strákarnir gerðu jafntefli við Letta og Kasaka en hafa síðan tapað gegn Tyrkjum, Pólverjum og nú Slóvökum.

Næstu leikir landsliðsins eru í janúar og svo aftur í mars. Eftir það þarf að velja EM-hópinn.



Alfreð Finnbogason FRÉTTABLAÐIÐ/ADAM

## Nýjast

**Olísdeild kvenna**

| | |
|---|---|
| **Selfoss - HK** | **24-21** |
| **Afturelding - Fylkir** | **22-31** |
| **ÍR - KA/Þór** | **20-17** |
| **Stjarnan - FH** | **29-22** |
| **Fjölnir - Valur** | **18-36** |

**Staðan**

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| ÍBV | 20 | Fjölnir | 8 |
| Valur | 20 | Fylkir | 8 |
| Fram | 19 | HK | 6 |
| Grótta | 19 | FH | 5 |
| Haukar | 18 | KA/Þór | 5 |
| Stjarnan | 16 | ÍR | 5 |
| Selfoss | 14 | Afturelding | 3 |

**Undankeppni EM 2016, umspil**

**Danmörk 2–2 Svíþjóð**
Poulsen, Vestergaard - Zlatan 2.
Svíþjóð komst áfram á EM, 3-4, samanlagt.

**Slóvenía 1–1 Úkraína**
1-0 Botjan Cesar (11.), 1-1 Yarmolenko (90.+7).
Úkraína komst áfram á EM, 1-3, samanlagt.

### FYLKIR SEKTAÐUR VEGNA SITO

ÍBV vann mál sitt gegn Fylki varðandi félagaskipti Spánverjans Jose „Sito“ Enrique og þurfa Fylkismenn að greiða sekt fyrir að brjóta gegn grein 14.13 í regluverki knattspyrnusambandsins.

Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá Fylki, en Árbæjarfélagið er mjög ósátt við úrskurð nefndarinnar og „lýsir“ yfir vonbrigðum með hann.

Forsagan er sú að Sito, sem sló í gegn með ÍBV eftir að koma á miðju sumri, sagði í viðtali við spænskan fjölmiðil að hann væri búinn að semja við Fylki.

Félögum var heimilt að ræða við Sito eftir 16. október en forráðamenn ÍBV héldu því fram að Fylkir hefði rætt fyrr við Spánverjann sem er ólöglegt.

Ekki er hægt að áfrýja úrskurðinum og verður Fylkir því að greiða sektina. Engu að síður er Sito þeirra og spilar Spánverjinn öflugi með Fylki á næstu leiktíð.

### BIRGIR LEIFUR ÚR LEIK

Birgir Leifur Hafþórsson úr GKG spilaði sinn besta hring á lokaúrtökumóti fyrir Evrópumótaröðina á Spáni í gær en er engu að síður úr leik. Birgir Leifur spilaði hringinn á 68 höggum eða tveimur höggum undir pari.

Í heildina spilaði Birgir fjóra hringi á þremur höggum yfir pari. Hann spilaði þann fyrsta á fjórum höggum yfir, annan hringinn á pari og var svo á einu höggi yfir pari í gær. Verkefnið fyrir daginn í dag var því risastórt.

Um 70 kylfingar komast í gegnum niðurskurðinn og spila úrslitahringina tvo, en aðeins 25 fá þátttökurétt á Evrópumótaröðinni á næsta ári sem er sú næststerkasta í heimi. Birgir Leifur hefði þurft að spila á sex höggum undir pari í gær til að komast í gegnum niðurskurðinn.



## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 17.40 | **Löwen- Montpellier** | Sport |
| **Olís-deild kvenna:** | | |
| 20.00 | **Fram - Grótta** | Framhús |
| **Domino's-deild karla:** | | |
| 18.00 | **Njarðvík - ÍR** | Ljónagryfjan |
| 19.15 | **Haukar - Stjarnan** | Ásvellir |





# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 18. nóvember 2015

45. tölublað | 9. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

»2
**Tilgangurinn að draga úr áhættu**
Hlutafé í Bláa lóninu aukið vegna hótelbyggingar sem er fram undan.

»4
**Skiptar skoðanir á krónunni**
Rúmur helmingur vill fá nýja mynt í stað krónunnar.

»8
**Svipmynd: Ásta Bjarnadóttir**
Nýr mannauðsstjóri Landspítalans hefur unnið hjá Capacent síðustu árin.

»10
**Hlustið á dr. Alúmíníum**
Lars Christensen segir að lægra heimsmarkaðsverð á áli geri þörfina á frekari vaxtahækkun ekki eins brýna.

»12
**Lífeyrissjóðir og bankarnir**
Stjórnarmaðurinn segir það ekki meitlað í stein að gömlu bankarnir gini yfir öllu.




# Fjárfestingarumhverfi sprota með því besta sem hefur verið á Íslandi

NORDICPHOTOS/GETTY

SKJÓÐAN

# Langtímaafleiðingar hryðjuverka fara eftir viðbrögðum

**VESTRÆNIR** hlutabréfamarkaðir tóku hryðjuverkaárásunum í París af yfirvegun. Franska hlutabréfavísitalan, CAC40, lækkaði lítillega á mánudaginn en aðrar vestrænar hlutabréfavísitölur hækkuðu. Fjárfestar eru minnugir þess að bandaríski markaðurinn jafnaði sig fljótt eftir 11. september 2001 og sama gildir um breska markaðinn eftir að ráðist var á almenningssamgöngur í London í júlí 2005. Nú gáraðist varla markaðurinn þó að hlutabréf flugfélaga og ýmissa ferðaþjónustufyrirtækja lækkuðu nokkuð.

**DÆMIN HAFA** sýnt okkur að hryðjuverk hafa lítil áhrif á verð hlutabréfa þegar frá líður. Strax í kjölfar ódæðisverka hryðjuverkamanna má merkja flótta fjárfesta í skjól öruggari fjárfestinga á borð við ríkisskuldabréf. Gull hækkar líka einatt í verði eftir slíkar árásir. Til lengri tíma virðast áhrifin hverfandi.

**HÉR SKIPTIR** þó miklu hver eru viðbrögð stjórnvalda við hryðjuverkaárásum. Viðbrögð bandarískra stjórnvalda við árásunum 11. september 2001 voru yfirdrifin. Öryggisgæsla á bandarískum flugvöllum var margfölduð með tilheyrandi töfum og kostnaði fyrir flugfarþega og bandaríska skattgreiðendur.

**BANDARÍKJAMENN** létu sér ekki nægja að grípa til viðamikilla öryggisráðstafana heima fyrir heldur gerðu þeir gríðarlegar kröfur um öryggisráðstafanir hjá erlendum flugfélögum sem fljúga til Bandaríkjanna. Þetta hefur torveldað viðskipti og aukið kostnað.

**ÞÁ ER** ótalinn kostnaður af stríðsrekstri Bandaríkjanna og fleiri vestrænna ríkja í Afganistan og Mið-Austurlöndum, sem var bein viðbrögð við árásunum á Bandaríkin. Segja má að árásir Al-Qaeda á Bandaríkin hafi heppnast fullkomlega. Hryðjuverk eru fyrst og fremst framin í þeim tilgangi að skapa ótta meðal fólks og ráðast að hinni opnu vestrænu samfélagsgerð. Það heppnaðist 2001. Viðbrögðin voru verri en árásin.

**NÚ STANDA** vestrænir þjóðarleiðtogar frammi fyrir prófraun. Árásirnar í París voru fyrirlitlegar og árásarmennirnir gungur. París er mikil ferðamannaborg og takist að hræða ferðamenn frá ferðalögum þangað getur það haft alvarleg áhrif á efnahag borgarinnar og Frakklands. Ferðamannasvæði eru berskjölduð í þessum efnum. París mun hins vegar til lengdar alltaf draga til sín ferðamenn.

**STÆRRI HÆTTA** felst í því að stjórnvöld í Evrópu bregðist of hart við vánni. Uppi eru raddir um að leysa skuli upp Schengen-landamærasamstarfið og hvert ríki taki upp eigin landamæragæslu. Þá verður ekki lengur hægt að fara hindrunarlaust milli Frakklands og Þýskalands eða Hollands og Belgíu. Langar raðir myndast við landamærin með óheyrilegum töfum og kostnaði fyrir almenning og fyrirtæki.

**ÞAÐ YRÐI** dýrkeypt kaos fyrir Evrópu, sem þarf allt frekar en að auka viðskiptahindranir og draga úr hagvexti. Langsótt er að slík verði niðurstaða leiðtoga ESB þó að minni spámenn úr hópi stjórnmálamanna innan EES gamni sér við tilhugsunina. Fyrstu viðbrögð Frakklandsforseta virðast þó vera full yfirdrifin og valda áhyggjum.

MARKAÐURINN

**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.,** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5000** | Fax **512 5301**

Umsjón **Jón Hákon Halldórsson** **jonhakon@365.is**

Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**

Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang visir.is



Helmingi stærra baðlón verður opnað í janúar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Lykilstjórnendur leggja Bláa lóninu til hlutafé

**Lykilstjórnendur Bláa lónsins hafa lagt félaginu til tæplega tíu prósent í nýtt hlutafé. Bygging fimm stjörnu hótels, stækkun baðlónsins og ný heilsulind og veitingasvæði mun kosta sex milljarða. Tilgangurinn að draga úr áhættu.**

Einkahlutafélagið Keila ehf. eignaðist í vor tæplega tíu prósenta hlut í Bláa lóninu í kjölfar hlutafjáraukningar. Grímur Sæmundsen, forstjóri Bláa lónsins, segir að lykilstjórnendur Bláa lónsins standi að hlutafjáraukningunni. Kaupverðið sé trúnaðarmál en hafi byggst á verðmati frá óháðu verðbréfafyrirtæki.

Grímur segir tilgang hlutafjáraukningarinnar vera að draga úr áhættu félagsins af sex milljarða framkvæmdum sem Bláa lónið stendur nú í. „Í ljósi þeirra skuldbindinga sem félagið er að gangast undir með þessum miklu framkvæmdum var ákveðið að styrkja eiginfjárstöðuna til að minnka áhættu félagsins af framkvæmdaóvissu og einhverjum áföllum sem geta komið upp í framkvæmdunum,“ segir Grímur.

Unnið er að byggingu fyrsta fimm stjörnu hótels landsins sem stefnt er að að verði opnað vorið 2017. Hótelið verður 7.500 fermetrar með 74 herbergjum. Það er unnið að helmings stækkun baðlónsins sem á að opna í janúar næstkomandi. Auk þess er verið að byggja nýja heilsulind og veitingasvæði milli baðlónsins og hótelsins.



> **Í ljósi þeirra skuldbindinga sem félagið er að gangast undir með þessum miklu framkvæmdum var ákveðið að styrkja eiginfjárstöðuna til að minnka áhættu félagsins af framkvæmdaóvissu**
>
> Grímur Sæmundsen
> Forstjóri Bláa lónsins

Engin starfsemi var í Keilu um síðustu áramót sem þá hét LBF I GP ehf. Þá var félagið í eigu Kólfs ehf. sem er að meirihluta í eigu Gríms og Drangar Fund, sjóðs í rekstri Landsbréfa.

Í vor var nýtt hlutafé að nafnvirði einn milljarður lagt í félagið samkvæmt því sem kemur fram í gögnum frá fyrirtækjaskrá. Í stjórn Keilu sitja Grímur, Steinar Helgason, sjóðsstjóri Landsbréfa, og Úlfar Steindórsson, forstjóri Toyota á Íslandi og varamaður í stjórn Bláa lónsins.

Bláa lónið hagnaðist um 1,6 milljarða á síðasta ári. Þar af voru greiddir 1,2 milljarðar króna í arð. Árið 2013 nam hagnaðurinn 1,4 milljörðum króna og þar af var greidd 931 milljón króna í arð.

Stærstu hluthafar Bláa lónsins eru HS Orka, Hvatning, sem er í eigu Horns II, sem Landsbréf rekur, og Kólfs, sem er að meirihluta í eigu Gríms. **ingvar@frettabladid.is**

## Vikan sem leið

### 244 milljónir á dag

Stóru viðskiptabankarnir þrír högnuðust um 244 milljónir króna á dag á fyrstu níu mánuðum ársins eða um 66,5 milljarða króna. Mestur var hagnaður Arion banka eða 93 milljónir króna á dag að jafnaði, samtals 25,4 milljarðar króna. Hinn mikli hagnaður skýrðist að miklu leyti af sölu eigna.

### 4 milljarðar settir í CCP

Samþykkt var að auka hlutafé í CCP um fjóra milljarða króna á hluthafafundi. Einn stærsti framtakssjóður heims, New Enterprise Associates, leiddi fjárfestinguna, ásamt Novator Partners, fjárfestingafélagi Björgólfs Thors Björgólfssonar. Markmið hlutafjáraukningarinnar var sókn á sviði sýndarveruleika.

### Aldrei fleiri starfandi

Metfjöldi mun vera starfandi á vinnumarkaði á þessu ári. Fleiri verða á vinnumarkaði en árið 2008, samkvæmt nýrri spá Hagstofu Íslands. Aukin umsvif í þjóðarbúskapnum kalli á aukið vinnuafl. Fjölgun starfa og ársverka verði á milli 3 og 4 prósent á þessu ári.

## Á döfinni

keldan dagatal viðskiptalífsins

**Miðvikudagur 18. nóvember**
**ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS** - Upplýsingar um leiguverð íbúðarhúsnæðis.

**Fimmtudagur 19. nóvember**
**HAGSTOFA ÍSLANDS** - VSK velta júlí og ágúst 2014.
**EIMSKIP** - Afkoma þriðja ársfjórðungs

**Föstudagur 20. nóvember**
**HAGSTOFA ÍSLANDS** - Fiskafli í október 2015. Vísitala lífeyrisskuldbindinga í október 2015.
Mánaðarleg launavísitala í október 2015.
Vísitala byggingarkostnaðar fyrir desember 2015
Greiðslujöfnunarvísitala í desember 2015
Vísitala kaupmáttar launa í október 2015
**LÁNAMÁL RÍKISINS** - Útboð Ríkisbréfa
**EIMSKIP** - Kynningarfundur fyrir fjárfesta og markaðsaðila.

**Þriðjudagur 24. nóvember**
**REGINN** - Afkoma þriðja ársfjórðungs
**ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS** - Viðskipti með atvinnuhúsnæði í október.

**Miðvikudagur 25. nóvember**
**N1** - Afkoma þriðja ársfjórðungs
**HAGSTOFA ÍSLANDS** - Vinnumarkaður í október 2015
**SEÐLABANKI ÍSLANDS** - Útgáfudagur Fjármálainnviða 2015
**HB GRANDI** - Afkoma þriðja ársfjórðungs

vísir Allar markaðsupplýsingar




Ellefu dægurlög er fyrsta sólóplata **Grétars Örvarssonar** og hefur fengið frábærar viðtökur. Hér flytur hann ásamt landsþekktum tónlistarmönnum og söngkonum þekkt dægurlög í nýjum og skemmtilegum útsetningum.

Grétar sýnir hér á sér nýja hlið sem söngvari og útkoman er sérlega vönduð og ljúf geislaplata sem unnendur fallegra dægurlaga ættu ekki að láta fram hjá sér fara.

Sölustaðir: **Nettó, Samkaup, Hagkaup, Penninn-Eymundsson**

Einnig er hægt að panta diskinn áritaðan með því að senda email á **baxehf@gmail.com**



Póst dreifing
Við látum það berast
ÞÚ NÆRÐ
TIL FJÖLDANS
MEÐ OKKUR
FJÖLPÓSTUR er sterkur og áhrifaríkur auglýsingamiðill sem skilar ítarlegri upplýsingum til neytenda en hefðbundnar auglýsingar.
61% LANDSMANNA LESA FJÖLPÓST
22% AF ÞEIM KAUPA AUGLÝSTA VÖRU EÐA ÞJÓNUSTU
61%
22%
„Ég hef verið í viðskiptum við Póstdreifingu í árabil og alltaf fengið fyrsta flokks þjónustu.“
Guðbjartur Finnbjörnsson
Ritstjóri Lifandi vísinda
VIÐ GETUM AÐSTOÐAÐ VIÐ AÐ NÁ ÁRANGRI
VIÐ DREIFUM INN Á 80.000 HEIMILI SEX DAGA VIKUNNAR
www.postdreifing.is

# Helmingur Íslendinga vill nota aðra mynt

**Yfir fimmtíu prósent þeirra sem afstöðu taka vilja nýja mynt. Dósent í hagfræði segir vinsældir krónunnar fylgja hagsveiflunni og dala við vaxtahækkanir Seðlabankans eða gengisfall. Upptaka nýrrar myntar fæli í sér kerfisbreytingu.**

Helmingur Íslendinga vill taka upp annan gjaldmiðil en íslensku krónuna, án tillits til inngöngu í Evrópusambandið. Þetta sýna niðurstöður skoðanakönnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Þegar einungis eru skoðuð svör þeirra sem afstöðu taka sést að 53 prósent vilja aðra mynt en 47 prósent vilja ekki aðra mynt. Séu svör allra skoðuð sést að 42 prósent vilja taka upp aðra mynt, 38 prósent vilja ekki taka upp aðra mynt, 17 prósent er óákveðin og þrjú prósent svara ekki.

Ásgeir Jónsson, dósent við hagfræðideild Háskóla Íslands, segir niðurstöðurnar ekki koma sér sérstaklega á óvart. „Landsmenn hafa skipst nokkuð í tvo hópa í viðhorfi sínu til krónunnar. Vinsældir íslensku krónunnar fylgja dálítið hagsveiflunni og dala við vaxtahækkanir Seðlabankans eða gengisfall. Ég man eftir mjög ákveðinni evruumræðu upp úr 2000, 2006 og síðan eftir 2008. Fólk væntanlega horfir nú til vaxtamunarins við Evrópu þannig að þetta kemur ekki á óvart,“ segir Ásgeir.

Íslenska myntsvæðið er eitt það minnsta sem þekkist. Ásgeir segir því eðlilegt að umræða um framtíðargjaldmiðil komi reglulega upp. „Krónan hefur verið í höftum meira og minna síðan hún varð sjálfstæð frá fullveldisárinu 1918. Tímabilið frá 2001 til 2008 er svolítið einstakt í sögu þjóðarinnar, þar sem krónan er fljótandi á frjálsum gjaldeyrismarkaði. Og mér sýnist að fáir vilji beinlínis endurtaka þá tilraun,“ segir Ásgeir. Eina leiðin til að stjórna verðlagi á Íslandi sé að hafa taumhald á genginu og það sé í raun aðeins hægt með einhvers konar höftum.

**Vinsældir íslensku krónunnar fylgja dálítið hagsveiflunni og dala við vaxtahækkanir Seðlabankans eða gengisfall.**



Ásgeir segir raunhæfasta möguleikann til að taka upp aðra mynt sé í myntbandalagi við evruríkin. „Þá myndi Seðlabankinn okkar breytast í útibú frá Evrópska bankanum. Við myndum þá missa vaxtaákvörðunarvaldið en myndum fá rétt til þess að prenta evrur í veðlánaviðskipum sem myndi gefa okkur meira vald yfir fjármálastöðugleika og greiðslujöfnuði landsins,“ segir Ásgeir. „Þar sem krónan er örmynt er til að mynda erfitt fyrir Seðlabankann að þjóna sem lánveitandi til þrautavara og útvega bönkunum lausafé með peningaprentun án þess að skapa gjaldeyriskreppu.“

Ásegir segir að upptaka nýrrar myntar fæli í sér mikla kerfisbreytingu. „Það felur í sér að það þurfi að taka upp annað vinnulag í ansi mörgu, eins og til dæmis í kjarasamningum þar sem það er ekki hægt að „leiðrétta“ of dýra kjarasamninga með því að lækka gengið. Einnig yrði að huga mjög grannt að því að stjórna eftirspurn með öðrum leiðum en hækkun vaxta. Þannig að þetta myndi þýða algjörlega breyttar hegðunarforsendur,“ segir Ásgeir.

Stjórnvöld hafa áform um lausn á vanda slitabúanna og aflandskróna en minna er rætt um það hvað tekur við því ferli. „Nýtt haftalosunarplan hefur ekki enn komið fram og ekki heldur vegakort yfir það hvernig íslenska myntkerfið verður rekið til framtíðar. Það liggur fyrir að við munum notast við krónuna um eitthvert árabil, sama hvað mönnum finnst um evruna. Og það vantar miklu meiri og jákvæðari umræðu um það hvernig við getum rekið íslenska myntkerfið betur,“ segir Ásgeir. **jonhakon@frettabladid.is**

**Vilt þú taka upp annan gjaldmiðil en íslensku krónuna án tillits til inngöngu í Evrópusambandið?**




**Karlar**

| | | |
|---|---|---|
| Já | 59% | Vikmörk 4,84% |
| Nei | 41% | Vikmörk 4,84% |

**Konur**

| | | |
|---|---|---|
| Já | 46% | Vikmörk 4,87% |
| Nei | 54% | Vikmörk 4,87% |

**18–49 ára**

| | | |
|---|---|---|
| Já | 54% | Vikmörk 4,64% |
| Nei | 46% | Vikmörk 4,64% |

**50 ára og eldri**

| | | |
|---|---|---|
| | 51% | Vikmörk 5,19% |
| | 49% | Vikmörk 5,19% |

Skýr stefna er eitt en framkvæmd stefnu skiptir ÖLLU MÁLI

4Dx örnámskeið og reynslusögur íslenskra stjórnenda, 27. nóvember 2015

Kynntu þér áhrifaríka og margreynda aðferð við innleiðingu á raunverulegum og varanlegum hegðunarbreytingum. Lærðu af reynslu æðstu stjórnenda Landsbankans og Eimskips hvernig stjórnendateymi þeirra hafa nýtt sér aðferðarfræðina til að auka árangur sinn. FranklinCovey hefur á undaförnum áratug þróað skilvirka aðferðarfræði (The 4 Disciplines of Execution – 4Dx) til innleiðingar á stefnumarkandi breytingum í fyrirtækjum. Expectus og FranklinCovey á Íslandi hafa síðastliðin þrjú ár unnið með íslenskum fyrirtækjum að þjálfun stjórnenda og innleiðingu á aðferðarfræðinni. Við bjóðum stjórnendum og þeim sem bera ábyrgð á árangri fyrirtækja og stofnana að sækja morgunstund til að kynnast þessari áhrifamiklu aðferð við að snúa orðum í athafnir og ná framúrskarandi árangri í rekstri.

Stundur:
Föstudaginn 27. nóvember 2015
9:00 til 12:00

Staður:
Nordica Hótel, Salur H

Þáttakendur:
Stjórnendur íslenskra vinnustaða og þeir sem bera ábyrgð á árangri.

Verð:
IKR 19.900.-

Innifalið:
Innifalið í skráningargjaldi er metsölubókin The 4 Disciplines of Execution, þriggja klukkustunda örkynning á aðferðafræði FranklinCovey um innleiðingu stefnu, tveggja tíma einkafundur með ráðgjafa í kjölfar námskeiðsins auk aðgangs að ítarefni á sérstakri vefsíðu og morgunverður.




Skráning hjá:
thora@franklincovey.is
eða í síma 775-7077

Sérfræðingar á sviði innleiðingar stefnu

Ráðgjafar Expectus hafa unnið með aðferðafræði FranklinCovey við innleiðingu stefnu sl. þrjú ár með athyglisverðum árangri.



Kristinn T. Gunnarsson, hjá Expectus, er einn reynslumesti stefnumótunarráðgjafi landsins. Hann hefur leitt á fjórða tug stefnumótunarverkefna og starfað með fjölmörgum af 300 stærstu fyrirtækjum landsins á sviði stefnumótunar, markaðs- og þjónustumála sl. ár auk kennslu við HR. Kristinn er með vottun í 4DX aðferðafræðinni og starfar með teymi Franklin Covey á Norðurlöndunum.



Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans og Hilmar Pétur Valgarðsson, framkvæmdastjóri Eimskips munu deila reynslusögum af innleiðingu 4Dx í fyrirtækjum sínum og sitja fyrir svörum í lokin.

FranklinCovey
www.franklincovey.is

expectus
www.expectus.is



Mínútu þögn var á hádegi um allan heim á mánudaginn vegna árásanna í París. NordicPhotos/AFP

# Hryðjuverkaárásir hafa minni áhrif á fjárfesta

Áhrif hryðjuverkaárása á markaði í heiminum virðast fara þverrandi. Eftir því sem slíkum árásum fjölgar, virðast viðbrögð fjárfesta verða yfirvegaðri og áhyggjur manna af afleiðingum árásanna á alheimshagkerfið minnka. Helstu hlutabréfavísitölur hækkuðu í gær.

Breska blaðið Guardian sagði að ákvörðun Frakka um að svara hryðjuverkaárásunum á föstudaginn af hörku hafi haft þau áhrif að gengi hlutabréfa í fyrirtækjum sem framleiða hergögn hækkaði. Gengi bréfa í einstaka ferðaþjónustufyrirtækjum lækkaði á mánudaginn en hækkaði svo aftur í gær.

Samkvæmt frásögn USA Today hækkuðu hlutabréf almennt í viðskiptum í Bandaríkjunum á mánudaginn. Það er í fyrsta sinn sem slíkt gerist fyrsta viðskiptadaginn eftir að árás af þessu tagi er gerð. Blaðið segir að þetta þýði að hryðjuverk hafi minni áhrif á hagkerfið en þau gerðu áður.

**4,9%**

**lækkun varð á Standard & Poor's hlutabréfavísitölunni daginn eftir árásina á Tvíburaturnana í New York árið 2001.**

Bandaríska Dow Jones vísitalan hækkaði um 237 stig á mánudag og Standard & Poor's 500 vísitalan hækkaði um 1,4 prósent. Hlutabréf hækkuðu líka almennt í Evrópu. Stoxx Europe 600 vísitalan hækkaði um 0,3 prósent og CAC 40 vísitalan í Frakklandi lækkaði um 0,1 prósent.

Daginn eftir að hryðjuverkaárásir voru gerðar á Tvíburaturnana árið 2001 féll Standard & Poor's um 4,9 prósent og féll í heild um 11,6 prósent. Hrun á markaði eftir hryðjuverkaárásir minnkar með hverri árásinni sem gerð er. Í mars 2004 féll S&P 500 um 1,5 prósent eftir hryðjuverkin í Madrid. Lækkunin varð svo 0,8 prósent í júlí 2005 eftir hryðjuverk í Lundúnum.

Markaðir virðast lækka rétt eftir að árásir eru gerðar en jafna sig mjög fljótt. – **jhh**




**Bióstöðin er í Skemmtipakkanum**

# GRÍN, HASAR OG RÓMANTÍK
# **Á BÍÓSTÖÐINNI**

Á Bíóstöðinni er boðið upp á kvikmyndir fyrir alla fjölskylduna, allan sólarhringinn. Bíóstöðin er hluti af Skemmtipakkanum ásamt, Stöð 2, Stöð 3, Krakkastöðinni, Gullstöðinni, Bravó og Stöð 2 Maraþon. Að auki fá áskriftendur áðild að Vild.




**SKEMMTIPAKKINN**

**9.290 kr.**

**Aðeins 310 kr. á dag**

**Fáðu þér áskrift í síma 1817 eða á 365.is**

**365**



# Fjárfesta fyrir 11 milljarða í nýsköpun

**Fjárfestingarumhverfið fyrir sprotafyrirtæki landsins hefur sjaldan verið betra. Þrír nýir sjóðir voru stofnaði í byrjun árs með ellefu milljarða króna fjárfestingagetu og hafa þeir nú þegar fjárfest í tug fyrirtækja. Erfitt getur hins vegar reynst að ná í minna fjármagn.**

Sæunn Gísladóttir
saeunn@frettabladid.is



Nýsköpunarfyrirtækjum stendur til boða mun meira fjármagn hérlendis en var fyrir fáeinum misserum. Fjárfestingarumhverfið fyrir sprotafyrirtæki hefur sjaldan verið betra, að sögn Salóme Guðmundsdóttur, framkvæmdastjóra Klak Innovit.

Þrír nýir vaxtarsjóðir voru stofnaðir í byrjun árs, Eyrir Sprotar, Frumtak 2 og Brunnur. Heildarfjárfestingargeta þeirra nemur 11 milljörðum. Nú þegar hefur Eyrir fjárfest í átta fyrirtækjum, Frumtak í einu, og Brunnur er byrjaður að fjárfesta en ekki fæst uppgefið hversu mörg fyrirtæki það eru. Til stendur að fjölga fjárfestingum sjóðanna.

Samkvæmt fjárlögum næsta árs er gert ráð fyrir að framlög til Tækniþróunarsjóðs hækki um tæplega milljarð og nemi 2,4 milljörðum króna árið 2016. Auk þess eru fjárfestingar bankanna í nýsköpun veigamiklar og nema milljörðum á síðustu árum, bæði í gegnum sjóði og sem stuðningsaðilar í viðskiptahröðlum.

Sjóðirnir vilja gjarnan fjárfesta töluverðum fjárhæðum í hverju sprotafyrirtæki og eignast umtalsverðan hlut í hverju félagi. Það getur hins vegar reynst sprotafyrirtækjum vandasamt að fá aðgang að lægri fjárhæðum gegn litlum eignarhlut. Því verður að leita til einkafjárfesta (viðskiptaengla) fyrir smærri fjármögnun.

Sölvi Melax, meðstofnandi Viking Cars segist standa frammi fyrir því vandamáli að reyna að sækja sér minna fjármagn eftir þátttöku í viðskiptahraðlinum Startup Reykjavík í sumar. Hann telur að lausnin sé ef til vill að skapa meiri hvata fyrir fjárfesta til að setja fé sitt í áhættusamar fjárfestingar.

**3 nýir sjóðir**
**hafa verið stofnaðir það sem af er ári**

**2.353**
**milljóna framlög til Tækniþróunarsjóðs 2016 samkvæmt fjárlögum**

**71 %**
**aukning á framlögum til Tækniþróunarsjóðs milli ára**



Örn Valdimarsson, framkvæmdastjóri Eyris Sprota, segir það hafa komið ánægjulega á óvart hve mikið framboð hafi verið á góðum og áhugaverðum verkefnum. MYND/ÚR SAFNI

## Fjárfestingagetan orðin 3,5 milljarðar króna

Eyrir Sprotar er að mestu í eigu Eyris Invest og Arion. Hann er einn af þremur nýjum sjóðum sem stofnaðir voru í byrjun þessa árs. Sjóðurinn fjárfestir í sprotafyrirtækjum á öllum stigum og í öllum geirum.

Örn Valdimarsson, framkvæmdastjóri Eyris Sprota, segir það hafa komið ánægjulega á óvart hve mikið framboð hafi verið á góðum og áhugaverðum verkefnum frá stofnun. Eyrir hefur fjárfest í átta verkefnum á árinu, meðal annars í InfoMentor, ReMake og Saga Medica. Til stendur að fjölga fjárfestingum og vera með tíu til tólf verkefni.

Ákveðið var að stækka sjóðinn til að sinna fleiri verkefnum. „Eyrir Sprotar fór af stað með 2.500 milljónir í fjárfestingagetu og síðan hefur verið tekin ákvörðun um að hækka það upp í 3.500 milljónir. Það var fyrst og fremst ákveðið að stækka vegna þess hvað var að koma inn mikið af góðum og áhugaverðum verkefnum. Við vildum ekki láta það draga úr okkur að við værum að verða búin með fjárfestingagetuna þegar væru að koma inn góð verkefni. Við höfðum heimild til hækkunar til að sinna því. Auk þess er mikilvægt að hafa ráðrúm til að styðja áfram við verkefni sem við höfum nú þegar fjárfest í,“ segir Örn.

Örn segir jákvætt að hafa fleiri sjóði á markaðnum. „Við höfum góða reynslu af því. Við höfum unnið með fleiri fjárfestum í þessum geira, meðal annars þessum sjóðum, og það hefur gengið ljómandi vel. Það er mikill styrkur að því bæði fyrir fjárfestana, að geta notið stuðnings hver af öðrum, og ekki síður fyrir félögin, sem geta farið á fleiri staði og fengið mismunandi skoðanir, áherslur og stuðning.“

## Fjárfestingarumhverfið fyrir sprota með því besta sem ríkt hefur

Salóme Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Klak Innovit, segist skynja það að fjárfestingarumhverfið hér á landi sé mjög gott og segir það klárlega vera með því besta sem ríkt hefur hér á landi fyrir sprota. „Það stendur til að bæta í Tækniþróunarsjóð og þrír nýir sjóðir voru stofnaðir á þessu ári. Við erum að sjá fyrstu stóru fjárfestingar þessara sjóða verða að veruleika,“ segir Salóme.

Salóme telur að öflug sprotafyrirtæki, til að mynda Meniga, Plain Vanilla og CCP, séu góðar fyrirmyndir og hafi þannig rutt veginn fyrir ný fyrirtæki. „Árangur þessara fyrirtækja hefur vakið athygli fjölmiðla, sem fjalla nú meira um sprotasenuna. Með því verður almenningur líka nær því sem er að gerast og viðhorfið fer að breytast. Háskólanemar eru nú farnir að hugsa meira um að stofna eigið fyrirtæki sem raunverulegan valkost fyrir starfsframa, þetta helst allt í hendur. Það er sama hvar borið er niður, það eru allir meðvitaðir um mikilvægi þess að leggja áherslu á nýsköpun. Að hún sé ein af undirstöðum þess fyrir samfélagið okkar að við vöxum og þróumst í rétta átt,“ segir Salóme.



Salóme Guðmundsdóttir er framkvæmdastjóri Klak Innovit FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Í byrjun þessa mánaðar var verkefnið Startup Tourism kynnt. Um er að ræða nýjan viðskiptahraðal fyrir sprotafyrirtæki í ferðaþjónustu. Klak Innovit fer með umsjón verkefnisins. Hraðallinn er að sögn Salóme frábrugðinn hinum tveimur hröðlunum sem starfandi eru hér á landi þar sem ekki er verið að fjárfesta í fyrirtækjunum sjálfum. „Það var tekin ákvörðun um að fjárfesta ekki í fyrirtækjunum í þessu verkefni, og þar af leiðandi taka ekki eignarhlut í þeim, heldur einbeita okkur að því að miðla áfram því sem felst í prógramminu sjálfu,“ segir Salóme.

> **Það er sama hvar borið er niður, það eru allir meðvitaðir um mikilvægi þess að leggja áherslu á nýsköpun. Að hún sé ein af undirstöðum þess fyrir samfélagið okkar að við vöxum og þróumst í rétta átt.**
>
> Salóme Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Klak Innovit

Tíu fyrirtæki verða valin til að taka þátt í hraðlinum sér að kostnaðarlausu. „Virðið í þessum hraðli er að miklu leyti fólgið í mjög dýrmætu tengslaneti, öflugum bakhjörlum, einkafundum með mentorum og fræðslu og þjálfun. Fyrirtæki geta svo leitað sérstaklega í sjóði sem fjárfesta í fyrirtækjum í ferðaþjónustu að hraðlinum loknum.

„Við teljum þau verða skrefi framar en aðrir bæði af því að þau hafa fengið þessa umfangsmiklu aðstoð og þjálfun og líka vakið athygli í gegnum þátttökuna,“ segir Salóme. Hún segir að þegar farið verði yfir umsóknirnar verði sérstaklega horft á nýnæmi, möguleikann á því að skapa verðmæti og jafnframt á teymið sjálft.

**Bestu jólamarkaðir Evrópu**
**Jólamarkaðir í Evrópu eiga sér langa hefð og eru í hugum margra ómissandi hluti af aðventunni. Rjúkandi kakóbolli og ristaðar möndlur króna upplifunina á ráfi milli sölubása. En hvert á að fara?**
**SÍÐA 2**














**VINSÆLT**
„Við vitum hvað fólk er sólgnast í og veljum réttina eftir því. Þetta hlaðborð hefur verið gríðarlega vinsælt," segir Magnús Ingi Magnússon veitingamaður.
MYND/ANTON

# JÓLAHLAÐBORÐ Á AÐEINS 1.990 KR.!

**MÍNIR MENN KYNNA** *Veisluþjónusta Magnúsar Inga, Mínir menn, býður upp á girnilegt heitt og kalt jólahlaðborð heima, í veislusal eða á vinnustaðnum.*

Jólahlaðborð hlaðið kræsingum á aðeins 1.990 kr. ætti að hljóma vel í eyrum flestra. Mínir menn, veisluþjónusta Magnúsar Inga Magnússonar veitingamanns, býður í ár eins og undanfarin ár upp á einstaklega girnilegt hlaðborð á þessu verði fyrir hópa og fyrirtæki sem er upplagt í jólagleðina á vinnustaðnum, í veislusal eða heima.

„Þetta er klassískt heitt og kalt jólahlaðborð," segir Magnús Ingi. „Við vitum hvað fólk er sólgnast í og veljum réttina eftir því. Þetta hlaðborð hefur verið gríðarlega vinsælt og margir hafa verið tímanlega í því að panta fyrir þessi jól, enda sama sanngjarna verðið."

Á jólahlaðborðinu er karrísíld og rauðrófusíld, djúpsteiktar rækjur, kjúklingur, purusteik og hangikjöt. Meðlætið er ríkulegt; heit sósa, brúnaðar kartöflur, kartöflujafningur, fjölbreytt grænmeti, ferskt salat og súrsæt sósa. Lágmarksfjöldi er tíu manns og Magnús Ingi og hans fólk mætir á staðinn með veisluföngin ef fjöldinn nær fimmtíu eða fleirum.

Ef óskað er eftir annars konar samsetningu á jólaborðið eða meira úrvali er það lítið mál gegn aukagjaldi. „Svo er hægt að velja eitthvað allt annað í jólaveisluna, til dæmis smáréttahlaðborð ásamt pottrétti, einnig á 1.990 kr. Við veitum viðskiptavinum okkur alla nauðsynlega ráðgjöf og mætum einfaldlega óskum þeirra."

*Nánari upplýsingar um það sem Mínir menn hafa upp á bjóða er að finna á minirmenn.is, og Facebook.*

## HEITT OG KALT JÓLAHLAÐBORÐ

| | |
|---|---|
| Karrísíld | Brúnaðar kartöflur |
| Rauðrófusíld | Kartöflujafningur |
| Djúpsteiktar rækjur | Fjölbreytt grænmeti |
| Kjúklingur | Ferskt salat |
| Purusteik | Brauðkossar |
| Hangikjöt | Súrsæt sósa |
| Heit sósa | **1.990 kr. á mann** |




# BESTU JÓLAMARKAÐIR EVRÓPU

**JÓLAFERÐ** *Jólamarkaðir í Evrópu eiga sér langa hefð og í eru í hugum margra ómissandi hluti af aðventunni. Rjúkandi kakóbolli og ristaðar möndlur kóróna upplifunina á ráfi milli sölubása. En hvert á að fara? Ferðalangar alls staðar að úr heiminum hafa sagt skoðun sína á jólamörkuðum á heimasíðunni EuropeanBestDestinations.com. Þar er búið að taka saman tíu bestu jólamarkaðina.*

**1. Strasbourg:** Fer fram 27. nóvember til 31. desember. Jólamarkaðurinn í Strasbourg er elsti jólamarkaðurinn í Evrópu en sögu hans má rekja allt til ársins 1570. Gamlar hefðir og notaleg stemming þykja einkenna markaðinn.

**2. Achen:** Fer fram 20. nóvember til 23. desember. Torgið og göturnar kringum ráðhúsið og dómkirkjuna í bænum breytast í ljósum skrýdda paradís um hver jól. Vöruúrvalið þykir afar fjölbreytt og markaðurinn ein allsherjar sýning.

**3. Vín:** Fer fram 13. nóvember til 26. desember. Heimsókn á jólamarkaðinn í Vínarborg markar jafnan upphaf jólanna hjá mörgum. Vínarborg skartar enda sínu fegursta á aðventunni og ilminn af jólakökum og heitu jólaglöggi leggur yfir strætin.

**4. Nürnberg:** Fer fram 27. nóvember til 24. desember. Bratwurst og piparkökur í stöflum bíða þeirra sem leggja leið sína á jólamarkaðinn í Nürnberg. Þar þykir jafnan mikið sjónarspil að fylgjast með formlegri opnun markaðarins en það gerir „christkind“, hvítklætt barn með ljósa lokka, af svölum kirkjunnar á torginu.

**5. Lille:** Fer fram 18. nóvember til 30. desember. Jólamarkaðurinn í Lille er afar fjölbreyttur, þar má finna varning frá heimamönnum en einnig frá Rússlandi og Póllandi í bland við varning frá frumbyggjum Ameríku.

**6. Dresden:** Fer fram 26. nóvember til 24. desember. Ellefu mismunandi markaðir mynda eina allsherjar jólaveislu á aðventunni í Dresden. Stemmingin er ævintýraleg og ekki hægt annað en hrífast með.

**7. Brussel:** Fer fram 27. nóvember til 3. janúar. Þennan markað ættu gegnheil jólabörn að heimsækja í það minnsta einu sinni um ævina. Ljósa- og litadýrðin fangar gesti um leið og sérstök jólasýning laðar árlega að sér fjölda fólks.

**8. Köln:** Fer fram 23. nóvember til 24. desember. Fallegt jólaþorp rís á aðventunni í miðbæ Kölnar þar sem hægt er að ráfa á milli lítilla kofa og gera jólagjafainnkaupin á einu bretti.

**9. Manchester:** Fer fram 14. nóvember til 21. desember. Jólamarkaðurinn í Manchester hefur skapað sér heimsfrægð. Í ár fer hann fram í sextánda sinn og dreifir sér enn víðar um borgina en áður. Þetta er stærsti jólamarkaðurinn í Bretlandi.

**10. Prag:** Fer fram 28. nóvember til 1. janúar. Prag þykir rómantísk og falleg borg alla jafna en á aðventunni er hún sérstaklega rómantísk og vinaleg. Þar er sterk hefð fyrir jólamarkaði þar sem tónlistarmenn troða upp á torginu í gamla bænum.



**AACHEN** Miðbær Aachen breytist í ljósum prýdda paradís á aðventunni.



**LILLE** Á jólamarkaðinum í Lille má finna fjölbreytt úrval, allt frá jólavarningi frá heimamönnum til vara frá frumbyggjum Ameríku.



**KÖLN** Fallegt jólaþorp rís á aðventunni í miðbæ Kölnar.



**VÍN** Ilminn af jólakökum og heitu jólaglöggi leggur yfir stræti Vínarborgar í aðdraganda jóla.



**STRASBOURG** Saga jólamarkaðarins í Strasbourg teygir sig allt aftur til ársins 1570.




**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429

100bílar.is bílasala



Kia Picanto LX, 5/2014, ek 55 þús km, bensín , beinsk, ásett verð 1490 þús, tilboðsverð 1390 þús, er á staðnum raðnr 151963.

**100 bílar ehf**
**Í miðbæ Mosfellsbæjar,**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18.00 virka daga. Lokað á laugard.**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



VOLVO XC90 DIESEL Árg 2010 hlaðinn búnaði, ek.ca 110 þús., ssk, 7 manna, leður, skoða skipti, verð 6.9m. s. 8477663



Chevrolet spark, 2011, 5gíra, keyrður 49þús, Sími. 6162597

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

**KAUPI BÍLA FYRIR ALLT AÐ MILLJÓN STGR!!**
Óska eftir að kaupa bíla fyrir allt að 1.000.000. staðgreitt. Er með pappíra og pening til að ganga frá því samdægurs ef að samningar nást. Bíllinn má þarfnast lagfæringar og/eða skoðunar. skoða allar tegundir. Hringdu í síma: 659-9696 eða sendu email á 6599696@gmail.com

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Hjólbarðar




**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## Varahlutir




**JAPANSKAR VÉLAR EHF. BÍLAPARTASALA**
Erum að rífa flestar teg. frá asíu og evrópu árg. '99-13. Kaupum flestar teg. bíla. Opið 8-18 virka Dalshraun 26, 220 hfj. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is

## Viðgerðir

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, kangoo. Renni diska og skálar. Sérgrein bremsuviðgerðir. S. 892 7852.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**ÁRATUGA REYNSLA**
Tökum að okkur almennt viðhald og breytingar. Pípulagningaþjónustan Ró ehf. s. 780 3939

## Hreingerningar




Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald




Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

Tveir smiðir geta bætt við sig verkum í nýsmiði og viðhaldi. S: 8617749

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.




## Spádómar

**SPÁSÍMI 908 6116**
Ástir, fjármál og heilsa. Einkatímar í s. 823 6393 Sirrý.

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Viðgerðir

Heimilistæki - Viðgerðarþjónusta. Sækjum og skilum. Casa-Raf ehf S. 845 5976

# KEYPT & SELT

## Til sölu




Ungnautakjöt beint frá býli. Nýjung minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204.







Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og laugardaga 10-16

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)**
**Upplýsingar í síma 661 7000**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Heilnudd. Nuddstofan svæði 112. Uppl. S: 823 5669 eða 693 0348

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
Dalshraun 13 Hafnarfirði
Funahöfða 17a-19, Reykjavík
Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi
VERÐ FRÁ 55.000 á mán. Rent a room price from 55.000 kr. per month.
**gsm 777 1313**
**leiga@leiguherbergi.is**

**TIL LEIGU Á AÐEINS 1000 KR FM!**
129 - 5000 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Atvinnuhúsnæði

**GÓÐ FJÁRFESTING**
Til sölu mjög góð 50 m2 atvinnubil í Steinhellu 14, Hfn. Góð lán - auðveld kaup. Verð frá: 9,9 m S: 661-6800

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Upphitað og vaktað geymslurými. Verð frá 2900kr.mán. SÆKJUM OG SENDUM. S: 615-5005

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**LEBOWSKI BAR**
óskar eftir að ráða fólk í sal í kvöld og helgarvinnu í vetur. Hentar mjög vel fyrir skólafólk. Einnig vantar okkur vana barþjóna á helgarvaktir. Aldurstakmark er 20 ára.
**Umsóknir ásamt mynd sendist á info@lebowskibar.is**

Stýrimaður óskast á 60 tonna netabát Uppl. í síma: 868 2853

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu og geta hafið störf nú þegar.
**Proventus starfsmannaþjónusta - Proventus.is S. 782-8800**

Tek að mér þrif á einkaheimilum. Öll almenn heimilisþrif í boði. Vönduð vinnubrögð. Aneta s: 7854272

# TILKYNNINGAR

## Einkamál




**NUDD?**
Ert þú nuddkona? Auglýstu þjónustu þína hjá Íslendingum.eu. Sláðu inn "Nudd.eu" fyrir nánari upplýsingar.

Skyndikynni á símatorgi. 100% leynd. RaudaTorgid.is



# Vandasamt að ná sér í lægri fjárhæðir

Vandasamt getur verið að sækja sér minna fjármagn að sögn Sölva Melax, meðstofnanda Viking Cars. Fyrirtæki hans, sem er eins konar Airbnb fyrir bíla, tók þátt í viðskiptahraðlinum Startup Reykjavík. Í kjölfar þess hefur það verið að sækjast eftir tiltölulega lítilli upphæð fyrir lítinn hlut í félaginu, en það getur reynst erfitt því fáir sjóðir bjóða upp á það.

„Fyrir mörg af þessum fyrirtækjum þá stendur og fellur verkefnið með fjármagni, það gerir það í raun ekki hjá okkur, þar sem er búið að fjármagna fyrstu skref félagsins og við erum í rekstri sem er byrjaður að skapa tekjur,“ segir Sölvi.

Sölvi segir fjárfestingaþörf Viking Cars vera langt frá lífeyrissjóðunum og að fjárfestingasjóðir séu að leita að stærri upphæðum. „Þannig að þetta eru aðallega einstaklingar, eða englafjárfestar sem eru til í að leggja fram minni upphæðir.“ Hann segir peninginn ekki vera aðalatriðið, heldur sé það að fá inn fjárfesta með þekkingu til að taka fyrirtækið á næsta skref. Það sé að mörgu leyti verðmætara en fjármagn.

Aðspurður segist Sölvi vilja sjá sjóð sem væri að fjárfesta lægri upphæðir, en einnig vanti hvata frá ríkinu til að fá fjárfesta inn í nýsköpunarfyrirtæki. „Í Bretlandi er miklu meiri hvati til að leggja pening í áhættumeiri fjárfestingar, ef fjárfesting gengur ekki eftir þá fær fjárfestirinn endurgreitt að sumu leyti. Ef hvatinn væri meiri væru fleiri aðilar til í að leggja til pening í þetta hér á landi,“ segir Sölvi.



**Sölvi Melax telur að þörf sé á meiri hvata fyrir fjárfesta að leggja fé sitt í nýsköpun.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR GÍSLASON

**Í Bretlandi er miklu meiri hvati til að leggja pening í áhættumeiri fjárfestingar, ef fjárfesting gengur ekki eftir þá fær fjárfestirinn endurgreitt að sumu leyti. Ef hvatinn væri meiri væru fleiri aðilar til í að leggja til pening í þetta hér á landi.**

Sölvi Melax

# Velgengni fyrirtækisins stendur eða fellur með útflutningi

Norður Salt sem framleiðir íslenskt flögusalt var stofnað árið 2012, í lok árs 2013 var farið að selja framleiðsluna í íslenskum matvöruverslunum að sögn Søren Rosenkilde, meðstofnanda fyrirtækisins. Søren, sem stofnaði fyrirtækið ásamt Garðari Stefánssyni, segir frumkvöðlaumhverfið á Íslandi gott, en fyrirtækið komi hins vegar til með að standa eða falla með útflutningi.

„Okkur fannst þetta mjög góð hugmynd að þróa flögusalt. Hugmyndin varð mjög fljótt að veruleika og var fyrsta afhendingin í matvöruverslanir í lok árs 2013,“ segir Søren. Søren segir hugann hins vegar fljótt hafa leiðst að útflutningi. „Í ferlinu vorum við að gera okkur grein fyrir að Ísland er takmarkaður markaður. Hvort fyrirtækið heppnast eða ekki veltur á útflutningi að mínu mati. Ísland er frábær test-markaður, það er tiltölulega auðvelt að fá vöruna sína á markað hér og sjá hvernig ólíkt fólks bregst við. Það fólk sem hefur keypt vöruna á Íslandi hefur hjálpað okkur gríðarlega við að komast í útflutning.“

Søren telur velgengni ekki endilega velta á því fjármagni sem maður hefur, heldur hvort maður eigi flotta vöru sem er tekið vel á móti. „Við byggðum verksmiðju í meðalstærð af því að við vorum búnir að láta okkur dreyma svolítið stórt. Við erum núna loksins komin á stað þar sem við erum komin með reynslu. Það tók ár til að fá nokkra hluti til að virka og finna út hvernig maður býr til þetta flögusalt sem við erum að gera, en þetta gekk mjög fljótt fyrir sig hjá okkur,“ segir Søren.

Søren segir það lykilatriði í útflutningi að geta sett sig í hugarfar neytendans og átta sig á hvað er mikilvægt hjá erlenda kúnnanum. Þá getur maður undirbúið sig betur til að ná meiri árangri. „Við erum til dæmis að selja okkar vöru í súpermarkaði á Íslandi, en í sælkerabúðum í Þýskalandi,“ segir Søren Þeir selja svolítið breitt eins og er og gengur mjög vel að sögn Sørens.



**Søren Rosenkilde, meðstofnand Norður Salts, segist hafa farið fljótlega að hugsa um útflutning.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Í ferlinu vorum við að gera okkur grein fyrir að Ísland er takmarkaður markaður. Hvort fyrirtækið heppnast eða ekki veltur á útflutningi að mínu mati. Ísland er frábær test-markaður, það er tiltölulega auðvelt að fá vöruna sína á markað hér og sjá hvernig ólíkt fólks bregst við. Það fólk sem hefur keypt vöruna á Íslandi hefur hjálpað okkur gríðarlega við að komast í útflutning.**



**Fjárfesting bankanna í nýsköpun nemur milljörðum.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Bankarnir stórtækir á nýsköpunarmarkaði

Stóru bankarnir þrír styðja allir á sinn hátt við nýsköpun. Mesta fjárfestingin er í gegnum eignarhlut þeirra í sjóðum, en hún nemur milljörðum.

Íslandsbanki styður við nýsköpun með sérstökum frumkvöðlasjóði, sem miðar við 10 milljónir í úthlutun. Meðal fyrirtækja sem fengið hafa styrk úr frumkvöðlasjóði Íslandsbanka er Kerecis, Ankra, og IceWind. Einnig er bankinn einn af bakhjörlum Startup Tourism þar sem stutt er við nýsköpun í ferðaþjónustu.

Fjárfesting Arion banka í nýsköpun er tvíþætt. Annars vegar hefur bankinn fjárfest í fjárfestingarsjóðnum Eyrir Sprotar fyrir um milljarð króna. Hins vegar er það fjárfesting í viðskiptahröðlunum Startup Reykjavík og Startup Energy Reykjavík. Arion banki ber allan rekstrarkostnað af Startup Reykjavík og hluta af kostnaðnum við Startup Energy Reykjavík. Kostnaður vegna reksturs og fjárfestinga í félögunum í hröðlunum nemur um 250 milljónum króna á þessu tímabili. Alls nemur fjárfesting á þessu tímabili frá 2012 því um 1.250 milljónum króna. Að auki er bankinn með um eitt og hálft stöðugildi til að sinna og styðja við frumkvöðla og nýsköpunarmál.

Landsbankinn styður meðal annars við nýsköpun í gegnum dótturfélag sitt Landsbréf. Landsbréf átti frumkvæðið að stofnun fjárfestingarfélagsins Landsbréf Icelandic Tourism Fund I slhf. Í sjóðnum eru um tveir milljarðar króna og stefnt er að stækkun. Landsbréf og SA Framtak GP reka einnig Brunn vaxtarsjóð, sem er 4 milljarða króna fagfjárfestasjóður.

Landsbankinn stendur árlega að nýsköpunarviðburðinum Iceland Innovation UnConference, styður við bakið á Svanna og er einn af bakhjörlum Gulleggsins. Á þessu ári hefur Landsbankinn verið einn samstarfsaðila Íslandsstofu í verkefninu Ú/H (Útflutningar/Hagvöxtur) sem styður við bakið á fyrirtækjum sem eru að stíga sín fyrstu skref í starfsemi sem skapar gjaldeyristekjur.



LÁRA BJÖRG BJÖRNSDÓTTIR



## Lára stýrir Suðvestri

Lára Björg Björnsdóttir er framkvæmdastjóri Suðvesturs ehf. Það er nýtt fyrirtæki sem veitir ráðgjöf til fyrirtækja, stofnana og einstaklinga og sér um skipulagningu og framkvæmd viðburða.

Auk Láru Bjargar eru stofnendur og eigendur Suðvesturs þær Birna Anna Björnsdóttir og Silja Hauksdóttir. Allar eru þær kunnar af listsköpun sinni, ritstörfum eða leiklist.

BRYNDÍS ALEXANDERSDÓTIR



## Aðstoðar forstjóra Meniga

Bryndís Alexandersdóttir hefur verið ráðin aðstoðarmaður forstjóra hjá Meniga. Hún mun einnig koma að og stýra verkefnum framkvæmdastjórnar Meniga. Þetta er liður í áframhaldandi vexti félagsins og auknum umsvifum á erlendum mörkuðum, segir í tilkynningu.

Bryndís er með M.Sc.-gráðu í iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands. Hún hefur starfað í öðrum verkefnum hjá Meniga um skeið. – sg

# Ekkert betra en að dýfa sér í sjóinn eftir góða fjallgöngu

**Ásta Bjarnadóttir hefur verið ráðin framkvæmdastjóri mannauðssviðs Landspítala. Hún hefur unnið í mannauðsmálum síðustu sautján ár. Frá árinu 2011 hefur hún starfað við ráðgjöf á sviði stjórnunar, mannauðsstjórnunar og vinnusálfræði. Ásta segir ekkert betra en að dýfa sér í sjóinn eftir góða fjallgöngu.**

## SVIPMYND
ÁSTA BJARNADÓTTIR

Ásta Bjarnadóttir hefur verið ráðin framkvæmdastjóri mannauðssviðs Landspítala. Mannauðssvið er nýtt svið á Landspítala en á síðustu misserum hefur verið lögð aukin áhersla á að þróa Landspítala sem góðan og eftirsóknarverðan vinnustað. Ásta hefur störf í desember.

Aðspurð segir Ásta nýja starfið leggjast vel í sig. „Mér finnst þetta verkefni gríðarlega spennandi. Landspítali er mikilvægasta heilbrigðisstofnunin á landinu, staðurinn þar sem við fæðumst flest og deyjum mörg og allt þar á milli, starfsemin er í raun þjónusta við lífið sjálft, og það er hugsjón sem höfðar mikið til mín,“ segir Ásta. „Undanfarið hefur verið unnið gott starf í mannauðsmálum á spítalanum, þótt erfiðleikar hafi líka verið talsverðir, og ég hlakka til að taka þátt í uppbyggingu til framtíðar.“

Ásta lauk doktorsprófi í vinnusálfræði frá Háskólanum í Minnesota 1997 og hefur síðan starfað sem mannauðsstjóri, háskólakennari og ráðgjafi á sviði mannauðsstjórnunar, meðal annars hjá Háskólanum í Reykjavík, Capacent og Íslenskri erfðagreiningu. Ásta starfaði hjá Háskólanum í Reykjavík á árunum 2001 til 2010, síðustu árin sem framkvæmdastjóri mannauðs og gæðasviðs skólans. Frá árinu 2011 hefur hún starfað sem ráðgjafi hjá Capacent við verkefni á sviði stjórnunar, mannauðsstjórnunar og vinnusálfræði. Hún

**Landspítali er mikilvægasta heilbrigðisstofnunin á landinu, staðurinn þar sem við fæðumst flest og deyjum mörg og allt þar á milli, starfsemin er í raun þjónusta við lífið sjálft, og það er hugsjón sem höfðar mikið til mín.**

hefur frá árinu 2014 komið að stjórnendaþjálfun á vegum Landspítala með áherslu á teymisvinnu stjórnenda og stuðning við úrvinnslu starfsumhverfiskönnunar, auk þess sem hún hefur aðstoðað við stjórnendaráðningar innan spítalans.

Ásta er gift Árna Sigurjónssyni, skrifstofustjóra hjá embætti forseta Íslands, og eiga þau þrjú börn á aldrinum 11 til 22ja ára en fyrir átti Árni eina dóttur. Utan vinnunnar stundar Ásta hreyfingu og hefur mikinn áhuga á útivist. „Ég hef ákaflega gaman af fjallgöngum og útivist, helst í íslenskri náttúru. Ég er í gönguhóp sem gengur alltaf eina viku á sumri saman í óbyggðum og svo fer ég oft út í kraftgöngur með vinkonum mínum yfir veturinn,“ segir Ásta. Aðspurð segir hún Esjuna vera í sérstöku uppáhaldi, en einnig séu ótrúlega mörg yndisleg svæði bæði í nágrenni við Reykjavík og úti um landið. „Og það er ekkert betra en að dýfa sér í sjóinn í lokin á góðum fjallgöngudegi,“ segir Ásta.

Ásta syndir einnig á morgnana í Vesturbæjarlauginni. „Það er mjög



**Ásta segist alltaf hafa unnið mikið og oft komist ekki mikið annað að en fjölskyldan og vinnan.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

mikilvægt þegar maður er mikið að vinna með höfðinu og iðulega lokaður inni á skrifstofum og fundaherbergjum að fá ferskt loft,“ segir Ásta.

Ásta segist alltaf hafa unnið mikið, og oft komist ekki mikið annað að en fjölskyldan og vinnan, en þó kom nýlega inn nýr þáttur þegar þau hjónin fengu sér sumarbústað. „Ætli maður sé þá ekki opinberlega orðinn miðaldra,“ segir Ásta.

saeunn@frettabladid.is



HJÁLPAÐU okkur að hjálpa ÖÐRUM

# Landssöfnun Samhjálpar

## TIL UPPBYGGINGAR MEÐFERÐARHEIMILIS Í HLAÐGERÐARKOTI



*„Við erum óendanlega þakklát fyrir Hlaðgerðarkot. Taktu þátt, hringdu núna!“*

STEFÁN GARÐARSON OG HARPA ÓSKARSDÓTTIR

Að jafnaði eru um 60-70 manns á biðlista eftir meðferð í Hlaðgerðarkoti. Yfir árið er ekki hægt að sinna um 400 einstaklingum. Þörfin er því mikil.

Árið 1974 keypti Samhjálp Hlaðgerðarkot af mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur og hefur rekið þar meðferðarheimili fyrir áfengis- og vímuefnaneytendur allar götur síðan.

Elsti hluti húsakosts Hlaðgerðarkots er frá árinu 1955. Húsnæðið er nú í slæmu ástandi og starfsemin rekin á undanþágu yfirvalda. Því er löngu tímabært að ráðast í nauðsynlegar endurbætur og nýbyggingu til að hægt sé að uppfylla kröfur yfirvalda.

Ef engin hjálp fæst er fyrirséð að starfsemin muni leggjast af. Áætlaður kostnaður við fyrsta áfanga nýrrar byggingar er um 100 milljónir króna.

**Forseti Íslands, Hr. Ólafur Ragnar Grímsson er verndari landssöfnunarinnar.**

# TAKTU ÞÁTT!

**HRINGDU NÚNA Í SÍMA 905-2002 TIL AÐ GEFA 2.000 KR.**
**HRINGDU NÚNA Í SÍMA 905-2004 TIL AÐ GEFA 4.000 KR.**
**HRINGDU NÚNA Í SÍMA 905-2006 TIL AÐ GEFA 6.000 KR.**
**HRINGDU NÚNA Í SÍMA 905-2010 TIL AÐ GEFA 10.000 KR.**

**HRINGDU Í SÍMA 800 5000 EF ÞÚ VILT GEFA BEINT.**

**ÞÚ GETUR MILLIFÆRT BEINT INN Á SÖFNUNARREIKNING KENNITALA 551173-0389 BANKAREIKNINGUR 0322-26-58000**

**FRJÁLS FRAMLÖG Í SÍMA 800 5000 EF ÞÚ VILT GEFA BEINT.**

Nánari upplýsingar á samhjálp.is

VIÐ ERUM STOLTIR BAKHJARLAR HLAÐGERÐARKOTS

A4 | BL | ICELANDAIR | EIMSKIP | KFC | Gæðabakstur | BLUE LAGOON ICELAND | BYKO

Samhjálp

samhjalp@samhjalp.is
Sími 561 1000 • www.samhjalp.is

DYNAMO REYKJAVÍK

## Nýsköpun



**Gísli Kr.**
stjórnarmaður í Samtökum sprotafyrirtækja og framkvæmdastjóri hjá Greenqloud.

# Skortur á nýsköpun í málum nýsköpunarfyrirtækja?

Viðhorf til þeirra sem standa að nýsköpun hefur breyst til batnaðar frá þeim tíma sem ég var að taka mín fyrstu skref í nýsköpun.

Eftir október 2008 virðast Íslendingar loksins hafa skilið mikilvægi nýsköpunar.

Viðhorf til frumkvöðla og sprotafyrirtækja hefur breyst en hins vegar hefur stuðningskerfið ekki tekið eins miklum framförum og eigum við raunar enn þá langt í land hvað það varðar.

Komið er að því að taka til hendi í þessum málaflokki, við erum í samkeppni við aðrar þjóðir um sprotafyrirtækin sem í mörgum tilfellum eru ekki á nokkurn hátt bundin því að starfa á Íslandi (fyrir utan gjaldeyrishöftin).

Það er vel gerlegt að stórefla umhverfi og vaxtarmöguleika sprotafyrirtækja með því að veita fjárfestum skattaafslátt er þeir fjárfesta í óskráðum sprotafyrirtækjum. Hvert er markmiðið? Jú, hvatning til fjárfestinga í litlum fyrirtækjum, að auka verðmætasköpun og fjölga störfum. Hvert fara þessir „skattfrjálsu peningar“? Að megninu til í launakostnað sem að stórum hluta fer í skatt hér á landi og þaðan í ýmsan heimilisrekstur o.s.frv. Sem sagt „skattfrjálsa“ fjármagnið kemur samfélaginu til góða.

Annað dæmi má taka sem myndi efla íslenskt nýsköpunarumhverfi og auðga flóru sérfræðiþekkingar á Íslandi. Í Montreal í Kanada er sérfræðingum í hugbúnaðargerð sem flytja til landsins veittur skattaafsláttur, ef þeir flytja þangað og hefja störf þar þá greiða þeir ekki tekjuskatt fyrstu árin. Hvert er markmiðið? Markmiðið er að létta fyrirtækjunum ráðningar og auka sérfræðiþekkingu á svæðinu sem þá laðar að sér enn fleiri fyrirtæki sem greiða svo skatta þar. Það myndi efla íslenskt nýsköpunarumhverfi og auka sérfræðiþekkingu hér tækjum við þá til fyrirmyndar.

Ég kalla eftir nýsköpun þegar kemur að málefnum sprotafyrirtækja og hvet þá sem sitja í brúnni að hugsa út fyrir kassann og vera gagnrýnir á þá leið sem við erum á.

**Það er vel gerlegt að stórefla umhverfi og vaxtarmöguleika sprotafyrirtækja með því að veita fjárfestum skattaafslátt ef þeir fjárfesta í óskráðum sprotafyrirtækjum**

## Sjálfbær gróðurhús



Ný gróðurhús í Haskovo í Búlgaríu eru kynt upp með jarðvarma úr Haskovo-lindunum og þannig eru ræktuð blóm. FRETTABLAÐIÐ/EPA

# Viðvörunarmerki frá „dr. Alúminíum“



**Lars Christensen**
alþjóðahagfræðingur

Þátttakendur á fjármálamörkuðum segja stundum að alþjóðlegi koparmarkaðurinn hafi doktorspróf í hagfræði – þess vegna er talað um „dr. Kopar“ – vegna getu sinnar til að spá um vendipunkta í hagkerfi heimsins.

Vegna víðtækrar notkunar á kopar á flestum sviðum efnahagslífsins er oft litið á kopar sem góðan meginhagvísi. Almennt gefur hækkandi koparverð til kynna mikla eftirspurn eftir kopar og þar af leiðandi hagvöxt á heimsvísu, en lækkandi koparverð getur verið vísbending um litla eftirspurn og yfirvofandi samdrátt í hagkerfinu.

En þegar Ísland er annars vegar ættum við kannski frekar að tala um „dr. Alúminíum“ í staðinn fyrir dr. Kopar vegna þess hve mikilvægt ál er fyrir efnahagsástandið á Íslandi.

**Dr. Alúminíum er orðinn önugur**

Hvað segir dr. Alúminíum okkur einmitt núna? Því miður eru skilaboðin ekki sérlega jákvæð. Undanfarið hefur álverð farið hríðlækkandi. Þetta eru sannarlega ekki góðar fréttir fyrir íslenskt efnahagslíf.

Þótt íslenska hagkerfið hafi náð sér á strik og flestir hagvísar bendi til aukins verðbólguþrýstings, sem hefur orðið til þess að Seðlabankinn hefur hækkað stýrivexti á undanförnum mánuðum, gæti lækkandi álverð gefið Seðlabankanum ástæðu til að taka skref aftur á bak og meta hve miklum skelli lægra álverð muni valda.

Ég hef stutt þá ákvörðun Seðlabankans að hækka vexti og kannski þarf að hækka þá enn meira, en það væri heimskulegt að hunsa hin skýru merki frá dr. Alúminíum, og á meðan álverð heldur áfram að lækka fáum við í raun „sjálfkrafa“ erfiðari peningamarkaðsskilyrði, sem gerir þörfina fyrir frekari vaxtahækkun ekki eins brýna.

**Ég hef stutt þá ákvörðun Seðlabankans að hækka vexti og kannski þarf að hækka þá enn meira, en það væri heimskulegt að hunsa hin skýru merki frá dr. Alúminíum.**

**Yellen og Kína að kenna**

En af hverju er dr. Alúminíum orðinn svona önugur? Skýringin er (að hluta til) peningaleg. Nú er almennt búist við að Seðlabanki Bandaríkjanna muni hækka stýrivexti í desember og markaðir hafa verið óviðbúnir því hve seðlabankastjórinn, Janet Yellen, er áköf í að hækka vextina. Þetta hefur aukið áhyggjur manna af hagvexti á heimsvísu og um leið hefur sú staðreynd að kínverski gjaldmiðillinn, renminbi, er sama sem bundinn við Bandaríkjadal og valdið stöðugt versnandi peningamarkaðsskilyrðum í Kína þar sem renminbi hefur styrkst samhliða dollarnum. Með öðrum orðum: Kína heldur áfram að „flytja inn“ peningamálastefnu sína frá Bandaríkjunum. Þegar seðlabanki Bandaríkjanna herðir peningamálastefnu sína gera Kínverjar það „sjálfkrafa“ líka.

Þessi versnandi peningamarkaðsskilyrði í „dollarablokkinni“ hafa valdið tiltölulega hröðum samdrætti í alþjóðlegri eftirspurn og þetta er auðvitað meginástæðan fyrir því að álverð hefur hrapað.

Að lokum: Íslenskt efnahagslíf hefur vissulega styrkst og verðbólguþrýstingur hefur farið vaxandi, en nú er Ísland farið að „flytja inn“ erfiðari peningamarkaðsskilyrði frá Bandaríkjunum og Kína í gegnum „álverðsfarveginn“. Svo Seðlabankinn ætti vissulega að eiga gott spjall við dr. Alúminíum um mat hans á horfunum í íslensku efnahagslífi. Það er líklegt að hann sé betri spámaður en einhver hagfræðingur í Kaupmannahöfn.

# Vannýtt hráefni í ferðþjónustu – Tækifæri til fullvinnslu

## Hin hliðin



**Halldóra Hreggviðsdóttir**
framkvæmdastjóri Alta ráðgjafarfyrirtækis

Líta má á áhuga ferðamanna á náttúru, menningu og sögu Íslands sem nokkurs konar hráefni. Ástæða er til að „fullvinna“ þetta hráefni enn frekar en nú er gert, í þeim tilgangi að auka verðmætasköpun í ferðaþjónustu, dreifa álagi á landið og styðja við byggðaþróun.

Fullvinnslan getur falist í þróun nýrra áfangastaða, þjónustu og vara sem byggja á sérstöðu landsins.

Við fullvinnsluna þarf að kortleggja og greina sérkenni, sjálfsmynd og anda svæða og nýta það hráefni sem grunn fyrir stefnumótun, skipulag, markaðssetningu og vöruþróun. Með yfirsýninni sem þannig fæst yfir fjölbreytni landsins og þá ólíku upplifun sem það býður opnast augu okkar fyrir nýjum tengingum og tækifærum.

Jafnframt verður til nauðsynlegur grunnur til að móta sterkt „brand“ eða mark svæðis, en mark lýsir þeirri upplifun sem svæði býður, t.d. út frá sérkennum í umhverfi og menningu og þeirri þjónustu sem er í boði. „Brandið“ verður í raun loforð til þeirra sem sækja svæði heim eða kaupa þaðan vöru, um að þeir muni upplifa eða fá það sem sagt er. „Brand“ sem byggir á sérkennum svæðis getur einnig styrkt sjálfsmynd og stolt heimamanna og ýtt undir samstöðu um sameiginleg markmið við þróun svæðis.

Skipulagsáætlanir eru tilvalin verkfæri við fullvinnsluna. Þær má nýta til að greina og „branda“ svæði og setja fram stefnu um framtíðarþróun sem byggir á sérkennum í sögu og landslagi. Samræmd kynning og markaðssetning á þessum grunni stuðlar síðan að sterkari ímynd svæðis.

Séu minni og stærri svæði tekin skipulega fyrir með framangreindum hætti, má stuðla að því að auðlindir fólgnar í landslagi og sögu verði nýttar sem best til breiðrar verðmætasköpunar. Snæfellingar hafa mótað sér stefnu um byggðaþróun í þessum anda og lagt af stað í vegferð sem þessa (sjá nánar á snaefellsnes.is).

Með því að nýta áhuga ferðamanna – hráefnið, túlka betur og fræða um það sem í tilteknum svæðum býr, getum við fjölgað áfangastöðum, dreift álagi og lengt dvalartíma á hverjum stað. Þannig verður Ísland ekki bara eitt „brand“, ferðamenn hafa ástæðu til að koma aftur og aftur og stuðlað er að aukinni sátt ferðamanna og íbúa.




# Eldborg 26. mars 2016

Hinir heimskunnu Bellamy Brothers eru á leið til landsins og munu flytja alla sína helstu smelli í Eldborg, þann 26. mars. Bræðurnir David og Homer Bellamy slógu rækilega í gegn á 8. áratugnum og hafa æ síðan heillað áheyrendur upp úr skónum með lögum á borð við Let Your Love Flow, If I Said You Had a Beautiful Body Would You Hold It Against Me og ótal fleirum. Ekki missa af þeim bræðrum í Eldborg ásamt hljómsveit í heimsklassa.

**Eldborg Hörpu, 26. mars 2016, kl. 21:00.**

**Miðasala hefst í dag á Harpa.is, Tix.is og í miðasölu Hörpu**

DÆGURFLUGAN

BELLAMY BROTHERS BB

HARPA

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 11. nóvember 2015

FTSE 100
6.268,76 122,38
(1,99%)

vísir
www.visir.is

Viðskiptavefur Vísis
@VisirVidskipti


## Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

## Kvikur bankamarkaður

**Fréttir** bárust af því í gær að hópur lífeyrissjóða með Gildi og LSR fremsta í flokki hafi nálgast slitastjórn Kaupþings með það fyrir augum að kaupa 87% hlut slitastjórnarinnar í Arion banka. Þessi tíðindi berast í kjölfar þess að kröfuhafar Glitnis hafa ákveðið að leggja eignarhlut sinn í Íslandsbanka í hendur ríkisins og uppfylla þannig stöðugleikaskilyrðin svokölluðu, þannig að hægt sé að ganga frá nauðasamningum og taka eignir kröfuhafa úr landi.

**Fréttamaður** sem ræddi við forsvarsmenn lífeyrissjóðanna var snöggur til og spurði hvort til stæði að bjóða erlendum fjárfestum þátttöku. Fátt varð um svör. Það stæði í sjálfu sér ekki til, en lífeyrissjóðirnir væru til umræðu um slíkt ef einhver áhugaverður erlendur kostur kæmi upp úr krafsinu. Sem sagt. Ólíklegt er að erlendir fjárfestar taki þátt í kaupunum.

**Það var** almannarómur í sumar að fjárfestar frá Kína annars vegar, og Austurlöndum nær hins vegar, væru langt á veg komnir með að ganga frá kaupum á Íslandsbanka. Forsvarsmenn slitastjórnarinnar kyntu undir vangaveltum á þessum nótum, sem verður að teljast nokkuð óvanalegt enda þykir ekki góð latína í viðskiptum að gaspra um hluti sem ekki verða.

**Hvort sem** reynsluleysi af alþjóðaviðskiptum af hálfu slitastjórnarinnar var um að kenna eða ekki er ljóst að þessum áhuga var ekki fylgt eftir. Þá er sennilega fundin ástæða þess að kröfuhafarnir fallast á að leggja Íslandsbankahlutinn inn til ríkisins í stað þess að leita alþjóðlegra kaupenda. Erlendir kaupendur hafa ekki verið auðfundnir.

**Líklegasta** niðurstaðan er að hér verði þrír stórir bankar: tveir í ríkiseigu, a.m.k. fyrst um sinn, sá þriðji í eigu lífeyrissjóða. Hvorki ríkið né lífeyrissjóðirnir geta talist ákjósanlegir hluthafar, enda yfirleitt betra aðhald frá þeim sem sýsla með eigið fé en annarra. Ekki bætir úr skák að erlendir fjárfestar virðast seint verða sannfærðir um aðkomu að íslenska bankakerfinu. Það er gömul saga og ný.

**Hér stefnir** því í fremur óspennandi kokteil hjá gömlu bönkunum þremur. Gamalgróið samkrull eignarhalds ríkis og lífeyrissjóða.

**Hvað sem** því líður hljóta aðrir aðilar, á borð við Kviku – sameinaðan banka MP og Straums, að hugsa sér gott til glóðarinnar. Það er ekki meitlað í stein að gömlu bankarnir þrír gíni hér yfir öllu. Meira síðar.


UMHVERFIÐ
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN
Sími 511 1234 • www.gudjono.is


## 77%

### MEIRI SALA Á SÍMUM

Mikil aukning er í sölu snjallsíma það sem af er ári samkvæmt tölum Rannsóknarseturs verslunarinnar. Í október síðastliðnum jókst velta í sölu farsíma um 77,5% að nafnvirði frá sama mánuði í fyrra. Á síðustu tólf mánuðum var velta í sölu þeirra 30% meiri en á tólf mánaða tímabili þar á undan. Húsgagnasala er einnig að sækja í sig veðrið en hún jókst um þriðjung í október.

## 1

### MÁLI LOKIÐ MEÐ ÁKÆRU

Frá því að gjaldeyrishöft voru sett á hefur einu máli, sem Seðlabankinn kærði, verið lokið með ákæru. Á þessum sama tíma hefur Seðlabankinn kært 112 mál. Seðlabankinn tilkynnti málið, sem ákært var í, til Fjármálaeftirlitsins sem kærði það til efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra. Alls hefur sérstakur saksóknari hætt rannsókn 11 mála og Seðlabankinn hefur afturkallað fjögur kærð mál frá árunum 2012–2014.

**13.11.2015**



**Ísland er í meira en þokkalegu lagi og fer batnandi. En við búum við vaxandi mein sem er helsta ástæða reiðinnar sem maður finnur svo víða. Það birtist í auknum ójöfnuði. Bilið milli efsta lagsins í samfélaginu og allra hinna er alltaf að gliðna og breikka. Það á ekki bara við um Ísland, heldur V-Evrópu alla.**

Össur Skarphéðinsson alþingismaður


FALLEG GLÖS
GLEÐJA AUGAÐ



FASTUS ehf býður upp á mikið úrval af fallegum glösum.
Komið í verslun okkar að Síðumúla 16 og fáið ráð reyndra fagmanna við val á réttu glösunum.

FASTUS Veit á vandaða lausn

Verið velkomin í verslun okkar að Síðumúla 16
Opið mán - fös 8:30 - 17:00
Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900 • www.fastus.is

## til sölu

# Seldu bílinn á sjálfsalinn.is

Nýr auglýsingamiðill fyrir farartæki þar sem kaupendur
Og seljendur ganga frá viðskiptum milliliðalaust



Skráðu bílinn frítt í
nóvember
ENGIN SÖLULAUN

SJÁLFSALINN.IS

## tilkynningar

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

# Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

### Kjalarnes Vík

Umhverfis og skipulagsráð Reykjavíkur samþykkti þann 28. október 2015 og borgarráð Reykjavíkur þann 5. nóvember 2015 að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Vík á Kjalarnesi. Í breytingunni felst aukning á byggingarmagni lóðarinnar ásamt færslu á byggingarreit umhverfis núverandi hús þannig að unnt verði að byggja við og stækka húsið.

Tillagan liggur frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 - 16:15, frá 18. nóvember 2015 til og með 30. desember 2015. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðunni, ***www.reykjavik.is***, undir skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega, til umhverfis - og skipulagsviðs, b.t. skipulagsfulltrúa, eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 30. desember 2015. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík 18. nóvember 2015
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

» Ráðningarþjónusta

# Leitar þú að starfsmanni?

**HH Ráðgjöf** hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

- **Vinnusparnaður**
  Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.
- **Markviss leit**
  Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.
- **Þriggja mánaða ábyrgð**
  Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.
- **Ekkert staðfestingargjald**
  Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavini okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.
- **Fjöldi hæfra umsækjenda**
  Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.
- **Fjölbreyttar þjónustuleiðir**
  Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.
- **Reynsla og þekking**
  Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.
- **Sanngjarnt verð**
  Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!




**HH Ráðgjöf** er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is

HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

## fasteignir

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

# OPIN HÚS Í DAG

### Birkiholt 4 – Garðabæ. 2ja herbergja íbúð.

**Eignin verður til sýnis frá kl. 17.15 – 17.45**




Falleg 76,2 fm. íbúð með sérinngangi af svölum á 2. hæð að meðt. sér geymslu. Stofa með útgengi á rúmgóðar svalir til vesturs. Fallegar eikarinnréttingar. Skóli og sundlaug eru í göngufæri. Næg bílastæði. **Eignin getur verið laus til afhendingar fljótlega. Verð 25,9 millj. Verið velkomin.**

### Helluvað 17. 2ja – 3ja herbergja íbúð á jarðhæð.

**Eignin verður til sýnis frá kl. 17.15 – 17.45**




Mjög falleg og björt 88,0 fm. íbúð á jarðhæð með verönd og sér garði til suðurs auk sér bílastæðis í upphitaðri og lokaðri bílageymslu við Helluvað í Reykjavík. Nýlegt parket á gólfum. Opið eldhús við stofu með fallegum eikarinnréttingum og góðri borðaðstöðu. Stofa með útgengi á verönd. **Verð 32,9 millj. Staðsetning eignarinnar er góð með tilliti til að stutt er í leikskóla, barnaskóla og alla þjónustu.Verið velkomin.**

### Langagerði 14

**Eignin verður til sýnis frá kl. 17.15 – 17.45**




Vel staðsett 114,6 fm. einbýlishús, hæð og ris á þessum eftirsótta stað í Smáíbúðahverfinu. Bílskúrsréttur fylgir eigninni. Samliggjandi stofur. Fjögur herbergi. Lóðin er ræktuð og með hellulagðri verönd. Við inngang hússins er stór flísalagður pallur. Hiti er í palli og í flísalögðum útitröppum. **Eignin er afar vel staðsett efst í botnlanga. Verð 47,5 millj.Verið velkomin.**

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**

TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU

SAFT



Ástkær móðir mín,
**Rósa Jónsdóttir**
til heimilis að Hólsvegi í Reykjavík,
fædd 13. október 1942,
lést 9. nóvember síðastliðinn
á Landspítalanum Vífilsstöðum. Útförin
fer fram fimmtudaginn 19. nóvember
kl. 13.00 í Kópavogskirkju.

**Gríma Sóley** **Viðar Guðmundsson**
**og börn.**

---



Okkar ástkæri,
**Ingi Þór Guðmundsson**
frá Hrafntóftum,
síðar að Dufþaksholti,
lést á Dvalarheimilinu Kirkjuhvoli
þann 14. nóvember. Útförin fer
fram í Stórólfshvolskirkju laugardaginn
21. nóvember kl. 11. Við viljum þakka starfsfólki
Dvalarheimilisins á Kirkjuhvoli fyrir ástúðlega umönnun.

**Fjölskylda og vinir.**

---



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda
samúð og hlýhug við andlát og útför
ástkærrar móður, tengdamóður,
ömmu og langömmu,
**Jóhönnu Sigurbjargar Markúsdóttur (Lillu)**
Sérstakar þakkir færum við starfsfólki
Karítas fyrir einstaka umönnun og stuðning.

**Aldís Guðmundsdóttir** **Bjarni Þormóðsson**
**Gerður Guðmundsdóttir** **Óskar Þorbergsson**
**Már Guðmundsson** **Björg Sigmundsdóttir**
**Berglind Guðmundsdóttir** **Sigurður Björnsson**
**ömmubörn og langömmubörn.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
**Margrét Ásmundsdóttir**
Hnitbjörgum,
áður Húnabraut 34, Blönduósi,
lést á Landspítalanum miðvikudaginn
11. nóvember 2015. Útförin fer fram í
Blönduóskirkju laugardaginn 21. nóvember kl. 13.00. Blóm
og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar
er bent á Heilbrigðisstofnun Norðurlands, Blönduósi,
Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi eða Orgelsjóð
Blönduóskirkju.

**Ragney Guðbjartsdóttir**
**Þórhalla Guðbjartsdóttir** **Vilhjálmur Karl Stefánsson**
**Jónína M. Guðbjartsdóttir** **Sigurjón Þór Vignisson**
**Kristinn Ólafsson** **Mareva Nardelli**
**Hildur Björg Vilhjálmsdóttir** **Ívar Veiðileysufjörð**
**Margrét A. Vilhjálmsdóttir** **Ágúst Þorvaldsson**
**Guðbjartur S. Vilhjálmsson** **Ágústa Rós Ingibjörnsdóttir**
**Freyja Rán Sigurjónsdóttir**
**Jónatan Þór Sigurjónsson**
**Brynhildur Þorbjörg Þórhallsdóttir**

---



Ástkær dóttir okkar, barnabarn
og barnabarnabarn,
**Viktoría Aðalsteinsdóttir**
lést á vökudeild Landspítalans
þann 6. nóvember. Útför fór fram í kyrrþey
16. nóvember. Þeim sem vilja minnast hennar er bent
á Barnaspítalasjóð Hringsins.

**Aðalsteinn Már Ólafsson** **Katrín Vilborgardóttir Gunnarsdóttir**
**Ólafur Magnús Håkansson** **Kristín Aðalsteinsdóttir**
**Vilborg Davíðsdóttir**
**Gunnar Árnason** **Kristjana Helga Jónasdóttir**
**Katrín Gunnarsdóttir**
**Jóhann J. Kárason** **Ragnheiður Ingibjörg Guðbjartsdóttir**

---



Elskuleg eiginkona mín, móðir,
tengdamóðir, amma og langamma,
**Jóhanna Sigríður Sigurðardóttir**
Látraströnd 15, Seltjarnarnesi,
lést á Landspítalanum við Hringbraut
15. nóvember. Útförin fer fram frá
Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 20. nóvember kl. 11.

**Brynjólfur Halldórsson**
**Sigurður Brynjólfsson** **Kristín Ólafsdóttir**
**Guðrún Brynjólfsdóttir** **Gylfi Kjartansson**
**Björk Brynjólfsdóttir** **Morten Toft**
**barnabörn og langömmubarn.**

---



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir og amma,
**Þóra Haraldsdóttir**
Vesturbergi 52,
lést á líknardeild Landspítalans
laugardaginn 14. nóvember.

**Óskar Ármannsson**
**Haraldur Bjarni Óskarsson**
**Harpa Óskarsdóttir** **Jens Pétur Kjartansson**
**Óskar Ingi Jensson** **Elías Bjarni Jensson**

---



Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug
vegna andláts og útfarar ástkærrar
móður okkar, tengdamóður, ömmu,
langömmu og langalangömmu,
**Geirþrúðar Stefánsdóttur**

**Birgir Aðalsteinsson** **Guðni Garðarsson**
**Guðrún Aðalsteinsdóttir** **Birna Aspar**
**Guðbrandur Sævar Karlsson**
**Stefán Aðalsteinsson** **Sigríður S. Helgadóttir**
**og fjölskyldur.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
**Ingiríður Hansína Kristmundsdóttir**
frá Glaumbæ í Staðarsveit,
Þórólfsgötu 12a, Borgarnesi,
andaðist miðvikudaginn 11. nóvember
í Brákarhlíð Borgarnesi. Útförin fer fram frá
Borgarneskirkju, föstudaginn 20. nóvember kl. 14.00.

**Salóme María Einarsdóttir** **Kristján Sigurðsson**
**Helgi Sigurvin Einarsson** **Halldóra Guðrún Ólafsdóttir**
**Sigrún Einarsdóttir** **Jóhann Pálsson**
**Ingveldur Einarsdóttir**
**Jón Einarsson** **Inga Jóna Guðlaugsdóttir**
**Kristmundur Einarsson**
**Guðmundur Einarsson**
**og fjölskyldur.**

---



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og systir,
**Margrét Oddsdóttir**
Brekkuskógi,
lést á Landspítalanum við Hringbraut
föstudaginn 13. nóvember. Útförin fer
fram frá Skálholtsdómkirkju laugardaginn
21. nóvember kl. 14.00. Blóm og kransar eru vinsamlega
afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á
deild 11G á Landspítalanum.

**Oddur Óskar Pálsson** **Bryndís Reynisdóttir**
**Hekla Hrönn Pálsdóttir** **Nils Guðjónsson**
**Kristinn Páll Pálsson** **Jóna Petra Guðmundsdóttir**
**barnabörn.**
**Þórhildur Oddsdóttir**
**Örnólfur Oddsson**
**Jón Halldór Oddsson**
**Gunnar Oddsson**
**Bára Elíasdóttir**
**og makar.**

---

# Hugsi yfir afmælinu

## Ætlar að lesa undir próf í viðskiptasiðfræði.

Svanhildur Konráðsdóttir, sviðsstjóri hjá borginni, er fimmtug í dag en hyggur ekki á veislu. „Vinir mínir og fjölskylda héldu svo fallega upp á fertugsafmælið mitt að það verður ekki toppað. Því fylgdi líka jákvæð orka að verða fertug en ég er í hálfgerðri krísu yfir þessu fimmtugsafmæli og veit að það er ótrúlegt vanþakklæti. Fólki sem er komið lengra er líka að takast að sannfæra mig um að þetta sé bara stórkostlegt. Ég þarf að lesa undir próf í viðskiptasiðfræði, svo er aldrei að vita nema ég splæsi í partí þegar prófið er búið. Geðið er á uppleið.“ – **gun**



**„Geðið er á uppleið,“ segir Svanhildur.** MYND/ÚR EINKASAFNI

---

Innilegar þakkir sendum við öllum þeim er auðsýndu
okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar okkar
elskulega
**Magnúsar Fjalldal**
prófessors.

**Ása Magnúsdóttir** **Stefnir Guðmundsson**
**Eyrún Guðnadóttir** **Vigfús J. Vigfússon**
**Kolbrún Völkudóttir**
**Valka Jónsdóttir** **Guðni Kjartansson**
**Dagný Michelle Jónsdóttir** **Kristján Guðmundsson**
**og barnabörn.**

---



Elskuleg móðir, tengdamóðir,
amma og langamma,
**Rannveig Þorsteinsdóttir**
hjúkrunarheimilinu
Droplaugarstöðum,
áður til heimilis að Akurgerði 2,
lést 4. nóvember. Útförin hefur þegar farið
fram. Innilegar þakkir til ættingja og vina fyrir samúð og
hlýhug í veikindum hennar. Sérstakar þakkir til starfsfólks
Droplaugarstaða fyrir trausta og góða umönnun öll árin.

**Sævar Guðjónsson** **Ásrún Ellertsdóttir**
**Úlfar Guðjónsson** **Marie Fournier**
**Guðjón Þór Guðjónsson** **Anna Jakobína Hilmarsdóttir**
**og fjölskyldur.**

---



Elskuleg frænka okkar,
**Jóhanna Gunnlaugsdóttir**
Dalbæ,
Dalvík,
sem lést á dvalarheimilinu Dalbæ
miðvikudaginn 11. nóvember sl., verður
jarðsungin frá Dalvíkurkirkju föstudaginn
20. nóvember kl. 13.30.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Þórir Stefánsson**
**Alma Stefánsdóttir**
**Gunnar Kristinsson**

---



Okkar ástkæra,
**Hlíf Böðvarsdóttir**
frá Laugarvatni,
Dalbraut 27,
er lést 12. nóvember síðastliðinn,
verður jarðsungin frá Háteigskirkju
föstudaginn 20. nóvember kl. 13.00.

**Böðvar Guðmundsson**
**Guðlaug Edda Guðmundsdóttir**
**Inga Lára Guðmundsdóttir** **Ingvi Þorsteinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# FYRIR NESBØRNNIN!




## KRAFTMIKILL AFTANBLÆR

**„Dæmi um lifandi ímyndunarafl, léttleika og skemmtilegheit. Börn jafnt sem fullorðnir munu njóta og gleðjast yfir þessari.“**
Úlfhildur Dagsdóttir / Bókmenntir.is

**Doktor Proktor og prumpuduftið**
**Vildarverð: 3.499.-**
Verð: 4.299.-

## TÍMALAUST TÍMAFLAKK

**„Frábær saga, klikkuð og öskrandi fyndin!“**
Aftenposten




**Doktor Proktor og tímabaðkarið**
**Vildarverð: 3.499.-**
Verð: 4.299.-



VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Vildarverð gildir 18. nóv, til og með 25. nóv. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Miðvikudagur




Áfram er spáð norðaustanátt á landinu víða í dag, 8-13 m/s. Léttskýjað á Suður- og Suðvesturlandi, en él norðan til á landinu og samfelld snjókoma þar um tíma síðdegis. Frost yfirleitt 0 til 8 stig.

### Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| -4° | -10° | -7° |
| ↙8 | ↙6 | ↓5 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -6° | -5° | -11° |
| ↘8 | ↓6 | ↓5 |

### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| -4° | -4° | -11° |
| ↖9 | ↗7 | ↗6 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -15° | -9° | -10° |
| ↗5 | ↘8 | ↗4 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. mórauð kind
6. fingerð líkamshár
8. starfsgrein
9. amboð
11. í röð
12. kál
14. gimsteinn
16. grískur bókstafur
17. angan
18. tunna
20. dreifa
21. glufa

**LÓÐRÉTT**
1. flauel
3. ógrynni
4. alls
5. tálbeita
7. eilífð
10. skordýr
13. spendýr
15. lítill
16. krot
19. frá



**LÁRÉTT:** 2. mosa, 6. ló, 8. fag, 9. orf, 11. mn, 12. salat, 14. tópas, 16. pí, 17. ilm, 18. áma, 20. sá, 21. rifa. **LÓÐRÉTT:** 1. flos, 3. of, 4. samtals, 5. agn, 7. óratími, 10. fló, 13. api, 15. smár, 16. pár, 19. af.

## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 1 | | | 2 | | 9 |
| | | 4 | | | | 3 | | 5 |
| | | | 6 | 3 | | 4 | 8 | |
| 5 | 4 | | | 6 | | | 9 | |
| 2 | 8 | | 7 | 1 | | | | |
| | 9 | 1 | | 8 | 4 | | | 7 |
| | | | 8 | | 3 | | | |
| 6 | 2 | | | 7 | | | | |
| | 1 | 3 | | | | 8 | 4 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 1 | 5 | | 3 | | | | |
| | | 7 | | | | | 8 | 5 |
| 4 | | 2 | | 7 | | | | |
| | | | 7 | 5 | | 3 | 9 | |
| 1 | | | | | | | 7 | 2 |
| | 8 | | | 2 | | | | |
| | | 4 | | 9 | | 8 | 2 | |
| 9 | | | | 8 | | | | |
| 3 | | | 4 | | 2 | 6 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 7 | 1 | 6 | | | 5 | 4 |
| | | | 9 | | | | 3 | |
| | 6 | 8 | | 4 | | 7 | | |
| 8 | | | | | | | | 5 |
| 1 | | | 4 | | 6 | 8 | | |
| | | | | | | | 4 | 7 |
| | | | 6 | 5 | 1 | | | |
| | | | 7 | | | 9 | | 3 |
| | | 2 | | 9 | 3 | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 5 | 9 | 8 | 3 | 1 | 7 | 6 | 2 |
| 6 | 1 | 7 | 4 | 2 | 9 | 5 | 8 | 3 |
| 2 | 3 | 8 | 7 | 5 | 6 | 4 | 9 | 1 |
| 9 | 6 | 3 | 5 | 7 | 4 | 1 | 2 | 8 |
| 5 | 2 | 1 | 6 | 9 | 8 | 3 | 7 | 4 |
| 7 | 8 | 4 | 3 | 1 | 2 | 6 | 5 | 9 |
| 8 | 4 | 5 | 9 | 6 | 3 | 2 | 1 | 7 |
| 1 | 9 | 6 | 2 | 4 | 7 | 8 | 3 | 5 |
| 3 | 7 | 2 | 1 | 8 | 5 | 9 | 4 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 7 | 1 | 4 | 3 | 8 | 2 | 6 | 9 |
| 2 | 6 | 3 | 7 | 9 | 5 | 8 | 1 | 4 |
| 8 | 4 | 9 | 1 | 2 | 6 | 5 | 3 | 7 |
| 6 | 3 | 2 | 8 | 7 | 4 | 1 | 9 | 5 |
| 4 | 5 | 8 | 9 | 6 | 1 | 3 | 7 | 2 |
| 9 | 1 | 7 | 2 | 5 | 3 | 4 | 8 | 6 |
| 3 | 8 | 6 | 5 | 4 | 9 | 7 | 2 | 1 |
| 7 | 9 | 5 | 3 | 1 | 2 | 6 | 4 | 8 |
| 1 | 2 | 4 | 6 | 8 | 7 | 9 | 5 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 8 | 6 | 2 | 7 | 9 | 3 | 4 | 1 |
| 2 | 9 | 7 | 1 | 3 | 4 | 8 | 5 | 6 |
| 1 | 3 | 4 | 5 | 8 | 6 | 2 | 7 | 9 |
| 9 | 2 | 8 | 6 | 5 | 7 | 1 | 3 | 4 |
| 3 | 4 | 5 | 8 | 9 | 1 | 6 | 2 | 7 |
| 6 | 7 | 1 | 3 | 4 | 2 | 5 | 9 | 8 |
| 7 | 1 | 3 | 9 | 2 | 8 | 4 | 6 | 5 |
| 8 | 5 | 9 | 4 | 6 | 3 | 7 | 1 | 2 |
| 4 | 6 | 2 | 7 | 1 | 5 | 9 | 8 | 3 |







## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Framandi heimur í túngarði okkar allra

BÆKUR

**Hin hálu þrep – Lífshlaup mitt**
★★★☆☆

**Höfundur** Bjarni Bernharður Bjarnason
Egóútgáfan
**Kápa og myndir í bók** Bjarni Bernharður Bjarnason
**Prentun** Leturprent
181 bls.




Lífshlaup Bjarna Bernharðs Bjarnasonar sem hann segir frá í sjálfsævisögu sinni Hin hálu þrep er óvenjulegt og forvitnilegt í senn. Bjarni Bernharður var fæddur á Selfossi árið 1950 inn í barnmarga alþýðufjölskyldu , ástlaust hjónaband foreldra sinna, fordóma samfélagsins gagnvart fátækt og því að vera öðruvísi. Æska Bjarna var enginn dans á rósum og minnist hann þess tíma með meiri biturð en hlýju.

Bjarni fer ungur maður að heiman, stundar ýmis störf einkum til sjós en fljótt verður skemmtana- og bóhemalíf stór þáttur í lífi hans og sjálfsmynd. Sköpunarkrafturinn kallaði sterkt á ungan mann. Það er ekki ætlunin að rekja lífshlaup Bjarna Bernharðs hér frekar, það skal eftirlátið lesendum að kynnast því nánar í þessari athyglisverðu bók, en þess ber þó að geta að mikil áfengis-, hass- og sýruneysla í anda hippakynslóðarinnar mótaði lengi vel líf Bjarna og list. En sýruneyslan hafði einnig í för með sér að Bjarni fór í geðrof og hefur glímt við geðræn veikindi æ síðan þar sem listræn sköpun hefur greinilega löngum verið honum sterkt haldreipi í ólgusjó.

Frásögn Bjarna um Hin hálu þrep lífshlaupsins er línuleg, beinskeytt og afdráttarlaus. Allt frá fæðingu til samtímans rennur frásögn Bjarna þétt og vel og svo er framvindan að sönnu öll hin áhugaverðasta. Á stundum saknar maður þess þó eilítið að sögumaður gefi sér aðeins betri tíma og veiti lesendum nánari innsýn í þann heim sem fyrir augu ber hverju sinni. Þannig er það til að mynda með æskuárin og eins með ákveðna tíma í Kaupmannahöfn þar sem Bjarni bjó um tíma ásamt konu og tveimur börnum þeirra. En lítil sem engin mynd er dregin af svo nákomnum samferðamönnum Bjarna og er það miður.

Það er í sterkri mótsögn við það mikla vægi sem fíkniefnaneyslan hefur í lýsingum sem og endurliti öllu. Það sýnir vissulega fram á hversu stór þáttur þetta hefur verið í lífi höfundar en að sama skapi þá verður framvindan á köflum helst til einsleit fyrir vikið.

Bjarni Bernharður hefur áratugum saman fengist við bæði ljóðlist og myndlist og þann þátt í lífi sínu og sjálfi fléttar hann vel inn í frásögnina allt frá upphafi. Ljóð og myndprentanir brjóta upp línulega frásögn og afdráttarlausan stíl og veita ákveðna innsýn í hugarheim sögumanns á hinum ólíkustu æviskeiðum. Það leynir sér ekki heldur að Bjarni er gagnrýninn á eigin verk frá fyrri æviskeiðum og með þeim hætti myndast á köflum skemmtileg samræða á milli sögumannsins við hugmyndir og sjálf liðinna ára.

Frásagnarstíll Bjarna er sterkur og beinskeyttur enda sagan að mestu keyrð áfram af miklum krafti eins og til að mynda í Evrópuferðinni miklu. Bjarni mætti þó á stundum nýta frekar í sér ljóðskáldið í prósanum og láta eftir sér ljóðrænuna sem hann ótvírætt býr yfir.

Heilt yfir er Hin hálu þrep athyglisverð og áhrifarík bók enda dregur Bjarni Bernharður ekkert undan og segir afdráttarlaust frá lífi sínu í veröld fíkniefna og geðsjúkdóma sem er að finna í túngarði okkar allra en er engu að síður flestum okkar ókunnur. Fyrir það á Bjarni Bernharður miklar þakkir skildar.
**Magnús Guðmundsson**

**NIÐURSTAÐA** Hispurslaus frásögn af forvitnilegri ævi sem er mörkuð mótlæti allt frá fyrstu árum. Bók sem óhætt er að mæla með.

# Óumræðanlega frábær bók

BÆKUR

**Mamma klikk**
★★★★★

**Höfundur** Gunnar Helgason
**Útgefandi** Mál og menning
**Prentun** Oddi
192 bls.
**Myndir** Rán Flygenring




Gunnar Helgason sigraði hjörtu lesenda barnabókmennta í fótboltabókunum fjórum. Undirrituð var afar hrifin af fjörleiknum en hallast jafnvel að því að hér sé kominn systurbetrungur þeirra.

Mamma klikk fjallar um hina tólf ára Stellu sem glímir við ýmis vandamál, eins og eðlilegt er þegar maður er tólf ára, en stærsta vandamálið hlýtur að vera mamma. Hún getur ómögulega hagað sér á almannafæri og er stöðugt að verða Stellu greyinu til skammar.

Nýlega sprengdi hún skalann með því að tilkynna öllum frænkunum í fermingarveislu nokkurri að Stella væri byrjuð á blæðingum. Stella hélt hreinlega hún yrði ekki eldri – en svo er ekki, því hún verður það nefnilega mjög bráðlega ... og það er mikilvægt að mamma skemmi ekki afmælisveisluna.

Auðvitað fer ekki á milli mála að mamma er bæði stórskemmtileg og umhyggjusöm móðir. Meira að segja Stella sér það inn á milli, en hún er bara svo óþolandi! Hún minnti undirritaða raunar á móður æskuvinkonu sinnar sem sjaldan sat á sínu eða hikaði við að syngja hástöfum með baráttulögum. En sagan er alls ekki skrifuð til að kenna krökkum að elska mæður sínar eins og þær eru, það er aukaatriði. Sagan fjallar í raun um eitthvað allt annað.

En það er mikilvægt að segja ekki of mikið því ýmislegt er ósagt í sögunni og óviðjafnanleg lestrarupplifun að fá að átta sig smám saman á stöðu mála. Gunnar Helgason nýtir bókarformið fullkomlega og kemur aftan að lesendum sínum, þótt þá reyndustu gruni fljótlega að ekki sé allt uppi á borðum.

Frásögnin er leikandi, brjálæðislega fyndin og grípur lesandann heljartökum svo honum reynist erfitt að leggja bókina frá sér. Persónur eru marghliða, vel skapaðar og auðvelt að þykja vænt um þær allar – hverja eina og einustu.

Umfjöllunarefnið og sjónarhornið er frumlegt, verðugt og framkvæmt af leikandi snilld. **Halla Þórlaug Óskarsdóttir**

**NIÐURSTAÐA** Algjörlega – og óumræðilega – frábær saga sem fjallar um verðug málefni frá gelgjulegu sjónarhorni. Það er erfitt að leggja þessa fallegu og fyndnu bók frá sér.





Flug fyrir 2 með öllum notuðum Mercedes-Benz

Mercedes-Benz B-Class nýtur mikilla vinsælda, enda framúrskarandi kostur. Öllum notuðum B-Class **fylgja vetrardekk** og þeir hafa staðist **þjónustuskoðun** fyrir veturinn.

Að auki fylgir **flug fyrir tvo með WOW Air** öllum notuðum Mercedes-Benz í eigu Öskju í nóvember. Tilboðið gildir fyrir bifreiðar að verðmæti 1,5 milljónir eða meira.

Mercedes-Benz
The best or nothing.

**B 180 árgerð 2013, ekinn 38 þús. km, sjálfskiptur, dísil, 109 hö.**

Bakkmyndavél, árekstrarvari, krómpakki, hiti í framsætum, 16" álfelgur, inniljósapakki, sætisþægindapakki o.fl.

**Verð 4.490.000 kr.**
**Afb./mán. 42.200 kr.***

*Mánaðargreiðsla m.v. 50% bílalán í 72 mánuði. Vextir 9,25% og árleg hlutfallstala kostnaðar 11,06%

WOW air
**Flug fyrir 2** til Kaupmannahafnar, Berlínar, London eða Dublin.

Kletthálsi 2 • 110 Reykjavík • Sími 590 2160 • www.notadir.is.
Opið virka daga kl. 10–18 og laugardaga kl. 12–16.

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR

NÁTTÚRULEGA
BETRI
UMBÚÐIR




Það er lítið mál að endurvinna nýju Smjörva umbúðirnar.
Þú tekur bara pappann af plastöskjunni og setur í pappírstunnuna.

Gámar fyrir plastumbúðir eru á næstu grenndarstöð eða endurvinnslustöð.




ENNEMM / SÍA • NM71940

SKEMMTIPAKKINN
9.290 kr.
Aðeins 310 kr. á dag
FÁRÁNLEGA
FLOTTUR PAKKI
FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT á 365.is
365
365.is
Sími 1817



„Hanna Dóra söng af öryggi," segir í dómnum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Hver var eiginlega þessi Mignon?

**TÓNLIST**
**Hanna Dóra Sturludóttir og Gerrit Schuil**
★★★☆☆

**Fluttu lög eftir Schubert, Schumann og Wolf**
Hannesarholti
sunnudaginn 15. nóvember

Umgjörð tónleika söngkonunnar Hönnu Dóru Sturludóttur og píanóleikarans Gerrits Schuil var dálítið ábótavant. Tónleikaskráin var afskaplega fátækleg, aðeins eitt A4 blað með svo til engum upplýsingum. Á því stóð að flutt yrðu fjögur ljóð Mignon úr skáldsögu Goethes um Wilhelm Meister í tónsetningu þriggja tónskálda, Schuberts, Schumanns og Wolfs (Tsjajkovskí átti aukalagið). Titlar ljóðanna voru tilgreindir, en lítið annað.

Gerrit bætti aðeins úr þessu með því að kynna dagskrána á undan tónleikunum. En það var í skötulíki. Maður fékk ekki að vita hver Mignon var, bara að hún væri persóna í sögunni eftir Goethe. Og það var ekkert um ljóðin.

Skáldsaga Goethes er um náunga sem hafnar borgaralegum gildum í leit að sjálfum sér. Hann kynnist ungri, dularfullri stúlku, Mignon að nafni, sem hann frelsar úr ánauð. Mignon syngur nokkrum sinnum í bundnu máli í bókinni. Þar fær lesandinn að kynnast karakter og sögu hennar betur, lærir um tilfinningar hennar og langanir. Það eru þessi ljóð sem tónlist hefur verið samin við. Veita hefði átt áheyrendum innsýn í ljóðin, það hefði auðgað dagskrána umtalsvert.

Að öðru leyti voru tónleikarnir ágætir. Sömu fjögur ljóðin voru flutt þrisvar í meðhöndlun tónskáldanna sem áður voru nefnd. Forvitnilegt var að heyra hve tónsmíðarnar voru ólíkar þó ljóðin væru þau sömu. Að mati undirritaðs voru lög Hugo Wolfs tilkomumest, m.a. vegna þess hve frjálslegt tónmálið var. Wolf var enda yngsta tónskáldið, hann var uppi á seinni hluta 19. aldarinnar. Tónsköpun er í stöðugri þróun og Wolf hafði í fórum sínum tæki og tól sem hinir höfðu ekki. Tónlist hans var svo heillandi tvíræð, það voru sífelldar tóntegundabreytingar sem sköpuðu óvissu og dulúð og það hentaði andrúmsloftinu í kringum Mignon sérlega vel.

Öll lögin á tónleikunum voru fallega flutt. Hanna Dóra söng af öryggi, röddin var kraftmikil og þétt. Píanóleikur Gerrits var líka markviss og skáldlegur. Schubert var áferðarfagur og Schumann var þrunginn ákefð og ofsa sem fór honum prýðilega. En það var í lögum Wolfs sem tónlistarfólkið fór virkilega á flug. Lögin voru stórbrotin og hrikaleg, svo full af ástríðum að það var einfaldlega frábært.

**Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Umgjörð tónleikanna hefði mátt vera vandaðri, en tónlistarflutningurinn var magnaður.




# Fleiri lygilegar frægðarsögur afa

BÆKUR

**Leyndardómur erfingjans**

★★★☆☆

**Höfundur:** Guðni Líndal Benediktsson
**Útgefandi:** Vaka-Helgafell
**Prentun:** Oddi
**300 bls.**
**Kápumynd:** Ivan Cappelli

Guðni Líndal Benediktsson fékk Íslensku barnabókaverðlaunin í fyrra fyrir bók sína Leitin að Blóðey, sem fjallaði um lygileg ævintýri afa gamla sem hefur aldeilis komist í hann krappan. Nú hefur höfundur sent frá sér sjálfstætt framhald sögunnar sem ber heitið Leyndardómur erfingjans.

Líkt og fyrri bókin gerist sagan á tveimur plönum; Kristján litli bíður á læknabiðstofu eftir að honum fæðist lítið systkini. Hann er dálítið áhyggjufullur, því það er asi á spítalanum og afi reynir að róa hann með því að segja honum ýktar frægðarsögur af sjálfum sér.

Sögurnar hans afa eru bæði bráðfyndnar og stútfullar af fróðleiksmolum. Hlutir eins og fjörulallar, gegnumtrekkur, Fontur, kjöldráttur og fleira er útskýrt fyrir lesendum sem hugsanlega þekkja ekki orðin eða hugmyndirnar.

Við lestur bókarinnar fór framsetningin að minna æ meira á kvikmyndahandrit, en það er ekki að undra því höfundur hefur talsverða reynslu á því sviði líka. Hugsanlega færi betur á því að setja söguna fram í því formi, þótt auðvitað mætti segja að hér væri komin ágætisbíómynd í bókarformi. Plönin tvö, læknastofan og ævintýri afa, eru afar ólík. Takturinn er hraður í ýkjusögunum sem eru uppfullar af húmor en kvíðinn liggur eins og mara yfir læknastofunni og biðin er ólýsanlega löng. Kaflarnir byrja flestir á stuttri senu á sjúkrahúsinu sem brotnar eru upp með sögum afa. Hægt er að nefna þó nokkrar bíómyndir sem virka nákvæmlega eins, flótti frá veruleikanum á spítalanum með sögum; að þessari ólastaðri.

Þótt persónusköpun sé ekki sérstaklega frumleg er hún hressandi og skemmtileg. Afi er ýkjukall, Kristján litli er einlægur og forvitinn, hin fjarverandi amma er kjarnakvendi og svo eru ótal aukapersónur sem flestar eru kómískar og fá lesandann til að brosa út í annað.

**Halla Þórlaug Óskarsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Eldhresst framhald af ævintýrum afa, stútfullt af húmor og fróðleik.




# Superman, Debussy, Bítlarnir og Chabrier hljóma í hádeginu

Lúðrar munu hljóma í Salnum í Kópavogi í dag þegar brasskvintettinn Hexagon mætir með krafti í hádeginu til að lífga upp á skammdegið og gefa fólki kraft inn í áframhaldandi vinnuviku.

Kvintettinn er skipaður þeim Einari Jónssyni á básúnu, Emil Steindóri Friðfinnssyni á horn, Jóhanni Ingva Stefánssyni á trompet, Carl Roine Hultgren á túbu og Vilhjálmi Inga Sigurðarsyni á trompet.

Þeir munu gera lögum á borð við Stúlkan með hörgula hárið eftir Debussy, With a Little Help from My Friends eftir Lennon og McCartney, þema úr Superman eftir John Williams og España eftir Emmanuel Chabrier góð skil, auk verka eftir John Cheetham, Ludwig Maurer og Giovanni Gabrieli.

Tónleikarnir tilheyra röðinni Líttu inn í hádeginu og hefjast klukkan 12.15. – **gun**


**Hexagon lífgar upp á hádegið í Salnum í dag.** MYND/ÚR EINKASAFNI



LAUGARÁSBÍÓ
midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
Coca-Cola







| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| SPECTRE | 5, 7, 10:30 |
| HANASLAGUR | 4:50 |
| JEM AND THE HOLOGRAMS | 5 |
| EVEREST | 8 |
| SICARIO | 8, 10:30 |

SAMBÍÓIN
NÁÐU Í SAMBÍÓ APPIÐ
ÞAÐ MARGBORGAR SIG



















| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| STEVE JOBS | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| STEVE JOBS VIP | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| SCOUTS GUIDE | KL. 8 - 10:10 |
| THE LAST WITCH HUNTER | KL. 5:30 - 8 - 10:20 |
| PAN ÍSLTAL 2D | KL. 5:30 |
| PAN ÍSLTAL 3D | KL. 5:30 |
| PAN ENSKT TAL 2D | KL. 8 |
| LEGEND | KL. 10:40 |
| EVEREST 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:40 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | |
|---|---|
| STEVE JOBS | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| SCOUTS GUIDE | KL. 8 |
| THE LAST WITCH HUNTER | KL. 10:10 |
| PAN ÍSLTAL 3D | KL. 5:30 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
|---|---|
| SPECTRE | KL. 5 - 8 - 10 |
| SCOUTS GUIDE | KL. 5:50 - 8 - 10:30 |
| THE LAST WITCH HUNTER | KL. 8 - 10:20 |
| PAN ÍSLTAL 2D | KL. 5:30 |
| EVEREST 2D | KL. 5:30 - 8 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | |
|---|---|
| SPECTRE | KL. 5:20 - 8:30 |
| THE LAST WITCH HUNTER | KL. 10:30 |
| PAN ÍSLTAL 2D | KL. 5:30 |
| BLACK MASS | KL. 8 - 10:30 |
| THE INTERN | KL. 5:30 - 8 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | |
|---|---|
| STEVE JOBS | KL. 8 - 10:30 |
| SPECTRE | KL. 7 - 10:10 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ



















Sýningartímar á eMiði.is, miði.is og smarabio.is




Málþing Oratorsverður í Lögbergi, Háskóla Íslands, í dag kl. 12.00.


HAFNARFJÖRÐUR midi.is
BÆJARBÍÓ midi.is
Menningar & listafélag Hafnarfjarðar
Coca-Cola
Bæjarbíó - Strandgata 6, Hafnarfirði - Sími 860 0631
HLJÓÐX




Allsherjar Stuðmannahelgi helgi 19.-22. nóv. Hefst á fimmtudegi með tónleikum Stuðmanna og í framhaldi verður Stuðmannabíó alla helgina!



**Í takt við tímann**
Föstud. 20. nóv kl. 20:00
Sunnud. 22. nóv. kl. 18:00



**Með allt á hreinu**
Föstud. 20. nóv kl. 22:00
Sunnud. 22. nóv. kl. 15:00



**Hvítir mávar**
Föstud. 20. nóv kl. 24:00
Sunnud. 22. nóv kl. 20:00



**Stuðmenn í Albert Hall**
Sunnud. 22. nóv kl. 22:00



**Ástin er diskó - lífið er pönk**
eftir Hallgrím Helgason.
Laugard. 21. nóv. kl. 20:00



**Lína langsokkur á ferð og flugi**
3 BÍÓ 500 kr
Laugard. 21. nóv. kl. 15:00




BÍÓ ★ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

Macbeth IS SUB .................. 17:45
Stúlkurnar á Kleppj. ........ 18:00
Sparrows / Þrestir ENG SUB ..... 18:00
Glænýja Testamentið IS SUB 20:00
Valley of Love IS SUB ........ 20:00
Virgin Mountain ENG SUB .... 20:00
Pawn Sacrifice IS SUB ......... 22:00
Rams / Hrútar ENG SUB ........ 22:00
Love 3d ........................ 22:15





# Hvað? Hvenær? Hvar?
## Miðvikudagur

### 18. NÓVEMBER 2015

### Tónlist

**Hvað?** Nazanin
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Tjarnarbíó
Nazanin er nýtt sviðslistaverk í leikstjórn Mörtu Nordal um írönsku flóttakonuna Nazanin Askari. Höfundur og leikstjóri: Marta Nordal. Flytjandi: Nazanin Askari. Vídeólist: Helena Stefánsdóttir. Aðstoðarkona: Hanna Steinmair.

**Hvað?** Leifur Gunnarsson og hljómsveit flytja djass
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Harpa
Leifur Gunnarsson gaf á dögunum út sína fyrstu plötu, Húsið sefur. Á tónleikunum fagnar hann útgáfu samnefndrar bókar sem inniheldur tónlist og útsetningar allra verka plötunnar. Tónlistin hefur orðið til á nokkurra ára tímabili og er öll skrifuð við ljóð íslenskra ljóðskálda sem mörg hver hafa kraftmiklar sögur að segja og er tónlistin sem mætti lýsa sem lýrískum og melankólískum þjóðlagadjassi, drifin áfram af öflugu myndmálinu.

**Hvað?** Líttu inn í hádeginu – Skært lúðrar hljóma
**Hvenær?** 12.15
**Hvar?** Salurinn í Kópavogi
Það er brasskvintettinn Hexagon sem mætir með krafti í nóvemberhádegi til að lífga upp á skammdegið og gefa kraft inn í áframhaldið vinnuviku. Hexagon er skipaður þeim Einari Jónssyni á básúnu, Emil Steindóri Friðfinnssyni á horn, Jóhanni Ingva Stefánssyni á trompet, Carl Roine Hultgren á túbu og Vilhjálmi Inga Sigurðarsyni á trompet.

**Hvað?** Gyða Valtýsdóttir & Josephine Foster
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi
Josephine Foster og Gyða Valtýsdóttir leika með hjartanu í Mengi í kvöld.

### Uppákomur og upplestur

**Hvað?** Kvöldstund með Vilborgu Davíðsdóttur
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Hannesarholti
Rithöfundurinn og þjóðfræðingurinn Vilborg Davíðsdóttir segir gestum Hannesarholts í máli og myndum frá sjálfri sér, skrifum sínum um Auði djúpúðgu og einnig nýjustu bók sinni sem kom út í vor og ber titilinn Ástin, drekinn og dauðinn.

**Hvað?** Bókakonfekt Forlagsins
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Café Rosenberg
Verið velkomin á Café Rosenberg næstu fjóra miðvikudaga þar sem árlegt Bókakonfekt Forlagsins fer fram! Upplestrarkvöldin eru fyrir löngu orðin fastur liður í vetrardagskrá bókaáhugafólks og þar myndast notalegt og hátíðlegt andrúmsloft. Bækur höfunda eru seldar á staðnum, og eins og áður hafa höfundar verið liðlegir í að árita ef þess er óskað.

**Hvað?** Stóri skjálfti og Heimska á Kaffislipp
**Hvenær?** 16.00



Spurningakeppni á Húrra í kvöld um hina vinsælu þætti It's Always Sunny in Philadelphia.

**Hvar?** Slippbarinn
Auður Jónsdóttir og Eiríkur Örn Norðdahl lesa upp bæði á íslensku og ensku úr bókum sínum, Stóra skjálfta og Heimsku, og ræða við gesti. Dagskráin er á vegum Bókmenntaborgarinnar.

**Hvað?** It's Always Sunny in Philadelphia quiz
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Húrra
Haldin verður spurningakeppni um hina vinsælu þætti It's Always Sunny in Philadelphia.

**Hvað?** Herrafatasýning Herrafataverzlunar Kormáks og Skjaldar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Þjóðleikhúskjallarinn
Herrafatasýningin er ekki hefðbundin tískusýning heldur koma saman glaumgosar og önnur glæsimenni og sýna það helsta sem verslunin hefur upp á að bjóða. Til skemmtunar verður boðið upp á tónlistaratriði og uppistand að vanda ásamt óvæntum uppákomum.

### Fyrirlestrar og fundir

**Hvað?** Samráðsfundur með íbúum á Kársnesi
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Kársnesskóli
Samráðsfundur með íbúum og öðrum hagsmunaaðilum á Kársnesi vegna vinnu við hverfisáætlun Kársness. Fundurinn er haldinn í Kársnesskóla við Vallargerði, gengið inn austanmegin. Með hverfisáætlun gefst íbúum frekari kostur á að taka þátt í að móta sitt nánasta umhverfi.

**Hvað?** Fræðakvöld um Guðmundar- og Geirfinnsmálið
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Háskólinn í Reykjavík

# Kim og Kanye ekki enn búin að finna nafn

Stjörnuparið Kim Kardashian og Kanye West hafa ekki enn fundið nafn á son sinn, en Kim er komin átta mánuði á leið. „Þetta er algjör bilun, við erum ekki búin að finna nein nöfn,“ segir Kim í samtali við E! fréttastofuna. Fyrir eiga þau dótturina North West. „Við erum nýbyrjuð að ræða þetta. En ég er að sjálfsögðu nokkuð viss um að munum finna gott nafn.“

Í frétt E! kemur fram að í sumar hafi sá orðrómur verið á kreiki að parið hafi íhugað að nefna son sinn Easton. Kim var einnig spurð hvort nafnið South West hafi komið til greina. „Mér líst ekki á það,“ sagði hún í sumar og bætti við: „Þú veist … Norður (North) mun alltaf vera … þú veist, betri átt. Þannig að við munum ekki skíra hann það, við förum í aðra átt. Allir eru að tala um South. Mér finnst það bara vera heimskulegt.“

Hin 35 ára gamla Kim segist líka hafa áhyggjur af heilsunni, alveg eins og nafninu. Hún segist upplifa það sem svo að allt komi upp á, á meðgöngunni, sem getur komið upp á. „Á þessari meðgöngu er ég

**Í FRÉTT E! KEMUR FRAM AÐ Í SUMAR HAFI SÁ ORÐRÓMUR VERIÐ Á KREIKI AÐ PARIÐ HAFI ÍHUGAÐ AÐ NEFNA SON SINN EASTON.**

aðeins kvíðnari. Ég veit meira hvað ég er að ganga í gegnum og hvað er handan við hornið. Ég veit að ýmislegt er óumflýjanlegt. Ég veit að þetta getur orðið áhættusöm fæðing og það veldur mér auðvitað áhyggjum,“ segir hún.“ – kak



Hér er fjölskyldan. Kim og Kanye með North West. Nú bætist drengur við í næsta mánuði.

Huginn, félag meistaranema í klínískri sálfræði í Háskólanum í Reykjavík, efnir til fræðakvölds. Þar mun Jón Friðrik Sigurðsson prófessor fjalla um rannsókn og niðurstöður vinnuhóps innanríkisráðuneytisins um Guðmundar- og Geirfinnsmálið og sérstaklega um hagnýtingu sálfræðilegrar þekkingar við mat á áreiðanleika framburðar dómfelldu í málunum.

**Hvað?** Karlfemínistar í feðraveldi
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Menningarhús, Gerðubergi
Gunnar Hersveinn hefur umsjón með dagskránni og leiðir gesti í lifandi umræðu um málefnin. Hann hefur m.a. skrifað bækurnar Gæfuspor , Orðspor og Þjóðgildin um gildin í lífinu og samfélaginu. Hjálmar Sigmarsson, ráðgjafi hjá Stígamótum, er með meistaragráðu í mannfræði og kynjafræði. Hann hefur beitt sér í baráttunni gegn kynferðisofbeldi og starfað hjá Jafnréttisstofu og UNIFEM í Bosníu og Hersegóvínu. Öll velkomin, konur og karlar.

**Hvað?** Hvert fara peningarnir þínir? Fundur SA
**Hvenær** 15.00
**Hvar?** Harpa
Á Alþingi er nú rætt um hvernig nærri 700 milljörðum verður varið á næsta ári. Af því tilefni efna Samtök atvinnulífsins til opins umræðufundar um fjármál ríkisins með stjórnmálaflokkunum á Alþingi.

**Hvað?** Málþing Orators: Þarf breytt lagaumhverfi í kynferðisbrotamálum?
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Lögberg, Háskóla Íslands
Frummælendur fundarins: Ragnheiður Bragadóttir, prófessor við lagadeild HÍ, Páley Borgþórsdóttir, lögreglustjóri í Vestmannaeyjum, Björg Valgeirsdóttir, hdl. og eigandi DIKA lögmanna. Að framsögum loknum verður opnað fyrir spurningar úr sal, en einnig ef tími gefst til verður opið fyrir spurningar af Twitter undir myllumerkinu #orator15. Fundarstjóri verður Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, funda- og menningarmálastjóri Orators.

**Hvað?** Fundur um stöðu Rússlands og Vesturlanda, Nýtt kalt stríð?
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Norræna húsið
Átökin í Úkraínu og hernaðaríhlutun Rússa í Sýrlandi hafa skapað mikla spennu í samskiptum milli Rússlands og Vesturlanda. Í þessum fyrirlestri mun Andrew Cottey fjalla um þessa breyttu heimsmynd og færa rök fyrir því að samskiptin mótist í raun af tveimur grundvallarþáttum.



Kvöldstund með Vilborgu Davíðsdóttur í Hannesarholti í kvöld kl. 18.00



# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur




**2 | 19:50**
**HEIMSÓKN**
Fyrsti þátturinn í glænýrri þáttaröð af hinum stórskemmtilegu þáttum Sindra Sindrasonar þar sem hann heimsækir smekklegt og hugmyndaríkt fólk á fallegt heimili þeirra. Í þessum þætti kíkir Sindri í heimsókn til Simba hárgreiðslumeistara á fallegt heimili hans.

FRÁBÆR
MIÐVIKUDAGUR
Fáðu þér áskrift á 365.is
365

**2 | 20:15**
**COVERT AFFAIR**
Skemmtileg þáttaröð um CIA fulltrúana Annie og Auggie og flókið samband þeirra innan og utan vinnunar.



**2 | 21:00**
**GREY'S ANATOMY**
Frábær þáttaröð um ungu og efnilegu læknana á Grey Sloan spítalanum en einkalíf þeirra er ekki alltaf í samræmi við hæfileika þeirra í starfi.



**2 | 21:45**
**BLINDSPOT**
Ung kona finnst á Times Square, algjörlega minnislaus og líkami hennar þakinn húðflúri. Alríkislögreglan rannsakar málið.



**b | 22:00**
**JESSE STONE: BENEFIT OF THE DOUBT**
Spennandi sakamálamynd með Tom Selleck í hlutverki harðskeytta löggæslumannsins Jesse Stone.



**3 | 20:20**
**MAYDAY: DISASTERS**
Vandaðir heimildaþættir sem fjalla um flugslys, flugrán, sprengjuhótanir um borð í vélum og aðrar hættur sem hafa komið upp í háloftunum.



**Krakka Stöðin | 19:00**
**GNÓMEÓ OG JÚLÍA**
Skemmtileg teiknimynd um garðálfinn Gnómeó sem verður yfir sig hrifinn af garðálfastúlkunni Júlíu.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag. 365.is

## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**07.40** Big Time Rush
**08.05** The Middle
**08.25** The Crazy Ones
**08.50** Friends With Better Lives
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.20** Spurningabomban
**11.50** Grey's Anatomy
**12.35** Nágrannar
**13.00** Nashville
**13.40** Nashville
**14.25** White Collar
**15.10** Project Greenlight
**15.50** Bara grín
**16.15** Big Time Rush
**16.40** Sullivan & Son
**17.00** Raising Hope
**17.20** Bold and the Beautiful
**17.40** Nágrannar
**18.05** Simpson-fjölskyldan
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.55** Ísland í dag
**19.20** Víkingalottó
**19.25** Mindy Project
**19.50** Heimsókn Sindri Sindrason heimsækir sannkallaða fagurkera sem opna heimili sín fyrir áhorfendum.
**20.15** Covert Affairs Fimmta þáttaröðin um CIA fulltrúana Annie og Auggie og samband þeirra bæði innan og utan vinnunnar.
**21.00** Grey's Anatomy
**21.45** Blindspot Hörkuspennandi þættir um unga konu sem finnst á Times Square en hún er algjörlega minnislaus og líkami hennar er þakinn húðflúri.
**22.30** Bones 10
**23.15** Real Time with Bill Maher
**00.15** NCIS
**01.00** The Blacklist
**01.45** The Player
**02.30** Stalker
**03.15** Batman Forever
**05.15** Fréttir og Ísland í dag

## SPORT

**07.00** Slóvenía - Úkraína
**08.40** Danmörk - Svíþjóð
**12.30** Kiel - PSG
**13.50** Markaþáttur Meistaradeildar Evrópu í handbolta
**14.20** Írland - Bosnía
**16.00** Slóvenía - Úkraína
**17.40** Neckar Löwen - Montpellier
**19.10** Danmörk - Svíþjóð
**20.50** Euro 2016 - Markaþáttur
**21.45** Neckar Löwen - Montpellier
**23.05** Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur.
**23.30** UFC Unleashed
**00.15** UFC Now

## SPORT 2

**12.30** Messan
**13.45** Arsenal - Chelsea
**15.30** Premier League World
**16.00** West Ham - Everton
**17.40** PL Classic Matches. Manchester Utd - Chelsea, 2000
**18.10** Gianfranco Zola
**18.40** Man. Utd. - Man. City
**20.30** Litháen - England
**22.10** Euro 2016 - Markaþáttur
**23.05** Everton - Liverpool

## GOLFSTÖÐIN

**11.25** OHL Classic
**14.25** Golfing World
**15.15** The Open Official Film
**16.10** OHL Classic
**18.40** Golfing World
**19.30** BMW Masters

## STÖÐ 3

**18.40** Top 20 Funniest
**19.30** Ground Floor
**19.55** Schitt's Creek
**20.20** Mayday. Disasters
**21.10** Last Ship
**21.55** The Last Man on Earth
**22.20** Flash
**23.05** Gotham
**23.50** Arrow
**00.35** Ground Floor
**01.00** Schitt's Creek
**02.15** Last Ship
**03.00** The Last Man on Earth
**03.25** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Áfram Diego, áfram!
**07.24** Svampur Sveins
**07.49** UKI
**07.54** Rasmus Klumpur og félagar
**08.00** Ævintýri Tinna
**08.23** Brunabílarnir
**08.47** Latibær
**09.00** Ljóti andarunginn og ég
**09.25** Lukku-Láki
**09.47** Ævintýraferðin
**10.00** Dóra könnuður
**10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**10.45** Doddi litli og Eyrnastór
**10.55** Leyndarmál vísindanna
**11.00** Áfram Diego, áfram!
**11.24** Svampur Sveins
**11.49** UKI
**11.54** Rasmus Klumpur og félagar
**12.00** Ævintýri Tinna
**12.23** Brunabílarnir
**12.47** Latibær
**13.00** Ljóti andarunginn og ég
**13.22** Lukku-Láki
**13.44** Ævintýraferðin
**14.00** Dóra könnuður
**14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**14.45** Doddi litli og Eyrnastór
**14.55** Leyndarmál vísindanna
**15.00** Áfram Diego, áfram!
**15.24** Svampur Sveins
**15.49** UKI
**15.54** Rasmus Klumpur og félagar
**16.00** Ævintýri Tinna
**16.23** Brunabílarnir
**16.47** Latibær
**17.00** Ljóti andarunginn og ég
**17.22** Lukku-Láki
**17.44** Ævintýraferðin
**18.00** Dóra könnuðu
**18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**18.55** Tommi og Jenni
**19.00** Gnómeó og Júlía



UKI, kl. 07.49, 11.49 og 15.49

## GULLSTÖÐIN

**18.10** The Big Bang Theory
**18.35** Friends
**19.00** Modern Family
**19.25** New Girl
**19.50** Frikki Dór og félagar
**20.15** Tekinn 2
**20.45** Chuck
**21.30** Klovn
**22.00** Cold Case
**22.45** Cold Feet
**23.35** The Sopranos
**00.25** Broadchurch
**01.15** Frikki Dór og félagar
**01.40** Tekinn 2
**02.05** Chuck
**02.50** Klovn
**03.15** Cold Case
**04.05** Cold Feet
**04.55** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

**10.50** Forrest Gump
**13.10** Cinderella Story: Once Upon a Song
**14.40** Admission
**16.30** Forrest Gump Sexföld Óskarsverðlaunamynd um hinn einfalda en einlæga Forrest Gump sem á hetjulegan hátt ferðast um 40 ára sögu eftirstríðsáranna í Bandaríkjunum og einhvern veginn tekst alltaf að vera þar sem sögulegir atburðir eiga sér stað. Með aðalhlutverk fara Tom Hanks, Robin Wright, Gary Sinise og Sally Field.
**18.50** Cinderella Story: Once Upon a Song
**20.20** Admission
**22.00** Jesse Stone: Benefit of the Doubt Spennandi sakamálamynd með Tom Selleck í hlutverki harðskeytta löggæslumannsins Jesse Stone sem neyðist til að koma aftur til starfa eftir að hafa farið á eftirlaun og þarf að leysa erfitt sakamál nánast á eigin spýtur.
**23.30** The Hangover 3
**01.10** Zero Dark Thirty
**03.45** Jesse Stone: Benefit of the Doubt

## RÚV

**17.15** Landinn
**17.45** Táknmálsfréttir
**17.55** Disneystundin
**17.56** Finnbogi og Felix
**18.18** Sígildar teiknimyndir
**18.25** Herkúles
**18.50** Krakkafréttir
**18.54** Víkingalottó
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**20.10** Hæpið
**20.40** Kiljan
**21.30** Dagbók læknis
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Hvað er svo slæmt við vændi?
**23.20** Flóttafólkið
**00.10** Kastljós
**00.40** Fréttir
**00.55** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.23** Dr. Phil
**09.07** Design Star
**09.50** Million Dollar Listing
**10.33** Pepsi MAX tónlist
**13.20** Cheers
**13.44** Dr. Phil
**14.25** Black-ish
**14.48** Jane the Virgin
**15.32** America's Next Top Model
**16.14** Solsidan
**16.37** Life in Pieces
**16.58** Grandfathered
**17.22** The Grinder
**17.44** Dr. Phil
**18.30** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**19.10** The Late Late Show
**19.50** Odd Mom Out
**20.15** Survivor
**21.00** Code Black
**21.45** Quantico
**22.30** The Tonight Show
**23.10** The Late Late Show
**23.50** Agent Carter
**00.35** Scandal
**01.20** How to Get Away
**02.05** Code Black
**02.50** Quantico
**03.35** The Tonight Show
**04.15** The Late Late Show
**04.55** Pepsi MAX tónlist

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# FRÉTTABLAÐIÐ

# 61,1%

**íbúa á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 12–80 ára lesa Fréttablaðið daglega.***

Sá fjöldi myndi fara langt með að fylla sæti Laugardalsvallar tíu sinnum.






Skv. prentmiðlakönnun Gallup, júlí–sept. 2015.




Allt sem þú þarft ...



Þær María Einarsdóttir, Una Torfadóttir og Erna Sóley Ásgrímsdóttir voru að vonum ánægðar með úrslitin. Stelpurnar segja neikvæðar athugasemdir einungis virka sem olíu á eldinn, og undirstrika þannig enn frekar þörfina á umræðunni sem greinilega sló í gegn á sviði Borgarleikhússins. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Feðraveldið látið heyra það af krafti

Byggðu atriðið á eigin reynslu sem og mæðra sinna. „Og það er einfaldlega of mikið til, sem við getum talað um sem hvatningu og því miður þurfum við að nota reiðina,“ segir **Una Torfadóttir,** ein þeirra sextán sem áttu sviðið.

Þetta er ekki það fyrsta feminíska sem ég tek mér fyrir hendur og ekki það síðasta,“ segir Una Torfadóttir, aðalhöfundur ljóðsins Elsku stelpur, sem leiddi Hagaskóla til sigurs í árlegri hæfileikakeppni grunnskólanna, Skrekk, á mánudagskvöldið. Hefur atriðið vakið gríðarlega athygli en þar bjóða sextán stelpur feðraveldinu birginn með áhrifamikilli sviðsframkomu, samblandi af dansi og ljóðaslammi. Líkt og áður segir samdi Una ljóðið kraftmikla, en naut liðsinnis þeirra Ernu Sóleyjar Ásgrímsdóttur og Maríu Einarsdóttur við skrifin og svo slömmuðu þær allar til jafns í atriðinu sjálfu.



Það var svo sannarlega vel fagnað þegar úrslitin voru tilkynnt. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Brot úr ljóðinu Elsku stelpur

Hættu þessu, þú veist betur
„þú hefur ekkert alltaf rétt fyrir þér“
Vertu kurteis, ekki vera vandró
ekki koma mér í óþægilega stöðu,
ekki fokking blóta!

Vertu skynsöm vertu dugleg,
tíndu upp draslið sem aðrir skilja eftir,
týndu þér.
Gleymdu hvaða máli þú skiptir,
láttu þig hverfa.

Vertu sæt, vertu sexý,
ekki fara samt yfir strikið.
Þú veist hvað gerist
ef þú sýnir aðeins of mikið.

og í guðana bænum ekki senda honum
‘myndir’
Því þú, þín brjóst, þinn líkami og allt
sem þú ert
er skítugt og ljótt og bannað
og ekki til að deila með öðrum
og þú mátt ekki eiga það sjálf

„Við áttum ekki von á að vinna, sér í lagi í byrjun. Okkur óraði ekki fyrir þeim stuðningi sem við höfum fengið úr bókstaflega öllum áttum,“ segir Una, og bætir við að í blálokin hafi þær verið farnar að hafa gríðarlega trú á atriðinu og það hafi sennilega skilað sér líka til áhorfenda. Aðspurð um tilurð þessa atriðis svarar Una því til að sjálf sé hún alin upp á feminísku heimili og hafi því alltaf haft brennandi áhuga á þessari baráttu. „Mamma er mikill feministi og ég er alin upp við það. Mér finnst mikilvægt að koma þessum skilaboðum rétta leið, því ég veit að það sem við tölum um í ljóðunum, er raunveruleiki flestra ef ekki allra. Allar stelpur þekkja þá allavega einhvern sem hefur lent í einhverju svona,“ útskýrir hún og bendir á hvernig uppbygging ljóðsins sé með þeim hætti að fyrst er talað með hæðni um það sem í raun hefur verið sagt við þær sjálfar og svo hafi stemningin stigmagnast þar til stórbrotin afhjúpun eigi sér stað.

Una segir samheldnina innan hópsins öllu skipta og hver einasta stelpa í hópnum hafi haft sitt að segja um inntak ljóðsins. „Þegar við völdum í danshópinn, skipti þörfin fyrir að setja eigið mark á verkið ekki síður máli en danshæfileikarnir. Við vildum hafa hópinn þannig að skilaboðin kæmu úr innsta kjarna allra.“

Una segir þær hafa sótt innblástur í eigin upplifanir og iðulega setið saman í hring og farið yfir hvað það væri sem reitti þær til reiði. „Við förum yfir okkar eigin reynslu af óréttlæti, ýmislegt sem mæður okkar hafa lent í og þess háttar. Og það er einfaldlega of mikið til, sem við getum talað um sem hvatningu og því miður þurfum við að nota reiðina,“ bendir hún á og heldur áfram: „Og á meðan á þessu ferli stóð, var það að vera kallaðar kvenrembur í raun ekki annað en olía á eldinn og okkur mikilvægt eldsneyti.“

Una segir þó að vitundarvakning sé að eiga sér stað meðal grunnskólanema, og hún sé ekki frá því að feminismi sé að komast í tísku. „Við sjáum þetta hjá íslenskum röppurum til dæmis, margir hverjir eru yfirlýstir feministar og allt hefur þetta áhrif,“ segir hún og bætir við: „Það var einmitt mjög gefandi að heyra frá nokkrum strákum í skólanum sem komu til okkar eftir að hafa séð atriðið okkar, og sögðust loks hafa skilið um hvað þessi barátta snerist, og það eru viðbrögð sem við metum mikils.“

gudrun@frettabladid.is

# 30% AFSLÁTTUR

af öllum jólaseríum, jólaljósum og jólaskrauti
- ótrúlegt úrval, gæði og gott verð.



**4.195.-**
Fullt verð 5.995.-

## Jólasveinn með poka
Hæð 36 cm, með 48 hvítum LED perum.
IP44 vottaður.



**4.895.-**
Fullt verð 6.995.-

## Hreindýr
Hæð 38 cm, eð 40 hvítum LED perum.
IP44 vottað.



**5.595.-**
Fullt verð 7.995.-

## Mörgæsafjölskylda
Hæð 40 cm. Með 40 hvítum LED perum.
IP44 vottað.



**13.295.-**
Fullt verð 18.995.-

## Snjóskófla
Hæð 90 cm. Með 90 LED perum. IP44 vottuð



Ótrúlegt úrval af LED útiseríum í öllum stærðum og gerðum t.d.

**Novalight LED sería**
Með 40 hvítum LED perum. Lengd 6 m.

**1.395.-**
Fullt verð 1.995.-



**2.445.-**
Fullt verð 3.495.-

## LED Jólatré, 3 stk. í pakka
70 cm á hæð, með 24 LED perum hvert.
IP44 vottuð.



**4.895.-**
Fullt verð 6.995.-

## LED kúpla tré
2 tré saman í mismunandi hæð. Stærra er 130 cm á hæð, með 64 hvítum LED perum. Minna er 100 cm á hæð, með 48 hvítum LED perum.
IP44 vottað.



**5.595.-**
Fullt verð 7.995.-

## LED Jólatré 180 cm
Með hvítri ljósaslöngu. IP44 vottað til notkunar utanhúss.

220 cm ............... Fullt verð 9.995.- **6.995.-**



**12.595.-**
Fullt verð 17.995.-

## LED Snjóberjatré
Snjóberjatré á málmfæti, með 300 hvítum LED perum. Hæð 2 metrar. IP44 vottað.

Auglýst verð gildir frá 18.- 22. nóvember 2015
Gildir á meðan birgðir endast.

**BAUHAUS®**

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - info@bauhaus.is - www.bauhaus.is



Aðdáendur Kaleo þurfa ekki að bíða lengur en fram á föstudag með að heyra lagið No Good því þá dettur dýrðin inn á bæði Spotify og iTunes. MYND/ALEXANDRA VALENTI

# Þegar Jagger hringir og biður um lag

**Kaleo á lag í nýrri þáttaröð sem Mick Jagger og Martin Scorsese framleiða. „Við fengum alls þrjá daga til að klára lagið og senda," segir Jökull Júlíusson, söngvari sveitarinnar.**

Guðrún Ansnes
gudrun@frettabladid.is

Þetta kom verulega á óvart, við vorum ekki einu sinni búnir með lagið," segir Jökull Júlíusson, söngvari hljómsveitarinnar Kaleo, sem nú á lag í spánnýjum þáttum HBO úr smiðju sjálfs rokkhundsins Micks Jagger og Martins Scorsese stjörnuleikstjóra, og mun Terence Winter sömuleiðis koma að skrifum. Lagið prýðir nú þegar auglýsingar þáttanna, sem heita Vinyl og eru væntanlegir til sýningar í febrúar á næsta ári.

„Ég fékk bara símtal í síðustu viku þar sem mér var sagt að Jagger og Scorsese vildu fá að máta lagið við nýja þáttaröð. Við höfðum þá alls þrjá daga til að klára það," segir Jökull og skellir upp úr, en líkt og áður segir var sveitin í miðju tónleikaferðalagi.

„Ég varð bara að hoppa inn í næsta hljóðver í Pittsburgh og taka upp sönginn, svo það var óhjákvæmilegt að beila á þrennum tónleikum, því miður, en ég vona að við getum heimsótt þessa staði sem fyrst aftur og bætt þetta upp," útskýrir hann, en menn biðja Jagger væntanlega seint að hinkra örlítið „Persónulega fannst mér þetta hálf óþægilegt, ég er ekki hrifinn af að gera svona á síðustu stundu. En vissulega er þetta magnað tækifæri."

**ÉG VARÐ BARA AÐ HOPPA INN Í NÆSTA HLJÓÐVER Í PITTSBURGH OG TAKA UPP SÖNGINN, SVO ÞAÐ VAR ÓHJÁKVÆMILEGT AÐ BEILA Á ÞRENNUM TÓNLEIKUM, ÞVÍ MIÐUR, EN ÉG VONA AÐ VIÐ GETUM HEIMSÓTT ÞESSA STAÐI SEM FYRST AFTUR OG BÆTT ÞETTA UPP.**

Spurður hvernig hafi komið til að óklárað lagið hafi ratað inn á borð til Jaggers, segist Jökull sannarlega hissa á því. „Atlantic Record, plötufyrirtækið okkar, hefur greinilega sýnt þeim það á einhverjum fundi, og þá bara svona hrátt mix," bendir hann á og segir það augljóslega hafa gengið vel, því þeir hafi orðið yfir sig hrifnir.

Skyldu þeir eiga von á að hitta Jagger og Scorsese? „Það verður bara að koma í ljós, en það yrði ofboðslega gaman. Við fórum einmitt á tónleika með Rolling Stones í júní, og ég get fullyrt að þeir eru ekkert orðnir lúnir," svara Jökull og hlær.

Strákarnir eru þó ekki óvanir því að stökkva inn og út úr hljóðverum sí og æ, því meðfram tónleikaferðalaginu hafa þeir verið að taka upp plötu sem væntanleg er í byrjun næsta árs. „Þetta er búið að ganga vel, en síðasta hálfa árið hefur farið rosalega mikið í ferðalög og við höfum komið fram í yfir fjörutíu fylkjum hérna í Bandaríkjunum," segir Jökull og bætir við að nú þegar hafi efni plötunnar verið tekið upp í tíu hljóðverum. „Við ætlum svo líklega flestir að kíkja heim í smá jólafrí í Mosfellssveitina yfir jólin, en höldum svo áfram af fullum krafti strax annan janúar," segir hann í lokin, sérdeilis sáttur með að komast aðeins í íslenska hálku.

## Vinyl

Þættirnir Vinyl hefja göngu sína á HBO þann 14. febrúar næstkomandi og stendur fyrsta serían saman af tíu þáttum.

Martin Scorsese skrifaði og leikstýrði fyrsta þætti seríunnar en hann er einn af framleiðendum þáttanna og meðal annarra framleiðenda er rokkarinn Mick Jagger.

Meðal þeirra sem fara með hlutverk í þáttunum eru Olivia Wilde, Ray Romano og Bobby Cannavale.

Þættirnir segja frá Richie Finestra sem leikinn er af Cannavale. Finestra er forseti plötuútgáfufyrirtækis og stendur í ströngu við að reyna að reisa rekstur fyrirtækisins við. Þættirnir gerast í New York í kringum árið 1970.

Scorsese kannast flestir við en hann hefur leikstýrt myndum á borð við Taxi Driver, Goodfellas, Casino, Gangs of New York og The Wolf of Wall Street..

Vinyl verður sýnd á Stöð 2 á sama tíma og þátturinn fer í loftið í Bandaríkjunum og einnig verður þátturinn sýndur daginn eftir.



Mick Jagger og Martin Scorsese.

DORMA
Láttu drauminn rætast
Hafðu það notalegt um jólin
Komdu í Dorma
MEIRA Á dorma.is



NATURE'S DIAMOND heilsurúm
Nature's Diamond heilsudýna með Classic botni og löppum nú á jólatilboði í Dorma.
Verðdæmi:
Stærð: 180x200 cm.
Fullt verð: 204.900 kr.
Aukahlutur á mynd: rúmgafl.
25% AFSLÁTTUR
Nature's Bedding
Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á botni.
Jólatilboð 180 x 200 cm
Aðeins 153.675 kr.

SHAPE DELUXE heilsurúm m/classic botni
Shape deluxe heilsurúm:
• Lagar sig fullkomlega að líkama þínum
• 26 cm þykk heilsudýna
• 2 cm latexlag bólstrað í áklæði
• 4 cm gel memoryfoam
• 4 cm shape memoryfoam
• Non-slip efni á botni dýnunnar
• Engir rykmaurar
• 5 ára ábyrgð!
• Ofnæmisprófuð
• Burstaðir stálfætur
SHAPE by Nature's Bedding

| Stærð cm. | Fullt verð | Jólatilboð |
|---|---|---|
| 100x200 | 129.900 | 103.920 |
| 120x200 | 164.900 | 131.920 |
| 140x200 | 184.900 | 147.920 |
| 160x200 | 209.900 | 167.920 |
| 180x200 | 234.900 | 187.920 |

20% AFSLÁTTUR
Jólatilboð 20% afsláttur

TVENNUTILBOÐ dúnsæng + koddi
QUILTS OF DENMARK
O&D dúnsæng – Stóri björn
- 50% dúnn og 50% smáfiður
Fullt verð: 19.900 kr.
+ Dúnkoddi – Stóri björn
Fullt verð: 5.900 kr.
Fullt verð samtals: 25.800 kr.
JÓLA-TILBOÐ
Aðeins 19.900 kr.

Holtagörðum 512 6800
Dalsbraut 1, Akureyri 558 1100
Afgreiðslutími
Mán. til fös. frá kl. 10–18
Laugardaga frá kl. 11–16
www.dorma.is
DORMA Láttu drauminn rætast

GRÍN, HASAR OG RÓMANTÍK Á BÍÓSTÖÐINNI
BÍÓSTÖÐIN ER Í SKEMMTIPAKKANUM
Bíóstöðin er hluti af Skemmtipakkanum þar sem boðið er upp á kvikmyndir allan sólarhringinn.
365.is | Sími 1817
365

SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Svanur Valgeirsson svanur@365.is ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401: Gústaf Bjarnason gustaf@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@365.is, Sigfús Örn Einarsson sigfus@365.is, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir svansi@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is


Nóvemberdagar
-hagstæð innkaup til gjafa og heimilis
BRAUN Hársnyrtitæki
Verð: 29.900,-
Verð: 26.900,-
Verð: 7.900,-
AEG
Margar gerðir ryksuga í ýmsum litum.
20% afsláttur
SteamOne
SteamOne er sáraeinfalt í notkun og ekki tekur nema eina mínutu að gera tækið klárt fyrir afkastamikla gufusléttun á hvaða efni sem er, eða bara til að drepa rykmaurinn í rúminu.
15% afsláttur
Afsláttarverð: 33.900,-
AEG
Skaftryksugan frá AEG er snúrulaus og þægileg í notkun, hljóðlát og öflug.
20% afsláttur
bodum
Átta bolla pressukanna og hitakanna í senn.
Verð: 12.900,-
bodum
Gæða kaffivörur sem prýði er að, í góðu úrvali.
Allinox
Góðir og stórir stálpottar á fínu verði.
NIVONA
NI300 600 626
Endingargóð kaffivél til heimilisnota frá traustum framleiðanda.
Verð: 69.900,-
AEG
Þvottavél
LW87680
8 KG. - 1600 SN.
Verð áður kr. 169.900,-
Tilboð kr. 129.900,-
AEG
Uppþvottavél
FSILENCW2P
Hvít verð áður kr. 129.900,-
Tilboð kr. 99.500,-
Stál verð áður kr. 139.900,-
Tilboð kr. 109.900,-
brabantia
TouchBin
Þessar snjöllu ruslafötur eru sívinsælar og koma reglulega í nýjum litum.
SAMSUNG
ULTRA HD
Samsung SMART TV
The Future of Smart TV, Now
24/25 Bestu sjónvörpin
JU6415:
• 4K
• UHD
• SMART
• 1000 PQI
JU6675:
• 4K
• UHD
• SMART
• 1300 PQI
UE40"JU6415 kr.159.900.-
UE40"JU6675 kr.169.900.-
UE48"JU6415 kr.189.900.-
UE48"JU6675 kr. 199.900.-
UE55"JU6415 kr. 239.900.-
UE55"JU6675 kr. 279.900.-
Curved
ULTRA HD
24/25 Bestu sjónvörpin
SAMSUNG
Pioneer PIX-HM32V-K
Pioneer Hljómtækjasamstæða með Bluetooth
Verð: 52.500,-
Pioneer dv 2240
DVD spilari
Verð: 10.900,-
Wii U
Þessi leikjatölva hefur slegið rækilega í gegn og var kosin leikjatölva ársins 2015 af Forbes.
Verð: 69.900,-
Leikir frá kr. 4.990,-
Splatoon
Super Smashbros
Mario Party 10
NINTENDO 3DS
Þessar vinsælu leikjatölvur eru komnar í nýrri útgáfu, með betri stjórnun, stærri skjá og öflugri. Til í nokkrum litum.
Gott úrval leikja.
Verð: 39.900,-
XL
Verð: 46.900,-
ormsson.is
FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
Opið virka daga kl. 10-18 og á laugardögum kl. 11-15.
ORMSSON Greiðslukjör
Vaxtalaust í allt að 12 mánuði
ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751
KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500
SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559
ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000
ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515
ORMSSON VÍK -EGILSSTÖÐUM SÍMI 4712038
ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160
GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333
TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211
OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300
BLÓMSTURVELLIR HELLISSANDI SÍMI 436 6655

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** **Vísir**

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**Bakþankar**


Kolbeins Tuma Daðasonar




## Spark í rassinn

Undanfarnar vikur hef ég ekki haft undan að svara vinabeiðnum á Facebook. Ekki eru það bakþankarnir sem eru að slá svona í gegn enda beiðnirnar allar frá erlendum aðilum. Hvað veldur hugsa ég í smástund en slæ mig svo utanundir. Vegir guðs eru órannsakanlegir og ég er nú einu sinni heimsforeldri hjá UNICEF. Það hlýtur að vera uppskerutími.

Það vill nefnilega svo heppilega til að inn á milli vinabeiðnanna leynast þessar föngulegu dömur sem kunna þá list betur en flestir að koma fallegu andlitinu og brjóstaskorunni einkar fagmannlega fyrir á prófílmyndinni. Af hverju vilja þær vingast við mig? Maður hefur svo sem hitt alls konar fólk á ferðalögum úti í heimi og kannski hefur orðið borist. Í vesturbæ Reykjavíkur á Íslandi sé einhleypur maður á fertugsaldri öðrum fremri sem rétt væri að tékka á.

Fyrri hluti þessara bakþanka er náttúrulega algjör steypa en einhvern veginn svona hafa óprúttnir og líkast til erlendir aðilar fengið íslenska karlmenn til að spjalla við sig á Skype, sýna typpið eða eitthvað annað jafn vandræðalegt og kúgað fé út úr viðkomandi með hótun um dreifingu myndbandsupptöku. Svo algengt er þetta í það minnsta að lögreglan telur nauðsynlegt að vara menn við fallegum og brjóstgóðum erlendum konum sem vingast að fyrra bragði við íslenska karlmenn á Facebook.

Auðvitað er hluti af mér sem vorkennir þeim sem láta glepjast en það er líka hluti af mér sem finnst málagjöldin hreinlega makleg. Vaknaðu! Internetið var ekki fundið upp í gær. Ef þú ert kominn á þann stað að þú ert farinn að stofna til Skypesamtala við ókunnugt fólk, með buxurnar á hælunum og klósettpappír við höndina, þá áttu kannski bara skilið spark í rassinn.





**Ifa Buenaventura *****

Frá: **85.990 kr.**

Ferðatímabil: 2.-9. apríl '16. Miðað við 2 fullorðna og 2 börn (2-12 ára). Innifalið er flug með sköttum, gisting í 7 nætur með hálfu fæði og 20 kg taska báðar leiðir.

Verð á mann frá 97.610 kr. miðað við 2 fullorðna

**Ifa Catarina ******

Frá: **93.300 kr.**

Ferðatímabil: 2.-9. apríl '16. Miðað við 2 fullorðna og 2 börn (2-12 ára). Innifalið er flug með sköttum, gisting í 7 nætur með hálfu fæði og 20 kg taska báðar leiðir.

Verð á mann frá 107.350kr. miðað við 2 fullorðna

**Lopesan Baobab *******

Frá: **138.300 kr.**

Ferðatímabil: 16.-23. apríl '16. Miðað við 2 fullorðna og 1 barn (2-12 ára). Innifalið er flug með sköttum, gisting í 7 nætur með morgunverði og 20 kg taska báðar leiðir.

Verð á mann frá 155.800 kr. miðað við 2 fullorðna

**Costa Meloneras ******

Frá: **126.700 kr.**

Ferðatímabil: 9. -16. apríl '16. Miðað við 2 fullorðna og 1 barn (2-12 ára). Innifalið er flug með sköttum, gisting í 7 nætur með morgunverði og 20 kg taska báðar leiðir.

Verð á mann frá 141.900 kr. miðað við 2 fullorðna

**PÁSKAR** 14 NÆTUR

**Ifa Buenaventura *****

Frá: **130.500 kr.**

Ferðatímabil: 19.mars-2. apríl '16. Miðað við 2 fullorðna og 2 börn (2-12 ára). Innifalið er flug með sköttum, gisting í 14 nætur með hálfu fæði og 20 kg taska báðra leiðir.

Verð á mann frá 156.900 kr. miðað við 2 fullorðna

**PÁSKAR** 14 NÆTUR

**Ifa Catarina ******

Frá: **148.500 kr.**

Ferðatímabil: 19.mars-2. apríl '16. Miðað við 2 fullorðna og 2 börn (2-12 ára). Innifalið er flug með sköttum, gisting í 7 nætur með morgunverði og 20 kg taska báðar leiðir.

Verð á mann frá 181.100 kr. miðað við 2 fullorðna

SJÁÐU NÁNAR Á GAMAN.IS

Gaman Ferðir

www.gaman.is / gaman@gaman.is / Sími 560 2000

*Opið allan sólarhringinn*
*í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka*
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

SIEMENS BOSCH

Bæklingur fylgir með inni í blaðinu.



SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

BOSCH BÚÐIN
Hlíðasmára 3 · Sími 520 3090
www.bosch.is